


skoðun 16

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Föstudagur




**Fjölskylduhátíð í Ólafsdal**

*Ólafsdalshátíð er nú haldin í fjórða sinn. Markmiðið er að vekja athygli á staðnum og því hlutverki sem hann hafði að gegna á sínum tíma.*

allt 2




# FRÉTTABLAÐIÐ

Föstudagur
5. ágúst 2011
180. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

10 ÁRA 2001 - 2011
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl - júní 2011


# Vilja að fleiri árásargjarnar tegundir verði bannaðar

**Hundaræktarfélag Íslands hefur rætt um að láta banna hér hættulegar hundategundir. Framkvæmdastjóri segir hundahald hafa aukist gífurlega eftir hrun. Rottweiler beit stúlku illa í Innri-Njarðvík í fyrrakvöld.**

**DÝRAHALD** Hundaræktarfélag Íslands hefur rætt um að láta banna fleiri hættulegar hundategundir hér á landi. Tólf ára stúlka slasaðist illa á handlegg eftir árás rottweiler-hunds í Innri-Njarðvík í fyrrakvöld.

Samkvæmt hundasamþykkt Reykjavíkur frá árinu 2002 eru tegundirnar Pit Bull Terrier, Fila Brasileiro, Toso Inu, Dogo Argentino og blendingar af úlfum og hundum bannaðar til innflutnings hér á landi.

> Það er hægt að breyta þessum hundum í vopn í röngum höndum.
>
> VALGERÐUR JÚLÍUSDÓTTIR
> FRAMKVÆMDASTJÓRI HUNDARÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

Valgerður Júlíusdóttir, framkvæmdastjóri Hundaræktarfélagsins, segir nauðsynlegt að endurskoða þessa samþykkt. Hundahald hafi stóraukist eftir efnahagshrunið og því miður sé of algengt að óæskilegir eigendur sæki í að eignast tegundir með ríkt varnareðli sem þurfa afar agað uppeldi.

„Það er ótrúlegasta fólk að fá sér þessa hunda í dag," segir Valgerður og vísar í árásargjarnari tegundir eins og rottweiler og doberman. Í Danmörku eru þær tegundir víða bannaðar, ásamt 57 öðrum. „Við hörmum þegar fólk sýnir ekki ábyrgð þegar það fær sér svona dýr, en því miður þá sækja óæskilegir hundaeigendur oft í þessar tegundir."

Í fyrrakvöld beit rottweiler-hundur tólf ára stúlku í Innri-Njarðvík. Í mars beit rottweiler-tík konu í úlnliðinn í Hveragerði og þurfti hún að fá læknisaðstoð í kjölfarið.

„Það er hægt að breyta þessum hundum í vopn í röngum höndum," segir Valgerður. „Vissulega eru flestir eigendur ábyrgðarfullt fólk og ala hundana sína rétt, en svo eru það þessir örfáu sem skemma fyrir þeim."

- sv, jss / sjá síðu 4



**Minningin lifir**

*Hljómsveitin Moses Hightower heiðrar minningu leikarans sem lék Moses Hightower.*

fólk 34

**Dularfullt hreyfiafl**

*Þorvaldur Kristinsson segir erfitt að slíta sig frá starfi með Hinsegin dögum.*

föstudagsviðtalið 12



**Fimm stiga forskot**

*Stjarnan vann dramatískan 2-1 sigur á Val í toppslag Pepsi-deildar kvenna í gær.*

sport 30

**veðrið í dag**




**ÁKVEÐIN NA-ÁTT** á landinu í dag, hvassast við SA-ströndina. Skýjað að mestu og rigning S- og A-til. Hiti 10-20 stig, mildast V-lands.

VEÐUR 4



**NEYÐIN ER MIKIL** Betur má ef duga skal með hjálparstarf í Sómalíu þar sem hungursneyðin breiðist út. Um 3,2 milljónir Sómala þurfa nú á bráðahjálp að halda. Hér sést stór hópur fólks með matarmiða bíða eftir matarskammti sínum sem hjálparsamtökin Muslim Aid útbýttu í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Gítarhetjan Björgvin Gíslason:

## Endurútgáfa og ferilstónleikar

**TÓNLIST Gítarleikarinn snjalli Björgvin Gíslason endurútgefur þrjár sólóplötur sínar og heldur tvenna tónleika í tilefni af sextugsafmæli sínu hinn 4. september.**



BJÖRGVIN GÍSLASON

**„Ég hef aldrei haldið upp á afmælið mitt. Ég hef verið úti í Perú eða einhvers staðar. Mér fannst ágætt að gera þetta svona," segir Björgvin um tónleikana.**

**Með honum á sviðinu verða þeir Ásgeir Óskarsson, Haraldur Þorsteinsson, Stefán Már Magnússon, Jón Ólafsson og Björn Jörundur Friðbjörnsson sem syngur.**

**Þrjár sólóplötur Björgvins verða gefnar út á geisladiskum í tilefni af afmælinu. „Það var aldeilis kominn tími á að gefa þetta út. Ég hef ekki fengið spilun á þetta í útvarpi enda nennir enginn að setja rispaðan vínyl á fóninn."**

- fb / sjá síðu 34

Frekari flutningur á verkefnum frá ríkinu til sveitarfélaga er sögð í farvatninu:

# Hlutverk ríkisins endurhugsað

**STJÓRNSÝSLA** Velferðarráðherra og efnahags- og viðskiptaráðherra hafa báðir ámálgað það að endurskilgreina þurfi hlutverk ríkisins. Njörva þurfi niður hvaða verkefni eigi að vera á verksviði ríkisvaldsins og hvort eigi þá að færa önnur verkefni annað, til að mynda til sveitarfélaganna.

Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra segir að innan stjórnsýslunnar sé unnið að því að meta umfang þjónustunnar, hvaða stofnanir sé hægt að sameina og hvort raða þurfi málum upp á nýtt á einhverjum sviðum.

„Það þarf að hugsa ýmislegt upp á nýtt, það er óhjákvæmilegt. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að það þurfi að gerast með ákveðinni varfærni, þó að það taki tíma að ná hagkvæmninni," segir Guðbjartur.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra segir Íslendinga verða að horfast í augu við það hve þröngur fjárhagurinn sé. Ekki þýði að ljúga að sjálfum sér að menn séu ríkari en þeir í raun séu. Hann segir þó að þetta þýði ekki grundvallarbreytingar á þeirri þjónustu sem ríkið veiti.

„Þessi ríkisstjórn stendur fyrir norrænt velferðarsamfélag og öfluga þjónustu á velferðarsviði."

- kóp / sjá síðu 10





RISAÚTSALA
MEIRA EN 1000 VÖRUTEGUNDIR MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI
ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR
Sjá allt úrvalið á ht.is
Heimilistæki
www.ht.is
SUÐURLANDSBRAUT 26 - REYKJAVÍK - SÍMI 569 1500



## SPURNING DAGSINS



*Pétur, er það ekki stórt stökk að fara í klappstýrusportið?*

„Jú, það er heljarstökk, afturábak."

Pétur Sveinsson og Alexander Ström, vinur hans, standa fyrir klappstýrunámskeiði um helgina.

Elín Jónsdóttir stígur úr stóli forstjóra Bankasýslunnar eftir átján mánuði í starfinu:

# Hætt hjá Bankasýslu ríkisins

**STJÓRNSÝSLA** Elín Jónsdóttir, forstjóri Bankasýslu ríkisins, hefur sagt upp störfum og verður staða hennar auglýst til umsóknar í næstu viku. Hún hafði gegnt stöðu forstjóra allt frá því að stofnunin tók til starfa í upphafi árs 2010.

Bankasýslan fer með eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum, Til dæmis Arion banka, Íslandsbanka og Landsbanka auk fimm sparisjóða á landsbyggðinni.

Í tilkynningu frá bankasýslunni segir Elín að árin í starfi hafi verið viðburðarík og fram undan séu stór og aðkallandi verkefni. Hæst beri sölu á eignarhlut ríkissjóðs í fjármálafyrirtækjum að hluta til eða að öllu leyti.



ELÍN JÓNSDÓTTIR

„Ég hef ákveðið að skipta um starfsvettvang á næstunni og tel tímasetninguna rétta nú þannig að nýjum forstjóra verði gefið færi á að móta það ferli," segir Elín. Ekki náðist í hana við vinnslu fréttarinnar í gær.

Þorsteinn Þorsteinsson, stjórnarformaður Bankasýslunnar, sagðist harma brotthvarf Elínar úr starfi, en þakkaði samstarfið.

Í skýrslu Bankasýslunnar frá 13. júlí síðastliðnum kom fram nokkur gagnrýni á fjármögnun stofnunarinnar. Þar segir að til að sinna fyrirliggjandi verkefnum hefði stofnunin þurft að byggjast upp á síðasta ári, en fjárskortur hafi torveldað það. - þj

Hjúkrunarheimili á Skáni:

# Hænur gleðja heimilismenn

**SVÍÞJÓÐ Hænurnar Alice, Agda og Pyttan og hananrir Victor og Pål hafa síðustu vikur verið helsta umræðuefnið á hjúkrunarheimilinu Bokhöjden á Skáni í Svíþjóð.**

**Heimilismenn sýna dýrunum mikinn áhuga og ræða um athafnir þeirra sín á milli og við ættingja sína.**

**Bengt Winblad, prófessor við Karólínsku stofnunina í Stokkhólmi, bendir á að jákvæðar minningar úr bernsku rifjist upp þegar minnisskertir umgangist dýr.** - ibs



**FLUGFÉLAG** Flugmenn skrifuðu undir kjarasamning við Flugfélag Íslands í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Samið við Flugfélag Íslands:

# Öryggismálin sögð veigamest

**KJARAMÁL** Flugmenn hjá Flugfélagi Íslands skrifuðu undir kjarasamning við Flugfélag Íslands um tvöleytið í gær. Hafsteinn Pálsson, formaður Félags íslenskra atvinnuflugmanna, segir að veigamesti þátturinn í nýju samningunum lúti að starfsöryggismálum. Hann vill að öðru leyti ekki tjá sig um samninga. Atkvæði verða greidd um nýju samningana á næstu dögum.

Flugmenn hjá Icelandair hafa gert kjarasamning við sinn atvinnuveitanda og hefur hann jafnframt verið samþykktur í atkvæðagreiðslu. - jhh

Flóttamenn á lekum báti:

# Líkum látinna hent fyrir borð

**FLÓTTAMENN Ítalska strandlöggreglan bjargaði í gær þrjú hundruð líbískum flóttamönnum sem höfðu verið á reki á lekum báti í 36 klukkustundir. Voru þeir illa haldnir vegna vökvataps í hitanum.**

**Á meðal flóttamannanna var þunguð kona og var strax flogið með hana á spítala á ítölsku eyjunni Lampedusa. Haft er eftir ítölsku fréttaveitunni ANSA að flóttamennirnir hafi sagt að tugir manna hefðu látist á bátnum vegna hungurs og þorsta og líkum þeirra hent fyrir borð.** - jse

# Þorskurinn kominn í tísku hjá landanum

**Sala á þorski til neyslu innanlands er mun meiri það sem af er ári en allt árið 2008. Hann rýkur upp vinsældalistann hjá ungu fólki þótt ýsan sé enn vinsælli. Fiskneysla Íslendinga hefur þó dregist saman um fjórðung á nokkrum árum.**

**NEYTENDAMÁL** Neysla á þorski hefur stóraukist hjá landsmönnum frá bankahruni. Þetta sést á tölum sem Fiskistofa hefur tekið saman fyrir fisksala og stemmir við upplifun fisksala sem Fréttablaðið ræddi við. Eins gefa bráðabirgðatölur úr rannsókn, sem Matís er að gera um fiskneyslu Íslendinga, þetta sterklega til kynna.

Í ár hafa nú þegar verið seld 354 tonn af þorski til neyslu innanlands, samkvæmt tölum frá Fiskistofu, en það er mun meira en selt var til neyslu innanlands árið 2008.

Gunnþórunn Einarsdóttir, sérfræðingur hjá Matís, sem vinnur nú að rannsókn á fiskneyslu Íslendinga ásamt Emilíu Martinsdóttur kollega sínum, segir að þorskurinn rjúki upp vinsældalistann meðal ungs fólks.

Árið 2006 var þorskurinn fimmta vinsælasta sjávarfangið hjá íslenskum neytendum á aldrinum 18 til 27 ára. Í ár er svo komið að einungis ýsan er vinsælli en þorskurinn hjá þessum hópi. Gunnþórunn bendir þó á að þetta séu einungis bráðabirgðatölur.

Samkvæmt þeim var ýsan á boðstólum nánast einu sinni í viku árið 2006 og hefur lítil breyting orðið þar á. Árið 2006 var það hins vegar svo að þorskurinn var á boðstólum um það bil einu sinni í mánuði, hjá þessum hópi, en nú bragðar þessi hópur á þeim gula að minnsta kosti í annarri hverri viku. Hann hefur skotið bæði túnfiski, laxi og rækjum fyrir aftan sig á vinsældalistanum yfir sjávarfang hjá þessum aldurhópi.

Sveinn Kjartansson, einn eigenda Fylgifiska, segir að það hafi sala á þorski aukist um tuttugu prósent síðustu ár. „Skýringin gæti falist meðal annars í því að fólk er farið að líta á þorskinn sem vænlegan veislumat sem þó er ekki svo dýr miðað við annan mat í þeim flokki," segir Sveinn.

Slæmu tíðindin eru þó þau að neysla á sjávarfangi hefur minnkað um fjórðung á nokkrum árum. Árið 2008, sem var reyndar algjört metár, sporðrenndu landsmenn um 7,5 þúsund tonnum af sjávarfangi en í fyrra einungis 5,5 þúsund tonnum. Mestur er samdrátturinn í ýsuneyslu, sem reyndist 5,7 þúsund tonn árið 2008, sem er meira en neyslan á öllu sjávarfangi í fyrra. Í fyrra var ýsuneyslan ekki nema rúmlega þrjú þúsund tonn.

jse@frettabladid.is



**MATREIÐSLUMEISTARINN MEÐ ÞANN GULA** Sveinn Kjartansson, matreiðslumeistari og einn eigenda Fylgifiska, segir að fólk sé farið að líta á þorskinn sem sannkallaðan veislumat. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Sækja meira í þorskinn**

Neysla á þorski innanlands

| | |
|---|---|
| 2007 | 290 tonn |
| 2008 | 331 tonn |
| 2009 | 657 tonn |
| 2010 | 576 tonn |
| 2011 (til 25. júlí) | 354 tonn |

# Lést af slysförum við Hellu

Litla stúlkan sem lést af slysförum norðan við Hellu á miðvikudagskvöld hét Eva Lynn Fogg.



EVA LYNN FOGG

Stúlkan var flutt með þyrlu á Landspítalann í Fossvogi en var úrskurðuð látin þegar þangað kom.

Eva Lynn var til heimilis að Bústaðavegi 57 í Reykjavík og hefði orðið 6 ára 12. ágúst næstkomandi.

# Kona fannst látin undir stýri

Magnea Guðný Stefánsdóttir, kona á sjötugsaldri sem lögreglan á Suðurnesjum lýsti eftir í gærmorgun, fannst látin í bifreið sinni um hádegisbil í gær. Gangandi vegfarendur komu auga á bíl hennar í sjónum við Hrannargötu í Reykjanesbæ og létu lögreglu vita.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á Suðurnesjum er ekki vitað hvernig atburðarásin var en rannsókn stendur yfir. Magnea Guðný var ein í bílnum. Hún var til heimilis að Bragavöllum 4 í Reykjanesbæ og fór þaðan klukkan fimm á fimmtudagsmorgni.

## BJÖRGUN

### Maður og börn í sjálfheldu

Björgunarsveit af höfuðborgarsvæðinu fór á Úlfarsfell í gærdag þar sem maður og tvö börn voru í sjálfheldu í Hamrahlíð. Aðstæður voru nokkuð góðar en þó þannig að sá fullorðni treysti sér ekki til að fara einn niður með bæði börnin. Vel gekk að koma fólkinu niður á jafnsléttu.






Forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins sendi ríkisstjórnum bréf:

# Varar við útbreiðslu kreppu

**FJÁRMÁL** Forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, José Manuel Barroso, hefur varað við því að skuldavandi sé að breiðast út fyrir evrusvæðið. Forsetinn sendi ríkisstjórnum Evrópusambandsríkjanna bréf í gær þar sem hann kallaði eftir fullum stuðningi þeirra við evrusvæðið.

Yfirlýsing Barroso ásamt öðru hefur orðið til þess að allar helstu hlutabréfavísitölur í Evrópu og Bandaríkjunum hafa lækkað mikið. Fréttir bárust af því í gær að Seðlabanki Evrópu hefði keypt ríkisskuldabréf Portúgals og Írlands. Jean-Claude Trichet, forstjóri bankans, sagði aðeins á blaðamannafundi í gær að skuldabréfakaup væru alltaf í gangi.

Nú þegar hefur Grikklandi, Portúgal og Írlandi verið bjargað frá falli en framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur efasemdir um að hægt sé að bjarga Ítalíu og Spáni, sem eru þriðju og fjórðu stærstu hagkerfin á evrusvæðinu.

Silvio Berlusconi, forsætisráðherra Ítalíu, hélt í gær áfram að reyna að róa markaði þar. Á Spáni var haldið skuldabréfaútboð í gær en tilkynnt var að því loknu að hætt hefði verið við annað útboð sem átti að fara fram 18. ágúst. - þeb



**Í HÆTTU** Efasemdir eru uppi um að hægt verði að bjarga Ítalíu og Spáni úr skuldavanda. MYND/NORDICPHOTOS

# Nýr Peugeot 508.
Áræðni & öryggi.




Verð frá kr. **4.390.000**

Eyðsla í blönduðum akstri (l/100 km) frá 4,4 til 7,1. $CO_2$ útblástur (g/km): frá 115 til 164.

**Áræðni** – Ný hönnun, nýtt viðmót og aksturseiginleikar sem samkeppnin á erfitt með að jafna á þessu verði.
**Öryggi** – ABS, EBFD, EBA, ESP, ASR, CBC veitir ríka hugarró fyrir bílstjóra, farþega og gangandi umferð.

NÝR PEUGEOT 508

PEUGEOT
MOTION & EMOTION

BERNHARD

Bernhard ehf • Vatnagörðum 24 - 26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is
**Umboðsaðilar:** Reykjanesbæ, Bernhard, sími 421 7800 • Akranesi, Bílver, sími 431 1985 Akureyri, Höldur, sími 461 6020 • Vestmannaeyjum, Bragginn, sími 481 1535

## GENGIÐ 04.08.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 115,45 | 116,01 |
| Sterlingspund | 188,37 | 189,29 |
| Evra | 164,26 | 165,18 |
| Dönsk króna | 22,049 | 22,179 |
| Norsk króna | 21,258 | 21,384 |
| Sænsk króna | 17,983 | 18,089 |
| Japanskt jen | 1,4432 | 1,4516 |
| SDR | 183,98 | 185,08 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
221,0716

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Enn bætast við nauðgunartilkynningar eftir síðustu verslunarmannahelgi eftir því sem líður á vikuna:

# Tvær nauðganir til viðbótar kærðar

**LÖGREGLUMÁL** Tvær nauðganir sem áttu sér stað um verslunarmannahelgina voru kærðar í gær. Kona á þrítugsaldri kærði mann til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu fyrir nauðgun og hefur hann verið yfirheyrður. Nauðgunin er sögð hafa átt sér stað í heimahúsi, en maðurinn og konan þekkjast. Maðurinn ber fyrir sig minnisleysi, samkvæmt upplýsingum frá lögreglu.

Þá barst lögreglu önnur kæra vegna nauðgunar á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á Selfossi, sem gat ekki veitt viðtal vegna anna, eru nú fjögur nauðgunarmál til rannsóknar þar eftir Þjóðhátíð, en þar af hafa tvær verið kærðar.

Einn maður situr í gæsluvarðhaldi og rennur úrskurðurinn út í dag. Maðurinn kærði gæsluvarðhaldsúrskurðinn til Hæstaréttar, þar sem hann var staðfestur.

Lögreglan á Selfossi lýsir nú eftir vitnum að síðari nauðguninni sem var kærð í gær, en hún mun hafa átt sér stað aðfaranótt mánudagsins 1. ágúst á tímabilinu frá klukkan 1.30 til 2 við hljóðskúr í Herjólfsdal. Lýst er eftir vitnum að átökum manns eða tveggja manna við konu á þrítugsaldri á þessum stað á þessum tiltekna tíma.

Neyðarmóttökum sjúkrahúsa víðs vegar um landið hafa borist tilkynningar um að minnsta kosti tíu nauðganir eftir helgina, samkvæmt fréttum RÚV í gærkvöld. Þar af voru sex á Þjóðhátíð í Eyjum.

Páll Scheving Ingvarsson, formaður Þjóðhátíðarnefndar, vill láta setja upp eftirlitsmyndakerfi í Herjólfsdal fyrir næstu hátíð. Þá hafa Stígamót og Nei-hópurinn sagt að ekki sé útilokað að samtökin hafi sjálfboðaliða í Eyjum á næsta ári, verði þess óskað. - sv



**EFTIR ÞJÓÐHÁTÍÐ** Lögreglan á Selfossi rannsakar nú fjórar nauðgunartilkynningar. Þar af hafa tvær verið kærðar formlega. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON



**VIÐ FLÓTTAMANNABÚÐIR** Mikill fjöldi fólks hefur flúið yfir til nágrannalanda í von um mat. Þessi fjölskylda kom til Keníu eftir átta daga göngu. NORDICPHOTOS/AFP

Hungursneyð í Austur-Afríku:

# 29 þúsund börn látin í Sómalíu

**HJÁLPARSTARF** Meira en 29 þúsund börn undir fimm ára aldri eru látin eftir þurrka og hungursneyð í Sómalíu síðustu þrjá mánuði.

Sameinuðu þjóðirnar segja að 640 þúsund börn í landinu séu vannærð, sem bendir til þess að tala látinna barna muni hækka. Stofnunin stækkaði í gær svæðið þar sem hungursneyð ríkir. Af þeim 7,5 milljónum manna sem þar búa þurfa nú 3,2 milljónir Sómala á bráðahjálp að halda.

Að sögn Sameinuðu þjóðanna þarf hundruð milljóna dollara til viðbótar til að koma til móts við ástandið í Austur-Afríku. - þeb

## LEIÐRÉTTING

Í grein í Fréttablaðinu síðastliðinn þriðjudag urðu mér á þau mistök að segja að eftir seinni heimsstyrjöld hefðu látist í Sachsenhausen-búðunum 20 þúsund pólitískir fangar og stríðsfangar af þeim 60 þúsundum sem þar voru hýstir. Hið rétta er að tala þeirra sem létust meðan búðirnar voru undir sovéskri stjórn var 12 þúsund. Árið 1950 var fangelsið lagt niður en lögregla og her Austur-Þýskalands tóku við svæðinu. Ef til vill mátti skilja greinina sem svo að dauðsföllin hefðu einnig verið á þessu síðara tímabili austur-þýsku lögreglunnar. Svo var ekki. Beðist er velvirðingar á þessu.

Margrét S. Björnsdóttir

# Sextán spor eftir bit Rottweiler-hunds

**Rottweiler-hundur réðst á tólf ára stúlku í Innri-Njarðvík í fyrrakvöld og beit hana svo illa að sauma þurfti sextán spor í handlegg hennar. Stúlkan er felmtri slegin eftir árásina. Hundinum hefur verið lógað. Sleit sig lausan frá eiganda.**

**LÖGREGLUMÁL** Sauma þurfti sextán spor í handlegg tólf ára stúlku eftir að Rottweiler-hundur réðst á hana í Innri-Njarðvík í fyrrakvöld. Faðir stúlkunnar, Ingi Þór Þórisson, segir hana felmtri slegna eftir árásina.

Stúlkan var úti að ganga með tveimur vinkonum sínum í nýja hverfinu í Innri-Njarðvík eftir kvöldmat í fyrrakvöld.

„Þær mættu konu með hund í bandi,“ lýsir Ingi Þór atvikinu. „Hún virtist ekki ráða við hann en sagði við stelpurnar að þær skyldu vera alveg rólegar, þetta væri allt í lagi. Stelpurnar litu engu að síður við til að fullvissa sig um að þeim stafaði engin hætta af hundinum, en þá skipti engum togum að hann var búinn að rífa sig lausan og kom æðandi til þeirra.“

Að sögn Inga Þórs stökk hundurinn fyrst á vinkonu dóttur hans en náði ekki að bíta hana. Því næst réðst hann á dóttur hans, glefsaði fyrst í fótinn á henni og beit hana svo í handlegginn. Það bjargaði því að ekki fór verr að maður í raðhúsalengju í næsta nágrenni heyrði ópin í stúlkunum og þaut út um leið og hann kallaði til stúlknanna. Við það kom hik á hundinn og gátu þær notað tækifærið og þotið inn í húsið, ásamt manninum. Hann rétt náði að skella hurðinni áður en hundurinn kom þjótandi og henti sér á hana. Eigandi hans var þá á bak og burt.

Stúlkan sem fyrir árásinni varð var tafarlaust flutt undir læknishendur, þar sem tveir læknar þurftu að sauma sextán spor á og við olnboga hennar til að loka bitsárunum. Hún er enn undir eftirliti læknis.

## Á undantekningarlaust að lóga

„Það er mín trú að hundum, sem sýna svona hegðun, eigi að lóga undantekningarlaust,“ segir Magnús H. Guðjónsson, framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja, og kveður heilbrigðiseftirlitið hafa fengið skýrslu lögreglu í Innri-Njarðvík um málið.

„Hundaeign hefur almennt aukist og því miður velur fólk oft hunda eftir útliti fremur en hvort þeir henti fyrir viðkomandi heimilislíf eður ei. Margir standa því uppi með mjög erfiða hunda sem þurfa mjög strangt og markvisst uppeldi. Þá fara hlutirnir greinilega úr böndunum, eins og þetta dæmi sannar.

Við berum öll ábyrgð á börnunum í kringum okkur, ekki bara eigin börnum, heldur öðrum börnum einnig. Fólk þarf því að sýna skynsemi og ábyrgð þegar það fer út í að fá sér hund og halda hann. Það á enginn að halda hund nema hann hafi fullkomna stjórn á dýrinu undir öllum kringumstæðum.“



**SLÖSUÐ** Sauma þurfti sextán spor í handlegg tólf ára stúlku eftir hrottalega árás hundsins á hana.

Lögreglunni var gert viðvart um árás hundsins og hafði hún fljótlega uppi á honum og tók hann í sína vörslu. Honum hefur nú verið lógað.

„Dóttir mín slasaðist ekki bara á líkama heldur einnig á sálinni,“ segir Ingi Þór. „Hún svaf eiginlega ekkert nóttina eftir árásina og er mjög skelkuð ennþá.“

jss@frettabladid.is

Stjórnarkreppa á Haítí:

# Tilnefningu forsetans hafnað

**HAÍTÍ, AP** **Öldungadeild þingsins á Haítí hafnaði nýverið ráðningu Bernards Gousse í embætti forsætisráðherra landsins. Gousse var hafnað vegna þátttöku hans í ofsóknum á hendur stuðningsmönnum Jean Bertrand Aristide, fyrrverandi forseta.**



MICHEL MARTELLY

**Þetta er í annað sinn sem þingið hafnar tilnefningu frá forsetanum Michel Martelly, sem tók við völdum fyrir um þremur mánuðum. Mun það eflaust tefja enn frekar fyrir myndun ríkisstjórnar og endurreisnarstarfi eftir jarðskjálftann sem skók eyjuna í fyrra.** - þj

Forstöðumenn ríkisstofnana:

# Úrsérgengin launalækkun

**KJARAMÁL** Forstöðumenn ríkisstofnana hafa leitað til umboðsmanns Alþingis vegna deilna við kjararáð og íhuga að fara með málið fyrir dómstóla. Deilan snýst um það að árið 2008 voru laun þeirra lækkuð og síðar var ákveðið með bráðabirgðaákvæði að þessi lækkun ætti að gilda til 1. desember síðastliðins. Magnús Guðmundsson, formaður Félags forstöðumanna ríkisstofnana, sagði á fréttavef Vísis að þar sem setja hefði þurft lög um þessa tímabundnu launalækkun hefðu launin átt að hækka aftur að þessu tímabili loknu. Hann telur að lækkunin hafi numið á bilinu 9 til 15 prósent. - jse

HÓPKAUP.IS Í DAG

Vax upp að hnjám á snyrtistofunni Amiru

1.990 kr.

GILDIR 24 TÍMA

Verð 4.500 kr. | Afsláttur 56% | Afsláttur í kr. 2.510 kr.

30 viðskiptavini þarf til að virkja tilboðið

PIPAR\TBWA • SÍA




Hjá Amiru er boðið upp á allar þær meðferðir sem við teljum árangursríkar fyrir okkar viðskiptavini og leggjum mikinn metnað í að fylgjast með því nýjasta hverju sinni.

www.amira.is

HÓPKAUP í krafti fjöldans

hópkaup.is

## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**BATNAR UM HELGINA** Eftir þungbúna viku tekur við bjartari kafli um helgina. Það dregur verulega úr úrkomu til morguns og léttir víða til er líður á morgundaginn. Hitinn verður áfram með ágætum einkum vestanlands en svalara við austurströndina.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 30° |
| Basel | 27° |
| Berlín | 24° |
| Billund | 22° |
| Frankfurt | 25° |
| Friedrichshafen | 26° |
| Gautaborg | 21° |
| Kaupmannahöfn | 21° |
| Las Palmas | 26° |
| London | 21° |
| Mallorca | 30° |
| New York | 28° |
| Orlando | 34° |
| Ósló | 18° |
| París | 26° |
| San Francisco | 21° |
| Stokkhólmur | 22° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016**: Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is*, Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 512-5403**: Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*




KJÚKLINGALUNDIR FERSKAR Í MAGNPAKKA
**1.998** kr/kg.
Verð áður 2.798.-

## GRILLAÐAR MANGÓ OG TANDOORI KJÚKLINGALUNDIR MEÐ FERSKU SUMARSALATI fyrir 4

*að hætti Rikku*

600 g kjúklingalundir
3 msk tandoori mauk
4 msk mangó chutney

Blandið tandoori mauki og mangó chutney saman í skál. Veltið kjúklingalundunum upp úr blöndunni og látið standa í a.m.k. 30 mínútur. Grillið í 5 mínútur á hvorri hlið. Gott er að bera kjúklinginn fram með Raita jógúrtsósu. Þá er sýrðum rjóma og hreinu jógúrti blandað saman til helminga, saxaðri agúrku bætt saman við og kryddað eftir smekk með salti og pipar.

FERSKT SUMARSALAT
3 tómatar, skornir í bita
½ kg vatnsmelóna, fræhreinsuð og skorin í bita
100 g hreinn fetakubbur, mulinn
2 msk ólífuolía
1 msk rauðvínsedik
2 msk söxuð fersk mynta

Setjið tómata, melónu og fetaost í skál. Hrærið saman ólífuolíuna og edikið og hellið yfir. Stráið myntunni yfir áður en salatið er borið fram.

NÆRINGARGILDI LDS
Kcal: 640/ 32% LDS*
Prótín: 27g/ 54% LDS
Fita: 36g/ 55% LDS
Kolvetni: 54g/ 18% LDS
Trefjar: 3g/ 13% LDS
C-vítamín: 31mg/ 52% LDS

*Leiðbeinandi dagsskammtur (LDS) miðast við 2.000 kcal (hitaeininga) orkuþörf.




GOTT VERÐ
**598** kr/pk.

**Hamborgarar 80g**
4 stk með brauði - Nautaat




**2.174** kr/kg.
Verð áður 2.898.-

**Grísalundir**
í koníakskryddlegi




**998** kr/kg.
Verð áður 1.898.-

**Grísakótilettur**
hunangsreyktar



**3.798** kr/kg.
Verð áður 3.998.-

**Nautalundir**
innfluttar

Jói FEL




**GRILLSÓSUR JÓA FEL**
Hvítlaukssósa, piparostasósa, gráðaostasósa, steikarsósa og mangó-karrýsósa







TILBOÐ
FJALLABRAUÐ
**279** kr/stk.
Verð áður 399.-




ORKUDRYKKUR 500ML
**139** kr/pk.







HAUST HAFRAKEX
**229** kr/pk.




TILBOÐ
EPLA OG KANILHRINGUR
**799** kr/stk.
Verð áður 999.-







TILBOÐ
COCOA PUFFS 690G
**699** kr/pk.
Verð áður 778.-

24 Hagkaup
OPIÐ *í sumar*
ALLAN sólarhringinn
Akureyri & Eiðistorg

Gildir til 7. ágúst á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
*Ein ferð betra verð*

**KJÖRKASSINN**



*Þætti þér óþægilegt ef fangelsi risi nærri þinni heimabyggð?*

| | |
|---|---|
| Já | 44,7% |
| Nei | 55,3% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Er sumarið búið?*

Segðu þína skoðun á Vísi.is

Telja sig hafa komist á snoðir um umfangsmestu tölvuárás allra tíma:

# Brutust inn í tölvur 72 stofnana

**TÆKNI** Tölvuöryggisfyrirtækið McAfee fullyrðir að það hafi komist á snoðir um umfangsmestu tölvuárás sögunnar. Árásin hafi staðið yfir í fimm ár og beinst að 72 stofnunum og fyrirtækjum, meðal annars Alþjóðaólympíunefndinni, indverska ríkinu, Sameinuðu þjóðunum og öryggisfyrirtækjum.

Talsmaður McAfee sagði árásina, sem lýst er sem hrinu rafrænna innbrota, ótrúlega umfangsmikla og að hún stæði enn yfir. Fyrirtækið hefur getað greint sum innbrotin og komist að því að gögnum hafi verið stolið.



**UMFANGSMIKIL AÐGERÐ** Hér má sjá bandarískt viðbragðsteymi sem berst gegn tölvuárásum sem þessum. NORDICPHOTOS/AFP

Talsmaðurinn vildi ekkert tjá sig um hvaðan árásin væri upprunnin, það yrðu getgátur einar.

Kínverjar voru hins vegar fljótlega bendlaðir við málið og fjöldi sérfræðinga sem hefur tjáð sig um málið er sammála um að einungis Rússar og Kínverjar hafi tök á að standa að svona víðfeðmri árás. Kínverjar hafi hins vegar meiri hag af slíkum iðnaðarnjósnum.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem spjótin beinast að kínverskum stjórnvöldum í umræðunni um tölvuglæpi. Talsmenn Kínastjórnar hafa hins vegar ætíð hafnað slíkum ásökunum og sagt að fyrir þeim sé enginn fótur. **- sh**

Kvikmyndaskóli Íslands:

# Aldrei varaðir við stækkun

**MENNTUN Stjórn Kvikmyndaskóla Íslands segir í fréttatilkynningu sem hún sendi frá sér í gær að aldrei hafi verið varað við því að stækka skólann líkt og Elías Jón Guðjónsson, aðstoðarmaður menningar- og menntamálaráðherra, sagði á RÚV í fyrradag.**

**Stækkun skólans árið 2007 hafi verið gerð með fullu samráði og samþykki ráðuneytisins og hann aldrei verið hvattur til að draga saman seglin. Ráðuneytið er hvatt til að leysa tafarlaust úr óvissunni um framtíð skólans. - jse**

Dagblað um Strauss-Kahn:

# Flugfreyjunum haldið fjarri

**FRAKKLAND** Franska blaðið Le Parisien kveðst hafa undir höndum nafnlaust bréf þar sem segir að flugfélagið Air France hafi fyrirskipað að aðeins flugþjónar en ekki flugfreyjur mættu vinna á fyrsta farrými þegar Dominique Strauss-Kahn, fyrrverandi framkvæmdastjóri Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, væri um borð. Air France vísar þessu á bug.



**DOMINIQUE STRAUSS-KAHN**

Blaðið skrifar jafnframt að lögmönnum herbergisþernunnar sem sakaði Strauss-Kahn um kynferðislegt ofbeldi hefðu borist yfirlýsingar frá að minnsta kosti tveimur starfsmönnum Air France um áreitni af hálfu Strauss-Kahn. **- ibs**

Ráðherra krefst rannsóknar:

# Fjölskylda grýtt í Danmörku

**DANMÖRK Lars Barfoed, dómsmálaráðherra Danmerkur, krefst skýringa á því hvers vegna lögreglan rannsakar ekki árás hægri öfgamanna sem hröktu fjölskyldu af strönd í Skive með grjótkasti.**

**Fjölskyldan, sem er af indversku bergi brotin, leitaði skjóls í sumarbústaðahverfi og hringdi í lögreglu sem kom ekki fyrr en eftir eina og hálfa klukkustund.**

**Fjölskyldunni hafði tekist að taka mynd af bíl árásarmannanna og númeraplötunni og sjónarvottur hafði jafnframt samband við lögregluna. Hún sagði sönnunargögn vanta. - ibs**

# 200 íslenskir titlar gefnir út

**Fjöldi íslenskra bóka sem gefnar verða út á þýska málsvæðinu í haust fer fram úr björtustu vonum manna. Bókamessan í Frankfurt er upphaf en ekki endapunktur neins, segir formaður Rithöfundasambandsins.**

**MENNING** Um tvö hundruð íslenskir titlar og bækur um Ísland verða gefin út á þýska málsvæðinu í haust í tilefni af Bókamessunni í Frankfurt þar sem Ísland verður heiðursgestur. Aðstandendur Söguеyjunnar Íslands, verkefnisins um þátttökuna, segja fjöldann fara langt fram úr björtustu vonum.

Verkefnið var kynnt á blaðamannafundi í Þjóðmenningarhúsinu í gær og sagði Halldór Guðmundsson þar að Bókamessan í Frankfurt væri mikilvægasta bókasýning í heimi. Þar yrðu til sýnis 7.000 bækur frá um hundrað þjóðum og sýninguna sæktu um 300 þúsund gestir. Björtustu vonir aðstandenda verkefnisins hefðu staðið til þess að titlarnir íslensku sem fengjust útgefnir ytra yrðu í kringum hundrað, en nú lægi fyrir að þeir yrðu um 200.

Halldór og Kristján B. Jónasson, formaður Félags íslenskra bókaútgefenda, bentu til samanburðar á að þegar Kínverjar, fjölmennasta þjóð veraldar, hefðu verið heiðursgestir Bókamessunnar hefðu verið gefnir út hundrað kínverskir bókatitlar og Indverjar, næstfjölmennasta þjóðin, hefðu einungis náð á sjöunda tug. Árangur Íslendinga væri því undraverður.

Meðal verkanna eru endurútgáfa ritsafns Halldórs Laxness, Íslendingasögurnar, Íslenskur aðall eftir Þórberg Þórðarson, 79 af stöðinni eftir Indriða G. Þorsteinsson og fjöldi annarra verka eftir jafnt unga sem eldri höfunda.

Halldór útskýrði hve mikilvægt þýska málsvæðið væri erlendum höfundum, enda væru Þjóðverjar langmóttækilegastir allra vestrænna þjóða fyrir þýðingum. Þar væru fjörutíu prósent útgefinna verka þýdd, samanborið við þrjú prósent í Bretlandi og 1,5 prósent í Bandaríkjunum.



**UNDRAVERÐUR ÁRANGUR** Þeir sem tóku til máls á blaðamannafundinum í gær voru sammála um það að Íslendingar hefðu náð ótrúlegum árangri við markaðssetningu bókmennta sinna ytra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Kristján B. Jónasson sagði ótrúlegt að fylgjast með gengi íslenskra höfunda á erlendri grundu, einkum í Þýskalandi. „Við erum að horfa upp á það að nánast hver einasti kjaftur sem hefur stungið niður penna á Íslandi á síðustu tveimur árum er að koma út á þýsku,“ sagði Kristján. Fyrir fimmtán til tuttugu árum hefði verið algjör undantekning að íslenskar bækur fengjust yfirhöfuð þýddar.

„Ef rétt er á haldið er Bókamessan í Frankfurt ekki endapunktur á neinu heldur upphafið,“ sagði Kristín Steinsdóttir, formaður Rithöfundasambands Íslands. Hún sagðist telja vægi viðburðarins ómetanlegt fyrir íslenska rithöfunda og lýsti því sem einu hinu stórkostlegasta sem rekið hefði á þeirra fjörur. Hana sundlaði smávegis þegar hún hugsaði til þess hversu mikla útbreiðslu íslenskar bækur gætu fengið með útgáfu á svona stóru málsvæði.

**stigur@frettabladid.is**

## Bókasöfn íslenskra heimila til sýnis

Hægt verður að skyggnast inn í bókasöfn íslenskra heimila í sérstökum sýningarskála um Ísland sem verður komið fyrir á sýningarsvæðinu í Frankfurt. Skálinn var hannaður af arkitektinum Páli Hjaltasyni ásamt Saga Film og er honum ætlað að sýna samspil íslenskra bókmennta og náttúru, að sögn Rakelar Björnsdóttur aðstoðarverkefnisstjóra.

Skálinn verður 2.500 fermetrar og í honum verða stórar myndir af bókaskápum á íslenskum heimilum og stöku myndskeið þar sem heimilisfólk les upp úr eftirlætisbókum sínum. Þar verður enn fremur bókasafn með 800 til 1.000 íslenskum bókum á ótal tungumálum, auk þess sem frægum sýningarskála Íslands af heimssýningunni í Sjanghæ verður komið fyrir þar inni.

Samhliða Bókamessunni verður einnig blásið til mikillar menningardagskrár með íslenskum formerkjum í Frankfurt. Helstu söfn Frankfurtar verða lögð undir íslenska menningu næstu mánuði, þar sem íslensk myndlist, dans, tónlist, byggingarlist, hönnun og ljósmyndir verða til sýnis.


**Hádegisþrek**

Fjölbreytt hreyfing fyrir byrjendur jafnt sem lengra koma

***Stöðvar, þol, styrkur og þrek***

Mán og mið kl. 12-13
Hefst 8. ágúst
4 vikur
Verð kr. 11.900 eða 7.900 í áskrift
(3 mán binditími)



HEILSUBORG
Faxafeni 14 www.heilsuborg.is

Skráning á mottaka@heilsuborg.is eða í síma 560 1010


Víðines var skoðað á ný í byrjun vikunnar sem mögulegt fangelsi:

# Kostar sama að breyta og byggja

**FANGELSISMÁL** Kostnaður við að breyta hjúkrunarheimilinu að Víðinesi þannig að það uppfylli kröfur sem öryggis- og gæsluvarðhaldsfangelsi, er 1,9 milljarðar króna. Nýbygging kostar, samkvæmt áætlunum, rétt rúma 2 milljarða króna.

Samkvæmt upplýsingum úr innanríkisráðuneytinu gera áætlanir ráð fyrir því að árlegur rekstrarkostnaður verði 60 til 70 milljónum króna hærri við endurbreytta byggingu en nýja. Sparnaðurinn við breytingarnar tapast því aftur á 3 til 4 árum. Þá tekur um það bil ári lengri tíma að breyta húsnæðinu en byggja nýtt, þannig að vígsla nýs fangelsis mundi tefjast um eitt ár væri sú leið valin.

Fréttablaðið hefur greint frá því að fleiri kostir séu til skoðunar og í gær upplýstist að kostnaður við að breyta Vífilsstöðum í fangelsi nemur 1,8 milljarði króna.

Í byrjun vikunnar var gerð önnur úttekt á Víðinesi og því hvernig aðstaðan þar hentar sem fangelsi.

Páll Winkel, forstjóri Fangelsismálastofnunar, sagði í Fréttablaðinu í gær að fara þyrfti í gegnum skipulagsbreytingar og gerbreyta þyrfti eldra húsnæði, ætti að nýta það sem fangelsi. „Hugmyndir af þessu tagi eru því algjörlega út í hött.“



**VÍÐINES** Kostnaður við að breyta hjúkrunarheimilinu á Víðinesi í fangelsi er svipaður og við það að byggja nýtt. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

Fangelsismál hafa verið á borði ríkisstjórnarinnar um langa hríð, en til stendur að taka ákvörðun í málinu í þessum mánuði. **- kóp**


adidas
hlaupadagar í adidas concept store kringlunni.
Föstudaginn 5. og Laugardaginn 6. Ágúst.
Ókeypis Footscan hlaupagreining aðstoðar við val á réttum skóm.
Föstudag kl. 15-18 og Laugardag kl. 12 -18
Hlaupalína adidas fyrir haustið 2011.
adidas

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hvað kostar að breyta Vífilsstöðum í fangelsi?*
2. *Hvað var Svíinn, sem handtekinn var í íbúð sinni í síðasta mánuði, að reyna að gera?*
3. *Hvað heitir þjálfari Víkinga?*

**SVÖR**

*1. 1,8 milljarða króna - 2. Kljúfa atóm - 3. Bjarnólfur Lárusson*

Anders Behring Breivik í yfirheyrslum á ný en neitar að gefa upplýsingar:

# Annar maður verið yfirheyrður

**NOREGUR** Anders Behring Breivik neitar að gefa upplýsingar sem gætu skorið úr um það hvort hann hafi átt sér vitorðsmenn. Þetta segir saksóknarinn Christian Hatlo.

„Við höldum enn að hann hafi verið einn að verki en við getum ekki slegið því föstu. Hann neitar að gefa upplýsingar og það veldur okkur áhyggjum,“ segir Hatlo.

Lögregla í Ósló yfirheyrði í gær mann sem bloggar undir nafninu Fjordman. Bloggið er nefnt margsinnis í stefnuyfirlýsingu Breiviks, en það er blogg gegn múslímum. Lögreglan vildi ekki gefa nákvæmar upplýsingar um yfirheyrslurnar en sagði manninn hafa verið yfirheyrðan sem vitni.

Breivik hefur einnig verið spurður um ferðalög sín til tíu annarra landa og um búnað sem hann keypti fyrir árásirnar. Hann vildi ekki tjá sig um þau mál heldur. Breivik hefur þó sagt lögreglu að hann hafi ekki hugsað fyrir því að honum yrði haldið í einangrun eftir árásirnar. Allt annað hafi hann skipulagt. **- þeb**



**ANDERS BEHRING BREIVIK** Neitar að gefa upplýsingar um vitorðsmenn en bloggari sem bloggar gegn múslímum var yfirheyrður í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Sautjánda skákkeppnin háð:

# Keppa við færeyska skákmenn

**SKÁK** Færeyingar og Íslendingar munu leiða saman hesta sína í skákkeppni sem hefst næstkomandi laugardag. Teflt verður á Húsavík og Akureyri og er íslenska sveitin skipuð skákmönnum úr skákfélögum af Norður- og Austurlandi.

Þetta er í sautjánda sinn sem keppnin er haldin og hafa Íslendingar borið sigur úr býtum ellefu sinnum en Færeyingar unnu síðustu viðureign, sem fram fór fyrir tveimur árum í Færeyjum. **- jse**



**ÓNÝTUR** Slökkvilið, sjúkrabílar og lögregla mættu á staðinn þegar kviknaði í bílnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ökumaður jeppa slapp vel:

# Bíllinn brann við Veiðileysu

**SLYS** Eldur kviknaði í jeppa sunnan við Veiðileysu, skammt frá Djúpavík eftir hádegi í gær. Lögreglumaður, slökkviliðsbíll og tveir sjúkrabílar komu á staðinn og var veginum lokað á meðan verið var að ráða niðurlögum eldsins. Ökumaður slapp ómeiddur.

„Þetta var stór bíll með þremur bensíntönkum og það kviknaði bara í honum. Það kom reykur úr mælaborðinu og svo sprakk bíllinn einfaldlega. Ökumaðurinn náði rétt svo að sleppa út úr bílnum. Hann náði ekki veskinu sínu með eða neinu. Bíllinn var alelda,“ sagði sjónarvottur. **- sv**

Vísindamaður í Skotlandi:

# Vill líffærasölu

**SKOTLAND Vísindamaðurinn Sue Rabbitt Roff, sem starfar við Dundee-háskólann í Skotlandi, vill að það verði löglegt að selja úr sér líffæri. Námsmenn geti þannig greitt af skuldum sínum. Greint er frá þessu í blaðinu The Scotsman sem vitnar í grein í ritinu British Medical Journal.**

**Roff segir að ungu fólki sé leyft að safna milljóna króna skuldum til að greiða skólagjöld. Hún spyr hvers vegna megi ekki leyfa nemum að gera góðverk sem gagnist þeim sjálfum. Roff leggur til að greiddar verði um 5 milljónir króna fyrir nýra.** **- ibs**

# Kreppan bjargaði bátasmið í Brákarey

**Brostnar vonir um nýtt deiliskipulag í Brákarey og breyting á stækkun hreinsistöðvar verða til þess að bátasmiður getur lokið smíði 30 tonna báts eftir áralangar deilur. Bátasmiðurinn stefnir á að sjósetja fleyið eftir eitt og hálft ár.**

**ATVINNULÍF** Kreppan og samkomulag Borgarbyggðar við Orkuveitu Reykjavíkur hafa bjargað Þorsteini Mána Árnasyni frá hrakhólum með 30 tonna bát sinn sem hann er að smíða í húsnæði Borgarbyggðar. Eftir margra ára deilur fær hann nú að hafast þarna við áfram í sátt við guð og menn.

Forsaga málsins er sú að Þorsteini Mána var uppálagt að yfirgefa húsið, sem er á Brákarey, árið 2009 en þá átti að rífa það. Ein ástæða þess var að stækka átti hreinsistöð sem er þar skammt frá, en lögn frá henni liggur meðfram húsinu.

Eins var Borgarbyggð með tilbúið deiliskipulag þar sem ráðgert var að endurskipuleggja svæðið á Brákarey. Báturinn er ekki enn orðinn sjófær, svo að Þorsteinn Máni hefði orðið fyrir verulegu tjóni hefði hann þurft að flytja hann á brott. Auk þess var hann óviss um að geta staðið straum af slíkum flutningum, þannig að smíðin var í uppnámi.

Páll Brynjarsson, sveitarstjóri Borgarbyggðar, segir að ákveðið hafi verið í vor að hverfa frá þessum hugmyndum. „Í fyrsta lagi náðum við fram lausn með Orkuveitunni um að gera þessa stækkun án þess að rífa skemmuna, reyndar með nokkrum aukakostnaði, en síðan höfum við ákveðið að nota þessi hús á Brákarey í atvinnuuppbyggingu,“ segir Páll.

Hann segir enn fremur að allar forsendur séu brostnar fyrir því deiliskipulagi á Brákarey sem gert hafi verið fyrir bankahrun. Hann segir jafnframt að þessi lausn hafi þó verið nokkuð umdeild í Borgarbyggð.

Spurður hvort búið hefði verið að rífa húsið ef hann hefði ekki hreyft svo kröftugum mótmælum á sínum tíma segir Þorsteinn Máni það líklegt að það hefði verið jafnað við jörðu. Hann var afar sæll þegar Fréttablaðið færði honum tíðindin en hafði þá ekki heyrt frá bæjaryfirvöldum í langan tíma. „Þá get ég farið að snúa mér að smíðunum í stað þess að þurfa að standa í þessu stappi,“ segir hann.

Hann segist vonast til þess að báturinn verði sjósettur eftir eitt og hálft ár. „Þá verður Páli Brynjarssyni boðið í jómfrúarsiglinguna, hann getur staðið í stafni og ég skal spila stefið úr Titanic-myndinni svo það verði stíll á þessu.“ **jse@frettabladid.is**



**STANDA Í STAFNI** *Bátasmiðirnir María Sigurjónsdóttir og Steinn Máni Árnason sem hér standa í stafni geta nú einhent sér í smíðarnar því deilunni við bæjaryfirvöld er lokið.* FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

> Þá get ég farið að snúa mér að smíðunum í stað þess að þurfa að standa í þessu stappi.
>
> **ÞORSTEINN MÁNI ÁRNASON** BÁTASMIÐUR

Samstarf við Hof staðfest:

# VÍS verður einn bakhjarla Hofs

**AKUREYRI Vátryggingamiðstöð Íslands og Menningarhúsið Hof á Akureyri hafa undirritað samstarfssamning um að VÍS verði einn af bakhjörlum Hofs næstu þrjú starfsárin.**

**Ríkið tekur ekki þátt í rekstrarkostnaði Hofs, en ráð var gert fyrir því í samningum ríkisins við Akureyrarbæ frá árinu 2003. Ríkið styrkti byggingarframkvæmdina um 950 milljónir króna, en endanlegur kostnaður var 3,3 milljarðar. Árlegur rekstrarkostnaður Hofs er um 330 milljónir. Vel á annað hundrað þúsund gesta heimsóttu Hof á fyrsta starfsári en húsið var opnað í lok síðasta sumars.** **- sv**

Verk Lagarde rannsökuð:

# Grunuð um brot í starfi

**FRAKKLAND** Franskur dómstóll ætlar að rannsaka embættisverk Christine Lagarde, nýs framkvæmdastjóra Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, frá þeim tíma sem hún var fjármálaráðherra Frakklands. Lagarde er grunuð um að hafa þrýst á fyrrverandi ríkisbankann Credit Lyonnais um að fallast á bindandi málamiðlun í deilu við Adidas-auðkýfinginn Bernard Tapielle sem hann hafði tapað fyrir rétti.



**CHRISTINE LAGARDE**

Tapielle, sem sagður er góður vinur Nicolas Sarkozy Frakklandsforseta, mun hafa fengið 285 milljónir evra í skaðabætur úr opinberum sjóðum. **- ibs**





**Lesendur gefa sér góðan tíma í Fréttablaðið**

Það skiptir máli hvaða blað fólk gefur sér tíma til að lesa. Ný Prentmiðlakönnun Capacent Gallup staðfestir að **lesendur á aldrinum 12-59 ára gefa sér lengri tíma til að lesa Fréttablaðið en Morgunblaðið.** Við hlökkum til að færa ykkur fleiri góðar stundir í framtíðinni.

*Prentmiðlakönnun Capacent Gallup. Mældur er tími sem fer í lestur hvers eintaks Morgunblaðsins og Fréttablaðsins hjá lesendum á aldrinum 12-59 ára á öllu landinu.



**Allt sem þú þarft...**


Ríkið borgaði fyrir flutning á kistu Sævars Ciesielski frá Danmörku til Íslands:

# Sögulegt samhengi réð ákvörðun

**STJÓRNSÝSLA** Innanríkisráðuneytið og utanríkisráðuneytið kostuðu flutning kistu Sævars Ciesielski frá Danmörku til Íslands. Ætla má að kostnaðurinn hafi numið allt að hálfri milljón króna.

Samkvæmt upplýsingum frá utanríkisráðuneytinu er afar óvenjulegt að ríkið taki þátt í kostnaði á flutningi jarðneskra leifa Íslendinga erlendis frá. Pétur Ásgeirsson, skrifstofustjóri utanríkisráðuneytisins, segir að þetta geti fallið undir skilgreiningu borgaraþjónustu ráðuneytisins.

„Hún fæst við, í vissum tilvikum, að aðstoða vegalausa Íslendinga erlendis og jafnvel að flytja heim jarðneskar leifar ef svo ber undir,“ segir Pétur.

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra segir ákvörðunina hafa verið tekna í samstarfi við Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra. „Ég og utanríkisráðherra tókum þá ákvörðun að kosta flutning á kistu Sævars af ráðstöfunarfé ráðherra,“ segir Ögmundur. Hann segir að ætla megi að kostnaðurinn hlaupi á hundruðum þúsunda. Hann segir ákvörðunina ekki fordæmisgefandi þar sem hún sé háð mati hverju sinni.

Spurður hvort með þessu væri verið að viðurkenna að brotið hefði verið á rétti Sævars sagðist Ögmundur ekki vilja orða það þannig. „En að sjálfsögðu tókum við ákvörðunina með hliðsjón af sögulegu samhengi.“

Stjórnvöld tóku engan þátt í kostnaði við sjálfa útför Sævars, aðeins við flutninginn á kistu hans. **- kóp, sv**



**ÚTFÖR SÆVARS Á ÞRIÐJUDAG** Ríkið kostaði flutning kistu Sævars hingað til lands en tók ekki þátt í kostnaði við útförina á þriðjudag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# SUMARDAGAR

**20-50%**
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HEILSURÚMUM

*Smíðum rafmagnsrúm í öllum stærðum!*



## ROYAL OG CLASSIC

**Hágæða fjölstillanleg rafmagnsrúm á 20% afslætti.**

**12 mánaða vaxtalaus VISA / EURO greiðsludreifingu**

# SUMARDAGAR

**Frí heimsending á hjónarúmum! / Tökum gamla rúmið upp í nýtt!**

## FAGLEG RÁÐGJÖF OG
## FRÍ LEGUGREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!

**Vertu örugg/ur. Komdu í greiningu**

RúmGott býður öllum viðskiptavinum upp á fría legugreiningu með hinum byltingarkennda Xsensor Medical Pro búnaði.



### HVENÆR ER ÞÖRF Á LEGUGREININGU?

Finnurðu fyrir eymslum í mjóbaki?
Vaknarðu oft með verki í mjöðm?
Finnurðu fyrir eymslum eða dofa í öxlunum?
Sefurðu illa vegna annara óþæginda?

- hryggskekkju
- brjósklos
- samföllnum hryggjaliðum
- spengdum hryggjaliðum
- gigt, til dæmis:
- slitgigt, vefjagigt eða liðagigt.

### FREMSTIR Í FRAMLEIÐSLU Á HEILSUDÝNUM

**VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM**
**SÉRSMÍÐUM RÚM OG DÝNUR Í SUMARHÚS FELLIHÝSI OG TJALDVAGNA**

Löggiltir dýnuframleiðendur, starfandi í 60 ár

**RúmGott** · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

VERSLUNIN
Rúm Gott
ÍSLENSK HEILSURÚM

**FRÉTTASKÝRING:** Ríkisrekstur

# Vilja endurskilgreina hlutverk ríkisins

**Tveir ráðherrar hafa nú stigið fram og lagt til að hlutverk ríkisvaldsins verði endurmetið. Meta þurfi öll verkefni og skilgreina grunnþjónustu upp á nýtt. Sveitarfélögin munu gegna meira hlutverki í framtíðinni. Fjármálaráðherra segir grundvallarbreytinga á hlutverki ríkisins ekki að vænta.**



**FÓLK** Efnahagshrunið hefur orðið til þess að stjórnvöld velta nú hverri krónu í ríkiskassanum fyrir sér. Fram undan er frekari flutningur verkefna og sameining stofnana.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Tveir ráðherrar í ríkisstjórn Íslands, þeir Árni Páll Árnason efnahags- og viðskiptaráðherra og Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra, hafa nú, á innan við ári, ámálgað það að endurskoðunar sé þörf á umfangi ríkisrekstrar. Ljóst er að breytingar verða á þjónustu hins opinbera á næstunni; bæði hver veitir hana og eins hver hún verður.

Árni Páll skrifaði grein í Fréttablaðið á miðvikudag þar sem hann segir ekki auðvelt að auka skattheimtu og víða sé komið að þolmörkum hvað varðar niðurskurð. „Framundan er því að taka annars konar ákvarðanir – ákvarðanir um að breyta umgjörð ríkisrekstrar og því þjónustuframboði sem ríkið ábyrgist og stendur skil á úr sameiginlegum sjóðum.“

Þetta kallast á við orð Guðbjarts, sem velti því upp í viðtali við Fréttablaðið í september síðastliðnum að hægt væri að finna ýmsar stofnanir sem gaman gæti verið að eiga, en þyrfti að reka með eins hagkvæmum hætti og unnt væri, í menningarmálum og jafnvel í öllum geirum. „Ég ætla ekki að nefna nein nöfn því að það er viðkvæmt, en í rauninni þurfum við að hugsa upp á nýtt fyrir hvað ríkið á að standa. Hvað ætlum við að tryggja og hvað ekki?“

Guðbjartur segir mikla yfirferð standa yfir innan stjórnsýslunnar um umfang þjónustu, hvaða stofnanir sé hægt að sameina og hvernig sé hægt að raða upp á nýtt. Slík vinna standi yfir í öllum ráðuneytum.

„Það þarf að hugsa ýmislegt upp á nýtt, það er óhjákvæmilegt. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að það þurfi að gerast með ákveðinni varfærni, þó að það taki tíma að ná hagkvæmninni. Við erum til dæmis að vinna að heilbrigðisáætlun til tíu ára, sem er nú bara samkvæmt reglugerðum. Við erum að skoða heilsugæsluna á höfuðborgarsvæðinu, við erum að skoða almannatryggingakerfið og við erum að skoða húsnæðismálin nánast öll sömul.



**GUÐBJARTUR HANNESSON**



**STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON**

> Það þýðir ekki að reyna að ljúga því að okkur að við séum ríkari en við erum, líkt og við gerðum á vitleysisárunum.
>
> **STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON**
> FJÁRMÁLARÁÐHERRA

### Tekjur ráði útgjöldum

Allt þetta eru spurningar um ákveðnar kerfisbreytingar og alltaf verðum við að spyrja okkur sjálf að hví hvað við erum tilbúin að greiða og hvað er ánægjuleg viðbót og hverju við eigum bókstaflega að sleppa.“

Guðbjartur segir enga formlega vinnu standa yfir í endurskoðun á hlutverki ríkisins, umfram það sem legið hafi fyrir frá hruni; að laga þurfi ríkisútgjöldin að raunverulegum tekjum. Það þýði að alla möguleika þurfi að íhuga og velta fyrir sér hvort nauðsynlegt sé að borga fyrir viðkomandi þjónustu.

Guðbjartur telur að í samfélaginu ríki nokkur sátt um hvað það sé sem ríkið eigi að bera ábyrgð á. Almennur vilji sé til þess að menntamálin séu í höndum þess, félagsmálin öll og heilbrigðiskerfið. Einstaka þættir geti þó færst á annarra hendur og nefnir hann sem dæmi lýtaaðgerðir, en þær standa utan við samtryggingarkerfi í dag.

### Óþarfa útgjöld?

Guðbjartur segir að hrunið hafi neytt menn til að endurmeta hvort öll útgjöld síðustu ára hafi verið þörf. Hann nefnir uppbyggingu Háskólans í Reykjavík sem dæmi. Vissulega hafi með honum blásið ferskir vindar um háskólasamfélagið. Það sé hins vegar spurning hvort rétt hafi verið að ráðast í byggingu 10 til 12 milljarða byggingar, hinum megin flugbrautar frá Háskóla Íslands.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra segir aðalverkefni stjórnvalda í dag að laga ríkisreksturinn að breyttum forsendum. Menn verði einfaldlega að sníða sér stakk eftir vexti.

„Við verðum að horfast í augu við gjörbreyttan efnahagslegan veruleika. Það þýðir ekki að reyna að ljúga því að okkur að við séum ríkari en við erum, líkt og við gerðum á vitleysisárunum. Nýja viðfangsefnið er að horfast í augu við nýjan efnahagslegan veruleika og eyða ekki um efni fram. Í því er ég sammála samráðherrum mínum.“

### Ekki grundvallarbreytingar

Steingrímur segir þó að þetta þýði ekki grundvallarbreytingar á þeirri þjónustu sem ríkið veitir. „Þessi ríkisstjórn stendur fyrir norrænt velferðarsamfélag og öfluga þjónustu á velferðarsviði.“

## Sveitarfélögin munu fá aukið hlutverk



**Halldór Halldórsson**, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, segir viðbúið að frekari verkefni muni færast frá ríki til sveitarfélaga. Þegar rætt er um að endurskoða rekstur hins opinbera verði einnig að horfa til sveitarfélaganna; þau séu fjármögnuð með skattfé líkt og ríkissjóður. Út frá þjónustuþætti og þeirri nánd sem sveitarfélögin búi yfir sé jákvætt að flytja fleiri verkefni þangað. Hann segir að skoða verði hvort í einhverjum tilvikum sé verið að bjóða meiri þjónustu en þörf sé á.

„Ég er ekki frá því. Mér finnst mjög eðlilegt að við endurskoðum þetta allt saman og veltum því fyrir okkur hvort verið sé að ofþjónusta einhverja þætti. Er verið að veita þjónustu sem fólk mundi ekki finna fyrir væri hún afnumin?“

Halldór segir slíka endurskoðun fylgja því að menn hafi minna á milli handanna. Mikilvægt sé þó að samfélagsgerðinni sé ekki umturnað. „Þrátt fyrir svona endurskoðun erum við ekki að fara út úr því velferðarsamfélagi sem við búum við. Það er ramminn og við ætlum ekki út úr honum.“

Halldór segir einboðið að sveitarfélög verði að stækka og eflast til að takast á við aukin verkefni. Það þýði aðeins frekari sameiningu. Hann bendir á að á Norðurlöndunum sjái sveitarfélögin um 50 til 60 prósent af allri opinberri þjónustu. Hér á landi sé sú tala rúmlega þriðjungur. Rétt sé að stefna í átt til norræna kerfisins.

Hann segir þá hagræðingar- og aðlögunarvinnu sem nú standi yfir á ríkisrekstri ekki þýða það sjálfkrafa að ríkisumsvifin minnki eða þeim verkefni sem ríkið sjái um fækki. Það sé allt annar hlutur.

Guðbjartur segir að við verkefnið fram undan verði að hafa í huga að tæta ekki í sundur þá samfélagsgerð sem við búum við. Menn verði hins vegar að vera tilbúnir að skoða hvað eigi að vera innan samtryggingar og hvað utan.

„Það er alveg ljóst að á síðustu árum voru menn að bæta inn atriðum sem eftir á að hyggja er spurning hvort hefði átt að gera. Ýmsar stofnanir hafa verið styrktar og þjónusta bætt. Við höfum tekið að okkur menntun, það er nú slagur um heilan skóla nú í augnablikinu sem er einkarekinn við hliðina en borgaður af skólagjöldum og ríkisframlögum.“

Árni Páll segir í grein sinni að dæmi séu um stofnanir sem fái framlög á fjárlögum þótt þær sinni ekki grundvallarþjónustu ríkisins. Aðrar stofnanir sinni hins vegar sambærilegri þjónustu án nokkurs ríkisframlags. Hann tiltekur ekki hvaða stofnanir um ræðir, en segir að utan um þetta verði að ná. Ekki náðist í Árna Pál við vinnslu greinarinnar.

### Skipulagsbreytingar

Steingrímur segir mikinn árangur hafa náðst með skipulagsbreytingum. Stofnanir hafi verið sameinaðar og þeim fækkað, sem hafi gefið góða raun. Stærri stofnanir eigi líka hægara um vik með að takast á við hagræðingu. Í því skyni nefnir hann að sú staðreynd að lögregluembættin á höfuðborgarsvæðinu voru sameinuð í eitt hafi auðveldað hagræðingu þar. Eins hafi sameining allra skattumdæma í eitt komið vel út.

„Þá höfum við náð því í gegn sem lengi vafðist fyrir mönnum, að flytja málefni til sveitarfélaganna. Það var góð hagræðingar- og skipulagsaðgerð sem hafði ekki áhrif á kostnað þjónustu eða verkefni málaflokksins. Það gerði sveitarfélögunum kleift að skipuleggja sína nærþjónustu betur, sem áður skiptist á milli sveitarfélaga og ríkisins. Málefni aldraðra eru næst á dagskrá og ég tel að sá flutningur muni einnig gefa góða raun.“

### Veruleikinn bankar upp á

Í grunninn má segja að í gegnum málflutning ráðherranna þriggja skíni að efnahagslegur veruleiki Íslands hafi orðið þeim ljós. Leita verði allra leiða til sparnaðar í ríkisrekstri. Liður í því sé að skilgreina þjónustuhlutverk ríkisins og leiðarhnoðað er að eyða ekki um efni fram.

Guðbjartur segir að margir keppist nú við að ná sínum besta punkti, eins og hann var fyrir hrun, ná því sem var best fyrir viðkomandi.

„Það gildir um allar stofnanir og einstaklinga varðandi launakjör og annað. Það er hins vegar bara veruleiki sem kemur ekki aftur.“

**Kolbeinn Óttarsson Proppé**
kolbeinn@frettabladid.is





NÝTT DÝRARÍKI Í HOLTAGÖRÐUM
OPNUNARHÁTÍÐ UM HELGINA
FJÖLDI FRÁBÆRRA
TILBOÐA!
ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR AF FUGLABÚRUM Í ÚRVALI
ALLT AÐ 40% AFSLÁTTUR AF NAGDÝRABÚRUM Í ÚRVALI
45% AFSLÁTTUR AF BELLA OG PRIMA NÁÐHÚSUM
30% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HUNDA- OG KATTAMAT
40% AFSLÁTTUR AF 54L FISKABÚRI MEÐ FYLGIHLUTUM
40% AFSLÁTTUR AF ATLAS 10 EL FERÐABÚRUM
EKKI MISSA AF ÞESSU - KOMIÐ Í HOLTAGARÐA OG GERIÐ EINSTÖK KAUP FYRIR DÝRIN YKKAR
TILBOÐ Á:
Körfum og bælum
Ræktendafóðri
Ólum og beislum
Og ýmsu öðru
NANNA HUNDANUDDARI
verður á staðnum
og veitir góð ráð
DÝRAHJÁLPIN
og dýr í heimilis-
leit frá kl 13-17
Dýrahjálp Íslands
www.dyrahjalp.is
DÝRARÍKIÐ
DORMA
SKÚTUVOGUR
HAGKAUP
BÓNUS
SÆBRAUT
Stærsta og skemmtilegasta gæludýraverslun landsins
Sími 568 66 68 Opið 11-18 virka daga / 12-18 um helgar
DÝRARÍKIÐ
Holtagörðum ... fyrir dýravini
Næg bílastæði á efra plani

föstudagur **Föstudags**viðtalið

Þorvaldur Kristinsson, forseti Hinsegin daga í Reykjavík

# Rétturinn til ástarinnar

Staða samkynhneigðra á Íslandi hefur breyst mikið frá því að **Þorvaldur Kristinsson**, forseti Hinsegin daga, hóf að taka þátt í baráttunni. Hann fór yfir málin með *Þórunni Elísabetu Bogadóttur.*

Við byrjuðum smátt, með útihátíð á Ingólfstorgi árið 1999. Áður höfðum við tvívegis reynt að fara í göngur til að vekja athygli á málstað okkar, 1993 og 1994. Annað árið komu 72 og hitt árið 71 ef ég man rétt. Tími okkar var ekki kominn," segir Þorvaldur Kristinsson, forseti Hinsegin daga, um upphaf hátíðarinnar. Hátíðin er haldin þessa dagana í þrettánda skipti. „Á þeim þrjátíu árum sem ég hef starfað með hreyfingu hinsegin fólks hefur gríðarlega margt gerst, bæði hvað varðar viðhorf samkynhneigðra til sjálfra sín og viðhorf þjóðarinnar til okkar. Nefnd til að kanna stöðu samkynhneigðra var skipuð 1993 og skilaði skýrslu árið 1994 sem varð til þess að lög um staðfesta samvist voru samþykkt 1996. Þetta varð til þess að samfélagið opnaðist á hátt sem engan óraði fyrir. Samkynhneigðir eignuðust sjálfstraust sem þeir höfðu ekki átt áður," segir hann og minnist þess síðan þegar Heimir Már Pétursson hvatti til þess að stofnað yrði sérstakt félag, eftir fyrstu hátíðina á Ingólfstorgi, og efnt yrði til gleðigöngu að erlendri fyrirmynd. „Fyrir þetta verð ég honum ævinlega þakklátur, og aðra helgina í ágúst árið 2000 lögðum við af stað í göngu. Við vissum eiginlega ekki hvaðan á okkur stóð veðrið þegar við komum fyrir hornið á Hlemmi því allt í einu var mikill fjöldi saman kominn í miðbænum." Þorvaldur segir að þá hafi um fimm þúsund manns mætt á svæðið en síðan hefur hátíðin vaxið og nú er talið að um 70 til 90 þúsund mæti í gönguna.

Þorvaldur segist eiga erfitt með að slíta sig frá starfi með Hinsegin dögum. „Þeir hafa í sér eitthvert dularfullt hreyfiafl. Á þessum hátíðisdegi okkar verður til stórkostlegt hópefli, fólk skynjar sig sterkara í hópnum en eitt á báti. Þessi gleði snertir mig djúpt. Ég bjóst aldrei við því að sjá þann árangur sem náðst hefur gerast í mínu lífi. Á Hinsegin dögum leysist úr læðingi jákvæð orka og tilgangurinn er svo tær. Hann snýst um réttinn til ástarinnar, og menn hafa nú barist fyrir ýmsu ómerkilegra." Hinsegin dagar á Íslandi eru að sögn Þorvaldar gjörólíkir því sem gerist annars staðar í heiminum, að því leyti að hátíðin hefur í miklum mæli orðið viðurkennd fjölskylduhátíð. „Fólk er hér með fjölskyldu og vinum og raunar allri þjóðinni. Það eru ekki dregin landamæri milli okkar og hinna og það er hluti af þessum dularfulla krafti sem ég skynja þennan dag – múrar falla. Það er meira en hægt er að segja um skyldar hátíðir víða erlendis."

**Leist ekkert á aðstæður**

Þorvaldur tók þátt í hreyfingum samkynhneigðra í Kaupmannahöfn á námsárum sínum þar, ferðaðist meðal annars um borgina sem gestafyrirlesari í skóla og sagði frá lífi lesbía og homma. Hann kom heim til Íslands árið 1982: „Þá mættu mér Samtökin '78, fámenn og að mörgu leyti veikburða. Mér fannst lítið um sýnilegt samkynhneigt fólk og eiginlega leist mér ekkert á aðstæðurnar. En það sem skipti sköpum var fólkið sem mætti mér. Ég hitti ungt fólk sem var bæði gáfað og hugrakkt og vissi mikið um hvað þessi barátta snerist um, að lifa með reisn sem hommi eða lesbía. Ég hef reynt að halda tryggð við þessa vini mína alla tíð síðan." Þorvaldur segist hafa lært mikið í Danmörku, meðal annars það að kjarni baráttunnar sé að læra að standa með sjálfum sér, „hver maður er, hvar sem er og við hvaða aðstæður sem er. Að koma úr felum er reyndar ævilangt verkefni en þetta var kjarni þeirrar baráttu sem ég sogaðist inn í ungur maður og kjarninn hefur ekkert breyst." Hreyfingin hafi sannreynt að eina vopnið gegn fordómum og fáfræði sé að gefa sig til kynna. Um leið segir hann að þetta hafi vissulega tekið sinn toll, sem nú heyri vonandi sögunni til. Aðkast á almannafæri, atvinnumissir og uppsagnir leigusala voru dæmi um þetta.

> Baráttan við kúgun snýst um það sérkennilega hlutskipti að vera alla ævi minnihlutamanneskja í heimi sem er innréttaður fyrir hina.



**ÞAKKLÁTUR ÍSLENDINGUM** Hinsegin fólk hefur mætt meiri skilningi á Íslandi en dæmi eru um annars staðar, segir Þorvaldur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**Fjölskyldan stóð með sínum**

Alnæmi hafði mikil áhrif á hreyfingu samkynhneigðra á níunda áratugnum en þau voru ekki eingöngu slæm. „Að okkur var sótt mjög hart þegar alnæmi herjaði sem harðast og lagði marga félaga mína í gröfina. En það varð til þess að hreyfing okkar neyddist til að standa við sitt, gerast sýnileg og svara fullum hálsi." Það lagði grunninn að næsta skrefi í baráttunni, sem var glíman við löggjafarvaldið. „Það sem skipti sköpum var sennilega þær lagabreytingar sem urðu á tíunda áratugnum." Baráttan sem síðan tók við snerist um fjölskylduréttinn. „Þó að hún kostaði kraftana var hún eftir á að hyggja auðveld miðað við það sem á undan var gengið, því þjóðin stóð með okkur. Þegar lögin um staðfesta samvist gengu í gildi fannst mér fjölskyldur okkar loksins hætta að tvístíga gagnvart okkur, nú var íslenska fjölskyldan loksins tilbúin að standa með börnum sínum af heilum hug. Þegar maður hefur sína nánustu með sér eru næstu skref auðveld."

**Baráttan gegn misrétti og kúgun**

Þorvaldur gagnrýnir hart þá samfélagsumræðu sem hann segir gera ráð fyrir því að baráttan fyrir réttlátri löggjöf sé hin eiginlega barátta, og að henni lokinni sé baráttunni lokið. „En þá er hún fyrst að byrja. Annars vegar glímum við við misrétti sem er mælanlegt og verður svarað með réttlátri löggjöf. Þar hafa Íslendingar staðið sig ótrúlega vel. Auðvitað er ekki allt í höfn, réttur transfólks á til dæmis enn langt í land, en ég finn á mér að transfólk muni öðlast viðurkenningu með lögum fyrr en síðar. Eitt er misrétti og annað er kúgun. Baráttan við kúgunina tekur engan enda og er miklu flóknari. Hún snýst um persónulegt líf og tilfinningar og það sérkennilega hlutskipti að vera alla ævi minnihlutamanneskja í heimi sem er innréttaður fyrir hina." Kúgunin birtist í mörgum myndum, segir Þorvaldur. „Hún getur birst í þöggun sem bitnar stundum skelfilega á okkur, en hún getur líka birst í kvikindishætti, níði og grimmd. Öllu þessu hef ég kynnst í gegnum tíðina."

## Litið á transfólk eins og sýningargripi

„Það bíður mikil vinna til að leiðrétta stöðu transfólks á Íslandi, efla sýnileika hópsins og ekki síst að forða þeirri kúgun sem hann verður fyrir í fjölmiðlum. Allt of oft er litið á transfólk á mjög svipaðan hátt og litið var á homma fyrir þrjátíu árum – sem sýningargripi eða dýr í dýragarði. En við erum ekki að tala um dýr í dýragarði, við erum að tala um lifandi manneskjur sem eiga sama rétt og aðrir á því að finna hamingjuna. Ég tek sérstaklega eftir þessu því ég man þá tíma svo vel þegar fjallað var um samkynhneigða sem fyrirbæri, sem furðufugla."

**Enn erfitt að koma úr skápnum**

Þorvaldur segir það umhugsunarefni hvað ungu fólki reynist enn erfitt að koma út úr skápnum. „Þjáningarferlið er styttra nú, en á undan er oftast mikil angist sem fáir sleppa við. Meðan þessi þjáning og ótti er lifandi staðreynd er þörf fyrir baráttu og því mikilvægt að hinsegin fólk geri sér grein fyrir því að það tekur engan enda að standa með sjálfum sér. En ég vil ekki líkja því saman hversu þetta hlutskipti er léttara nú en fyrir tuttugu til þrjátíu árum. Við höfum svarað vandanum með fræðslu, umræðu og stuðningi." Hann segir leitt til þess að vita að ekki sé virkari stuðningur fyrir hinsegin unglinga í skólum en raun ber vitni og hvetur um leið til þess að hugað sé að ólíkum aldurshópum. „Nú fer sá hópur stækkandi sem hefur lifað opnu lífi og í fullri hreinskilni frá unga aldri og er að verða gamall. Mér er í mun að þessum hópi líði vel með sjálfum sér og fordómar bitni ekki á honum." Þessi hópur er þó ekki ýkja stór ennþá. „Alnæmi hjó skörð í raðir karlmannanna og ýmsir bundu enda á líf sitt vegna þess hversu lífið var þeim örðugt, og það er ekkert afskaplega langt síðan."

**Þakklátur Íslendingum**

„Það getur verið háskaleikur að vera málsvari fyrir mannréttindabaráttu hinsegin fólks. Baráttan tekur sinn toll því við erum alltaf að tjá það sem er viðkvæmast, tilfinningalífið." Þorvaldur segir að honum hafi snemma verið kennt að láta ekki sólina setjast yfir reiðina. „Ég reyndi að þjálfa mig upp í að láta ekki átök, níð og árekstra setjast að í sálinni heldur ganga til leiks næsta dag eins og ég væri staddur á fyrsta degi ferðarinnar. Það er sú eina hvatning sem ég get gefið vinum mínum, að þeir láti sólina ekki setjast yfir sársauka sinn."

Þorvaldur segist óendanlega þakklátur Íslendingum fyrir að svara kalli hinsegin fólks. „Við höfum mætt meiri skilningi en dæmi eru um annars staðar. Það helgast sennilega af því að við erum eins og ein stór fjölskylda. Eftir að þessi mikli fjöldi hinsegin fólks varð sýnilegur geta Íslendingar ekki gengið svo glatt í gegnum lífið án þess að þekkja einhvern homma eða lesbíu. Það eru persónuleg kynni af manneskjum sem eru okkar sterkasta vopn gegn fordómum."


**Hefur þú prófað ZUMBA?**

Dansaðu þig í form með einföldum sporum, skemmtilegri tónlist og góðum félagsskap

**Zumba fyrir byrjendur**
Þri og fim kl. 18.30

**Zumba fyrir lengra komna**
Þri og fim 17.30

Hefst 8. ágúst - Fjórar vikur
Verð kr. 11.900 eða 7.900
í áskrift (3 mán binditími)



HEILSUBORG
Faxafeni 14 www.heilsuborg.is

Skráning á
mottaka@heilsuborg.is
eða í síma 560 1010

# ER EKKI ALLT Í LAGI!!!

## NÚ LÆKKUM VIÐ ENN MEIRA

## ALLAR VÖRUR Á 60% AFSLÆTTI

## NEMA...........ÞÆR SEM ERU Á 80% AFSLÆTTI.....

Fyrstur kemur
fyrstur fær



SPEGLAR



Enn meiri
lækkun

**Verð áður: 296.900.-**
**Nú:107.960,-**
Sérhannaðar "orthopedic"
dýnur fylgja með.

80 %
afsláttur



TV skenkar

60 %
AFSLÁTTUR



SÓFI MEÐ ÁKLÆÐI
Verð nú: 29.960.-



Kinwai skápar



Rúmgaflar mikið úrval

- Náttborð
- Stakir stólar
- Gjafavara
- Kerti
- Sófaborð
- Hornborð
- Lampar
- Borðstofuborð
- Borðstofustólar
- Bókahillur
- Málverk
- OFL. OFL.

Enn meiri
lækkun

Glæsibæ

LAGERSALA

ÁLFHEIMAR
Húsgögn gjafavörur
Glæsibæ

Opið mánud. til föstud. 12 til 18 - laugard 12 til 16



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Senseo
12.900 kr.
Philips Senseo kaffivél fyrir kaffipúða
Verð aðeins 12.900 kr.
takmarkað magn í boði !
500 kaffivélar í boði á þessu verði !
GÓÐIR KAFFIPÚÐAR
FÍNT VERÐ
10 KR. KAFFIBOLLINN
COFFEE PODS DARK ROAST
359 KR. 36 STK
EUROSHOPPER KAFFIPÚÐAR
René
11 KR. KAFFIBOLLINN
398 KR. 36 STK
RENE KAFFIPÚÐAR 36
KYCKLINGFILÉ
1498 KR. 900G
EUROSHOPPER FROSNAR KJÚKLINGABRINGUR
198 KR. 4 STK
BÓNUS MJÚKAR KRINGLUR
GEVALIA Original
579 KR. 1/2 KG
GEVALÍA RAUÐUR ORGINAL
FILTER COFFEE
298 KR. 1/2 KG
EUROSHOPPER KAFFI
KJÖTFARS
298 KR. STK
NÝTT KJÖTFARS 620 GRÖMM
Fitty
269 KR. 2 STK
FITTY SAMLOKUBRAUÐ 1/2 KG.
269 KR. FYRIR TVÖ BRAUÐ
TVÖ FYRIR EITT !
998 KR. KG
FERSKT BLANDAÐ HAKK
NAUT & GRÍS 100% KJÖT
Barilla SPAGHETTI n.5 1Kg
249 KR. 1 KG
BITAFISKUR
ÝSA 200G
Já 162 grömm af próteini í einum poka. Ein próteinríkasta fæða sem völ er á og í eitt kíló af harðfiski þarf u.þ.b. 14,5 kg af ferskum fiski upp úr sjó.
Bitafiskur
1398 KR. 200G POKI
ÖMMUBAKSTUR
KLEINUR 10 STK.
KLEINUR
259 KR. 10 STK
598 KR. KG
ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR
198 KR. KG
KAUPFÉL. SKAGFIRÐINGA
FROSIN LAMBASVIÐ
Afgreiðslutími
Föstudagur
10:00-19:30
Góður tilbúinn matur fyrir 3-4 aðeins 998 kr.bakkinn
BÓNUS HEILSURÉTTUR
BÓNUS BURRITOS 4 STK
ÓDÝRT -FLJÓTLEGT ÞÆGILEGT
ÞARF AÐEINS AÐ HITA !
BÓNUS ÍTALSKT LASAGNE
BÓNUS ÍTALSKAR KJÖTBOLLUR
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

**279** KR. KG
HOLLENSK **PAPRIKA**

**298** KR. 1 KG.
SFG ÍSLENSKIR **TÓMATAR**
NÝJIR ÍSLENSKIR TÓMATAR PAKKAÐIR 1 KG Í BAKKA

**129** KR. STK
SFG ÍSLENSK
**AGÚRKA**
350 GRÖMM STK

**159** KR. KG
SPÆNSK
**HUNANGSMELÓNA**

**129** KR. KG
SPÆNSK
**VATNSMELÓNA**

**129** KR. KG
HOLLENSKT **HVÍTKÁL**

**129** KR. KG
HOLLENSKAR **RAUÐRÓFUR**

**198** KR. KG
DANSKAR
**BÖKUNARKARTÖFLUR**

**257** KR. KG
**DOLE BANANAR**
FRÁBÆR NÆRING FYRIR SANNGJARNT VERÐ

**259** KR. 100G
ÍTALSKT **SALAT 100G** MESCLUM SALAT, SPÍNAT, KLETTASALAT

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA VISA Vildarklúbbur

Afgreiðslutími
Föstudagur
10:00-19:30

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Hvernig á að endurskilgreina hlutverk ríkisins?

# Höfum við efni á norrænni velferð?

Gerð fjárlaga fyrir næsta ár verður ekki auðveldari en fjárlagagerðin í fyrra. Sennilega þarf að taka enn óvinsælli ákvarðanir en undanfarin ár, þótt mörgum hafi þótt glíman við hallarekstur ríkissjóðs erfið hingað til.

Árni Páll Árnason viðskiptaráðherra vakti athygli á þessu í grein í Fréttablaðinu í gær og sagði ljóst að enn þyrfti að skera niður í ríkisrekstrinum. Víða væri komið að þolmörkum í skattlagningu og ekki auðvelt að minnka frekar fjárveitingar til óbreytts ríkisrekstrar. „Framundan er því að taka annars konar ákvarðanir – ákvarðanir um að breyta umgjörð ríkisrekstrar og því þjónustuframboði sem ríkið ábyrgist og stendur skil á úr sameiginlegum þjóðum," segir Árni Páll. Hann vill skilgreina umfang og grundvallarverkefni ríkisins þrengra en gert hefur verið.


SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is


Þetta er svipaður tónn og Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra sló í viðtali við Fréttablaðið fyrir tæpu ári, þegar hann sagði að skilgreina þyrfti hlutverk ríkisins upp á nýtt. „Ef við forgangsröðum upp á nýtt getum við svo hætt að borga ýmislegt sem við eigum ekkert endilega að borga sem ríki heldur sem einstaklingar – það sem við getum kallað hálfgerðar skrautstofnanir sem hafa orðið til í góðærinu," sagði Guðbjartur þá.

Þessi áform velferðarráðherrans gengu reyndar ekki eftir í fjárlagavinnunni í fyrra. Þá varð niðurstaðan fyrst og fremst sú að reynt var að komast af með minna fé til að reka svipaða þjónustu og verið hefur. Ríkisstofnunum fækkaði vissulega með sameiningum, en fá eða engin verkefni sem þær hafa með höndum voru lögð niður og ríkisstarfsmönnum hefur ekki fækkað í samræmi við fækkun ríkisstofnananna.

Hugsunin hjá þessum tveimur ráðherrum úr Samfylkingunni er þess vegna alveg rétt – lykillinn að árangri í glímunni við fjárlagahallann er að skilgreina hlutverk ríkisvaldsins þrengra. Það er auðvitað kaldhæðni sögunnar að það skuli vera vinstri stjórn sem situr uppi með það verkefni eftir að „hægri"- eða „frjálshyggju"-ríkisstjórnir þöndu umsvif ríkisins út.

Vandinn er hins vegar sá að Árni Páll og Guðbjartur eru nánast ófáanlegir til að svara því skýrt hvaða stofnanir og verkefni ríkisins þeir eigi við. Kannski kemur það í ljós þegar hulunni verður svipt af nýju fjárlagafrumvarpi.

Af ummælum Steingríms J. Sigfússonar í Fréttablaðinu í dag má þó ráða að um þessa nálgun að vandanum ríki ekki samstaða í stjórnarliðinu. Steingrímur segir að ekki verði hróflað við velferðarþjónustunni og „norrænu velferðarsamfélagi". Hagræðingin nú þýði ekki að verkefnum ríkisins fækki.

En er það ekki einmitt vandinn sem núverandi stjórnvöld verða að horfast í augu við? Höfum við efni á allri sömu velferðarþjónustu og önnur norræn ríki við núverandi aðstæður – að minnsta kosti á meðan jafnhægt gengur að auka hagvöxt og umsvif í atvinnulífinu og raun ber vitni? Getur ekki verið að skera þurfi niður réttindi og þjónustu velferðarkerfisins, sem bætt var við í góðærinu; á meðan við reyndum að ljúga því að okkur að við værum ríkari en við erum, svo notuð séu orð fjármálaráðherrans?


FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871



## HB-hópur

Fjölbreyttar æfingar og hressir tímar fyrir lengra komna

**Þjálfari: Anna Borg sjúkraþjálfari**

Mán, mið og föst kl. 7.45 eða 9.00
Hefst: 8. ágúst
4 vikur
Verð kr. 13.900 eða 9.900 í áskrift (3 mán binditími)



**Einnig karlatímar hjá Önnu á þri og fim kl. 11.00 frá 1. sept**

HEILSUBORG
*Faxafeni 14 www.heilsuborg.is*

Skráning á mottaka@heilsuborg.is eða í síma 560 1010


## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Tuð

CrossFit-kempan Annie Mist Þórisdóttir er orðin heimsmeistari í greininni. Að launum hlaut hún um þrjátíu milljónir króna. Fljótlega urðu það miklar fréttir að Annie þyrfti að greiða skatt af launum. Viðbrögðin við því voru flest á þá leið að skattastefna ríkisstjórnarinnar gerði það að verkum að afreksfólki væri ekki vært á Íslandi. Nú er Annie eflaust vel að fénu komin, en íþróttafólk í hennar stöðu þarf engu að síður að borga skatta af launum sínum eins og aðrir. Og verðlaunafé á stórmótum er einmitt eitt form launa. Það er lítið vit í að tuða yfir því.



### Popúlismi á undanhaldi?

Það er oft auðvelt að vera í stjórnarandstöðu. Þá fylgir orðum manns nefnilega ekki sama ábyrgð og ella. Þess vegna er það allrar athygli vert þegar stjórnarandstöðuþingmaður tekur óvinsæla pólinn í hæðina, eins og framsóknarkonan Eygló Harðardóttir gerir á bloggi sínu þegar hún efast um réttmæti þess að veita meiri fjármuni í Kvikmyndaskóla Íslands. Klassíski popúlistinn hefði ekki sagt hug sinn allan til þess máls.



### Endurtekur sagan sig?

Nokkuð hefur verið skrafað um óboðlegt ástand í fangelsismálum undanfarið. Meðal kosta sem nefndir hafa verið er að nýta húsnæði þriggja heilbrigðisstofnana: Vífilsstaðaspítala, hjúkrunarheimilisins að Víðinesi og geðheilbrigðisstofnunarinnar að Arnarholti. Í því ljósi mætti rifja upp að helsta fangelsi Íslendinga, Litla-Hraun, var upphaflega reist sem sjúkrahús, þó að það hafi reyndar aldrei gegnt því hlutverki. Það skyldi þó ekki vera að sagan endurtæki sig? Svo fer bráðum að losna húsnæði heilbrigðisstofnunar í Fossvoginum.

stigur@frettabladid.is
kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Tómlæti er ekki í boði


Hryðjuverk



Þórunn Sveinbjarnardóttir

formaður þingflokks Samfylkingarinnar


Frá því á föstudaginn langa 22. júlí hef ég fylgst af vaxandi aðdáun með því hvernig Norðmenn hafa brugðist við ólýsanlegum hörmungum af reisn, yfirvegun og mannkærleika. Á Íslandi getur engum dulist að hryðjuverkin í Noregi færa illskuna sem þrífst í sálum fjöldamorðingja á borð við Anders Behring-Breivik óþægilega nálægt okkur. En samstaða Norðmanna gegn ofbeldi og illsku er til eftirbreytni og hún hefur vakið athygli um allan heim. Hún gefur okkur von. Von um að hryllilegum hryðjuverkum sé hægt að svara með öðru en blóðhefnd. Allir hafa val um viðbrögð við voðaverkum sem þessum. Norsk stjórnvöld völdu erfiðari leiðina; þá að taka ekki upp orðræðu haturs og hefnda; en standa heldur vörð um lýðræðið, frelsið og fjölbreytni samfélagsins.

Þessi leið býður ekki upp á barnalegt andvaraleysi um öflin sem þrífast í samfélögum okkar, eins og einhver kynni að halda. Andúð á útlendingum, jafnvel botnlaust hatur, og hræðslan við það óþekkta þrífst alls staðar. Líka á Íslandi. Það er óþægileg staðreynd sem hvorki má mæta með tómlæti eða afneitun. Hér hafa allir hlutverki að gegna; almennir borgarar, skólar, kjörnir fulltrúar, fjölmiðlar, trúfélög – í raun allir sem vilja standa vörð um lýðræðið, frelsið og fjölbreytnina. Verkefni okkar allra er að skapa ekki jarðveginn fyrir hatrið og illskuna í opinberri umræðu. Það gerum við m.a. með því að skapa alvöru fjölmenningarsamfélag þar sem fólk nýtur verðleika sinna en geldur ekki fyrir uppruna sinn. Við gerum það með því að kenna börnum okkar að ofbeldi leysir engan vanda, heldur skapar nýjan og verri vanda.

> Verkefni okkar allra er að skapa ekki jarðveginn fyrir hatrið og illskuna í opinberri umræðu.

Við getum notað hina skelfilegu atburði í Noregi til þess að horfast í augu við sjálf okkur og samfélagið sem við byggjum. Við þessar aðstæður spyrja börn af visku sinni spurninganna sem máli skipta. Hver eru svörin við eldhúsborð landsmanna? Stöndum við keik í hinni barnalegu fullvissu okkar að Ísland sé öðruvísi – betra? – en nágrannalöndin? Varla. Og tómlæti er ekki í boði.


FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Lýðræðið ógn við lýðræðið?

Í DAG
Pawel Bartoszek
stærðfræðingur



Nái tillögur stjórnlagaráðs um kosningakerfi fram að ganga mun kjósandi á kjördag standa frammi fyrir kjörseðli sem er svipaður þeim sem notast er við nú, að öðru leyti en því að fyrir neðan listann með frambjóðendum hvers flokks í kjördæminu verður annar listi, svokallaður landslisti, þar sem verður að finna frambjóðendur flokksins á landsvísu. Þannig munu allir landsmenn geta lýst skoðun sinni á helstu leiðtogum flokkanna og kosið frambjóðendur sem búsettir eru utan þeirra kjördæmis, bjóði þeir sig fram á landslista.

### Einfalt eða einfaldlega flókið?

Næstum því öll kosningakerfi eru sögð vera flókin. Í dag notast Íslendingar við endurteknar D'Hondt-reglur til að reikna út þingstyrk, gráðugan algóriþma til að reikna út jöfnunarþingsæti og einhvers konar Borda-aðferð til að reikna út hver eigi að sitja á þingi.

Samanborið við þetta er það kosningakerfi sem stjórnlagaráð leggur til talsvert einfaldara. Jöfnunarsætahringekjan er úr sögunni. Reglurnar um uppgjör „breyttra kjörseðla" eru mun einfaldari. Kjósendur sem vilja hafa áhrif á hvaða frambjóðendur veljast til þingsetu krossa við nöfn í stað þess að fara í einhvern númeringar- og útstrikunarleik. Eftir sem áður munu kjósendur geta mætt í kjörklefann og merkt við einn lista og líklegt er að flestir kjósendur nýti sér þann kost, til að byrja með.

### Stjórnmálaflokkar veiktir?

Eitt helsta einkenni tillagna stjórnlagaráðs er að kjósendur munu ráða öllu um hvaða frambjóðendur flokkanna ná kjöri. Þetta er töluverð breyting frá því sem nú er þar sem listar flokkanna eru raðaðir fyrirfram. Stuðningsmenn persónukjörs vonast gjarnan til að með því verði auðveldara að losa sig við vonlausa þingmenn auk þess sem flokksræðið muni minnka. Andstæðingarnir benda á móti á að flokksagi sé ekki af hinu vonda, heldur auki stjórnarfestu, persónukjör geti leitt til sundrungar innan flokka og haft neikvæð áhrif á kjörsókn.

Í stuttu máli virðist sem jafnt stuðningsmenn sem stjórnmálaflokkar landsins velja framboðslista sína í prófkjörum, sem eru ákveðin útgáfa persónukjörs. Hafi persónukjör innan flokka slæm áhrif á lýðræðið, þá eru þau slæmu áhrif í það minnsta löngu komin fram.

### Sveiflur minnka?

Í tillögum stjórnlagaráðs er opnað á þann möguleika að kjósendur geti valið frambjóðendur af listum fleiri en eins flokks. Á það hefur verið bent að slíkt fyrirkomulag geti dregið úr sveiflum milli stjórnmálaflokka. Hér er um ágæta ábendingu að ræða, til dæmis virðist

> Um leið var reynt að tryggja að öll svæði og bæði kyn ættu sér fulltrúa meðal þingmanna. Kosningatillögur stjórnlagaráðs endurspegla þessar áherslur.

andstæðingar persónukjörs ofmeti áhrif þess á gangverk stjórnmálanna. Samkvæmt rannsókn Lauri Karvonen frá 2004 virðist ekki sem persónukjör hafi marktæk áhrif á pólitískan stöðugleika, endurnýjun meðal þingmanna, flokksaga, fylgissveiflur eða kosningaþátttöku. Endurnýjun meðal þingmanna er t.d. meiri á Íslandi en í Finnlandi, sem býr við fullt persónukjör.

Flokksagi á Írlandi, þar sem kjósendur geta valið frambjóðendur þvert á flokka, er mjög mikill.

Hér ber auðvitað að hafa í huga að lönd eru ólík, kosningar tiltölulega sjaldgæfar og því ekki oft sem unnt er að álykta hluti með tölfræðilegri vissu. Hins vegar verður ekki séð að sú fullyrðing að það að kjósendur en ekki flokkar ráði uppröðun framboðslista sé sérstök ógn við lýðræðið eigi við sérstök rök að styðjast. Mörg nágrannalanda okkar búa við slíka tilhögun. Að auki má nefna að að flestir stærstu sem sveiflur í Sviss, þar sem slíkar hlaðborðskosningar eru notaðar séu vissulega tiltölulega litlar. Hér er þó rétt að hafa í huga að rannsóknir í þessum efnum virðast torfundnar. Í ljósi alls þessa ákvað stjórnlagaráð að rétt væri að fela þinginu úrslitavald um hvort kosningar þvert á lista væru leyfðar, þó svo að meirihluti ráðsmanna hafi haft þá skoðun að svo ætti að vera.

Meginmarkmið stjórnlagaráðs í kosningamálum voru að jafna vægi atkvæða og að auka val kjósenda um það hverjir sætu á þingi. Um leið var reynt að tryggja að öll svæði og bæði kyn ættu sér fulltrúa meðal þingmanna. Kosningatillögur stjórnlagaráðs endurspegla þessar áherslur. Hefði stjórnlagaráð viljað ýkja upp fylgissveiflur og stuðla að eins flokks ríkisstjórnum þá hefði ráðið lagt til aðra leið.

Landinu hefði þá verið skipt upp í 63 einmenningskjördæmi að breskri og bandarískri fyrirmynd. Sú leið var ekki farin.

# Nafnabirting mismunar umsækjendum

Starfsumsóknir
Gunnar Haugen
framkvæmdastjóri Capacent Ráðninga



Nýlegur úrskurður Persónuverndar um nafnabirtingu umsækjenda í sumarstarf hjá RÚV sýnir enn og aftur þær villigötur sem nafnabirtingar í opinberum ráðningum leiða opinber fyrirtæki á. Umsækjandi um starfið vildi ekki að nafn hans yrði birt, enda starfandi hjá samkeppnisaðila RÚV. Persónuvernd úrskurðaði engu að síður að birting nafns, heimilisfangs og starfsheitis umsækjanda væri í samræmi við lög.

Umsækjandinn stendur því líkt og margir aðrir, sem íhuga að sækja um störf hjá hinu opinbera, frammi fyrir tveimur kostum. Að sækja um og eiga á hættu að umsóknin geti haft neikvæð áhrif á framgang hans í núverandi starfi þegar og ef af umsókninni fréttist, eða sleppa því hreinlega að sækja um starfið. Báðir kostirnir eru slæmir fyrir umsækjandann. Annaðhvort þarf hann að leggja framgang sinn í núverandi starfi að veði eða fórna þeim starfstækifærum sem í boði eru hjá opinberum fyrirtækjum.

Því miður er það svo að fjöldi hæfra umsækjenda um opinber störf velur þann kost að draga umsóknina til baka frekar en að eiga á hættu að fá nafn sitt til umfjöllunar í fjölmiðlum, á ættarmótum og annars staðar þar sem fólk kemur saman. Reynsla okkar hjá Capacent sýnir að um 15-20% umsækjenda um opinber störf draga umsókn sína til baka þegar kemur að opinberri nafnabirtingu. Þessu til viðbótar eru svo þeir sem leggja ekki inn umsókn vegna reglna um nafnabirtingar. Stærð þess hóps er óþekkt en vafalaust er þar um nokkurn fjölda að ræða.

Þetta þýðir að í landinu eru að myndast tveir hópar; þeir sem geta sótt um opinberar stöður og þeir sem geta það ekki. Þetta hefur annars vegar í för með sér að opinber fyrirtæki missa af hæfum umsækjendum og hins vegar að tilteknum hópi einstaklinga er haldið utan opinberra starfa.

Að baki nafnabirtingu liggur m.a. sú hugmyndafræði að almenningur geti séð hverjir sækja um starf og þannig dragi úr þeim tilvikum þar sem því er haldið fram að hæfasti einstaklingurinn hafi verið ráðinn, án þess að almenningur viti hverjir voru til samanburðar.

> Gagnsæi er mikilvægt en það má ekki leiða til mismununar – nafnabirting umsækjenda býður upp á mismunun.

Gagnsæi er mikilvægt en það má ekki leiða til mismununar – nafnabirting umsækjenda býður upp á mismunun. Sumir geta sótt um, aðrir ekki.

Ekki er við Persónuvernd að sakast í þessu máli, enda hlutverk hennar að túlka og framfylgja fyrirliggjandi lögum og reglugerðum um nafnabirtingar. Þeim verður að breyta þannig að allir hafi tök á að sækja um opinber störf án þess eiga á hættu að fórna núverandi starfi. Markmiði laganna þarf að ná fram með öðrum hætti.

AF NETINU

### Árni Páll að átta sig!

Árni Páll er að átta sig á raunverulegu viðfangsefni ríkisstjórnarinnar þegar hann segir:

„Við þurfum að hugsa upp á nýtt hvert umfang ríkisrekstrar á að vera og skilgreina þrengra þau grundvallarverkefni sem við viljum að ríkið sinni."

Það er verst að hann virðist sá eini í ríkisstjórninni sem fattar þetta.

Þá er einnig algjörlega rétt hjá Árna Páli þegar hann segir:

„Okkar bíður að sanna að við ráðum við það verkefni sem mörg önnur ríki eru nú að heykjast á – að tryggja samkeppnishæfni atvinnulífs, laga útgjöld að tekjum og takast á við sérhagsmuni og kyrrstöðuöfl í hverri grein. Er það á okkar færi?"

Þetta er málið!

Því miður bendir allt til þess að það sé ekki á færi núverandi ríkisstjórnar að ráða við verkefnið.

Það sem verra er að það bendir heldur ekkert til þess að stjórnarandstaðan ráði við verkefnið.

blog.eyjan.is/hallurm
Hallur Magnússon





Alicante
Flugsæti, 10. ágúst
Verð frá 29.900 kr.
Innifalið: Flug til Alicante og flugvallarskattar.
Vikulegt flug út október 2011.
Kynntu þér ferðamöguleikana og skráðu þig í netklúbbinn á VITA.is
VITA er lífið
VITA | Suðurlandsbraut 2 | Sími 570 4444 | VITA.is
ÍSLENSKA/SIA.IS VIT 55863 08/11

# Reykvísk skákbörn styðja sveltandi börn í Sómalíu

Hungursneyð

Helgi Árnason
skólastjóri



Það er vel til fundið hjá Skákakademíu Reykjavíkur í samstarfi við Skáksamband Íslands að efna til skákmaraþons nú um helgina, dagana 6. og 7. ágúst. Málstaðurinn er góður og bráðnauðsynlegur, að styðja söfnun Rauða krossins við sveltandi og sárþjáð börn í Sómalíu. Mikil vakning hefur orðið meðal reykvískra skólabarna í skáklistinni og er það ekki síst að þakka starfsemi Skákakademíu Reykjavíkur sem hefur staðið fyrir skákkennslu í grunnskólum borgarinnar.

Skákmaraþonið sem fram fer í Ráðhúsi Reykjavíkur markar einnig upphaf að viðamiklum undirbúningi tveggja skáksveita Rimaskóla fyrir þátttöku í Norðurlandamótum barnaskólasveita og grunnskólasveita sem fram fara nú í ágúst og september. Rimaskólakrakkarnir urðu Íslandsmeistarar í báðum aldursflokkum fyrr á árinu. Skáksveitir skólans hafa á undanförnum árum verið mjög sigursælar á Íslands- og Norðurlandamótum.

Skákkrakkarnir bjóða gestum og gangandi upp á að tefla skák og greiða um leið mikilvægt fjárframlag til söfnunar Rauða krossins fyrir nauðstödd börn í Sómalíu.

> Skákkrakkarnir bjóða gestum og gangandi upp á að tefla skák og greiða um leið mikilvægt fjárframlag til söfnunar Rauða krossins.

Þar sem nánast allir Íslendingar telja sig kunna mannganginn og skákin er í hugum okkar Íslendinga ein af þjóðaríþróttunum, þá vil ég skora á sem flesta borgarbúa að líta við á skákstað í Ráðhúsinu og tefla við skákkrakkana efnilegu sem vita ekkert skemmtilegra en að tefla við hvern sem er. Framtak Skákakademíunnar er lofsvert og ágóðurinn verður hvetjandi fyrir reykvísku skákkrakkana. Þau eru þess fullviss að í gegnum áhugamálið nái framtak þeirra að bjarga mörgum mannslífum sveltandi og sárþjáðra barna.

# Prófessorinn fellur á upptökuprófinu

Landbúnaður

Sindri Sigurgeirsson
formaður Landssambands sauðfjárbænda



Þórólfur Matthíasson, prófessor og deildarforseti hagfræðideildar Háskóla Íslands, heldur áfram umfjöllun sinni um sauðfjárrækt í Fréttablaðinu 3. ágúst. Þótt hann hafi greinilega kynnt sér málin aðeins betur nú en þegar hann tjáði sig um málið síðast, vantar enn talsvert upp á að þekking hans sé á ásættanlegu stigi. Verður því reynt að verða honum til aðstoðar enn á ný.

Deildarforsetinn nefnir réttilega að smásöluverslanir hafi rétt til að skila öllu því kjöti sem þær ná ekki að selja. Hann býr hins vegar til þá kenningu að þetta sé tilkomið að kröfu afurðastöðvanna og gott ef ekki bænda sjálfra til að halda uppi verði á kindakjöti og koma í veg fyrir að neytendum bjóðist varan með afslætti þegar hún fer að nálgast síðasta söludag. Ef prófessorinn hefði rannsakað málið hefði hann komist að því að skilarétturinn er kominn til að kröfu smásölunnar og bændur hafa oftsinnis mótmælt þessu fyrirkomulagi opinberlega.

Hagfræðingurinn telur sem sagt að skilarétturinn sé eingöngu til að halda uppi verði og framleiðendur yfirfylli verslanir af kjöti til þess eins að taka verulegan hluta af því til baka og farga því. Hann telur því að hagsmunir bænda séu fólgnir í því að taka sem mest til baka úr versluninni til þess að henda, halda verðlaginu uppi með töluverðum tilkostnaði vegna flutninga og förgunar. Hann byggir þetta ekki á neinum gögnum ólíkt því sem vísindamenn í háskólasamfélaginu gera en það er hagur bæði verslunarinnar og afurðastöðvanna að selja kjötið en ekki farga því. Afurðastöðvarnar gefa ekki upp hversu mikið kjöt verslanirnar ná ekki að selja en það er afar lítið, jafnvel undir einu prósenti af framleiðslunni hjá stórum þekktum framleiðanda.

Það er verðugt rannsóknarefni fyrir hagfræðiprófessorinn að rannsaka hversu miklu kjöti er fargað eða jafnvel umfang rýrnunar á allri ferskvöru, hvar hún á sér stað og hvað hún kostar. Það væru sannarlega forvitnilegar tölur, en þær eru ekki til. Á meðan svo er getur hvorki prófessorinn né nokkur annar leyft sér að draga ályktanir út frá hugarburði og óvönduðum vinnubrögðum.

Það er langt frá því að smásöluverð á lambakjöti hafi náð að fylgja almennri verðlagsþróun undanfarin ár, neytendum til hagsbóta. Afurðastöðvar kaupa allt sitt kindakjöt af bændum á fyrirfram ákveðnu verði í sláturtíðinni á haustin. Bændurnir fá það að jafnaði greitt að fullu 1-2 vikum eftir slátrun og opinberar stuðningsgreiðslur renna beint til þeirra en ekki afurðastöðvanna. Sláturhúsin hafa því ekki aðra hagsmuni en að selja kjötið á sem bestu verði, enda hafa þær þegar greitt fyrir það. Það þyrfti ansi mikinn hagnað af hverju seldu kílói á móti þeim sem fargað væri að þarflausu til að bæta afurðastöðinni upp þann kostnað sem þegar er áfallinn. Það væri fagnaðarefni ef deildarforsetinn fengist til að skýra út hvernig hagnaður fæst með því að farga kjöti í stað þess að selja það.

Deildarforsetinn eyðir löngu máli í að færa rök fyrir því að útflutningur kindakjöts sé í raun niðurgreiddur þrátt fyrir að útflutningsbætur hafi verið lagðar af 1992. Þar virðist hann halda að stuðningur við sauðfjárræktina sé enn framleiðslutengdur, þ.e. að bændum sé greitt fyrir að framleiða ákveðið magn og stuðningurinn vaxi í takt við aukna framleiðslu. Þetta er einfaldlega rangt.

Kveðið er á um ákveðinn fjölda ærgilda í sauðfjársamningi en fjöldi þeirra er óháður því kjöti sem framleitt er. Reyndar var ærgildi eitt sinn skilgreint sem ákveðið magn af kjöti en það var aflagt fyrir 16 árum þegar framleiðslustýringu var hætt. Í sauðfjársamningnum er einnig ákvæði um að tiltekin upphæð fari til þeirra bænda sem eru með gæðastýrða framleiðslu. Um er að ræða fasta upphæð sem er óháð framleiðslumagni. Það eru því engin rök fyrir því að kalla ákveðinn hluta opinbera stuðningsins niðurgreiðslur á það kjöt sem flutt er út. Yrði útflutningi hætt og framleiðslan minnkuð niður í innanlandsneyslu myndi það engu breyta varðandi upphæð opinbera stuðningsins. Þetta kerfi er ekki ósvipað því sem Evrópusambandið notar fyrir allan landbúnaðinn, en tilgangurinn er að aðlaga framleiðsluna betur að markaðnum og draga úr áhrifum hins opinbera á framleiðslumagn.

Prófessorinn endar síðan grein sína á því að gjaldeyristekjur af útflutningi sauðfjárafurða séu rýrar og tekur hann álframleiðslu til samanburðar. Það kann vel að vera að hann telji hagkvæman kost að fjölga álverum og fækka bændum en það er ekki víst að hann hafi þjóðina með sér þar. Gjaldeyristekjurnar vegna útflutningsins eru hrein viðbót sem fellur til eftir að búið er að sinna þörfum innanlandsmarkaðarins, sem er og verður fyrsta skylda sauðfjárbænda. Bændur eru því stoltir af verkum sínum hvað sem skoðunum deildarforsetans líður.


ÚTILÍF

MIKILVÆG ÖRYGGISVIÐVÖRUN
VEGNA UVEX FUNRIDE SKÍÐAHJÁLMA

UVEX VILL KOMA ÞVÍ Á FRAMFÆRI AÐ VIÐ REGLUBUNDIÐ GÆÐAEFTIRLIT KOM Í LJÓS AÐ FUNRIDE-SKÍÐAHJÁLMAR GETA VERIÐ GALLAÐIR.

**Framleiðslugallinn** getur dregið úr höggdeyfingu og brotstyrk á lykilhlutum hjálmsins (við loftop, hnoð og samskeyti) sem getur valdið alvarlegum áverkum við fall.

Vinsamlega hættu að nota hann og skilaðu honum í **Útilíf í Glæsibæ** gegn fullri endurgreiðslu á kaupverðinu.

Skíðahjálmurinn þinn er **Funride**-hjálmur ef hann ber þetta merki:




Við hjá **UVEX** tökum slagorðið okkar „protecting people" (til verndar fólki) alvarlega. Sem framleiðendur gæðavöru viljum við biðjast innilega afsökunar á óþægindunum. Við þökkum aðstoðina og vonum að þú hafir sömu trú á vörum okkar eftir sem áður.

Nánari upplýsingar á: **www.uvex-sports.de/en/recall**

NÁÐU ÁRANGRI. ÚTILÍF – HOLTAGÖRÐUM. GLÆSIBÆ. KRINGLUNNI. SMÁRALIND. WWW.UTILIF.IS


# Moggalygi í Magmamáli

Hitaveita Suðurnesja

Guðbrandur Einarsson
íbúi í Reykjanesbæ



Mér þótti merkilegt að lesa það á síðum Morgunblaðsins og á Víkurfréttavefnum, haft eftir sjálfstæðismanninum og bæjarstjóranum Ásmundi Friðrikssyni, að kaup lífeyrissjóðanna á hlut í HS Orku og greiðslur Alterra Power (Magma) til eiganda síns, væri lokahnykkurinn í svikamyllu Steingríms nokkurs Sigfússonar í þessu alkunna Magmamáli.

Vegna þess að nú hamast menn við að endurskrifa söguna eftir sínu höfði, vil ég leyfa mér að rifja upp nokkur atriði sem leiddu til þess að stór hluti Hitaveitu Suðurnesja (HS Orka) gekk okkur úr greipum á sínum tíma.

1. Það voru forráðamenn sveitarfélaganna sjálfra sem seldu hluti þeirra í Hitaveitu Suðurnesja til Geysis Green Energy árið 2007. Þáverandi fjármálaráðherra, sjálfstæðismaðurinn Árni Mathiessen, lagði einnig sitt af mörkum og sá til þess að ríkið seldi sinn hlut.

Þá barðist ég ásamt mörgu góðu fólki gegn þessu en við höfðum því miður ekki erindi sem erfiði. Margir sveitarstjórnarmenn á Suðurnesjum tóku á þessum tíma peningalega skammtímahagsmuni fram yfir samfélagslega langtímahagsmuni.

2. Það voru sjálfstæðismenn í Reykjanesbæ ásamt GGE sem skiptu Hitaveitunni upp í HS Veitur og HS Orku árið 2009 og sáu til þess að eignarhlutur Reykjanesbæjar í HS Orku var færður yfir til GGE. Bæjarfulltrúar A-listans í Reykjanesbæ lögðust mjög hart gegn þessu en sjálfstæðismenn komu þessu í gegn í krafti meirihluta síns í bæjarstjórn.

3. Það voru síðan forráðamenn GGE sem hófu strax á árinu 2009 að selja Magma hluti í HS Orku.

4. Þegar fyrir lá á árinu 2010 að GGE væri komið í þrot og Magma myndi kaupa HS Orku þá var það meirihluti sjálfstæðismanna í Reykjanesbæ sem heimilaði að Magma yfirtæki það skuldabréf sem gefið hafði verið út á GGE á sínum tíma. Sá gjörningur gerði það að verkum að Magma gat keypt hlut GGE í HS Orku.

Þegar hér var komið sögu var því miður ekkert sem gat stöðvað þessa sölu, nema að til hefðu komið stórfelldar skaðabætur. Stórkapítalistinn Ásmundur Friðriksson ætti að skilja það að það var ekki hægt að grípa inn í lögleg viðskipti fyrirtækja sín á milli.

> Ég skil það vel að það þjóni hagsmunum sjálfstæðismanna að kenna bara vesalings fjármálaráðherranum um þetta allt saman.

Ég minnist þess ekki að bæjarstjórinn Ásmundur Friðriksson hafi á einhverju stigi lagst á sveif með okkur sem reyndum að koma í veg fyrir að Hitaveitan yrði seld og lenti í höndum einkaaðila og síðar útlendinga. Ég minnist þess heldur ekki að hann hafi á einhverjum tímapunkti gagnrýnt forráðamenn sveitarfélaganna fyrir þetta.

Ég skil það vel að það þjóni hagsmunum sjálfstæðismanna að kenna bara vesalings fjármálaráðherranum um þetta allt saman. Annað eins fær hann yfir sig þessa dagana. Sjálfstæðismenn vita auðvitað upp á sig skömmina í öllu þessu máli. Ég hafði hins vegar ekki gert mér grein fyrir að menn væru svo vitlausir að halda að við Suðurnesjamenn værum búnir að gleyma því hverjir slátruðu Hitaveitunni okkar. Ásmundur þarf að halda nokkrar skötuveislur til viðbótar áður en það gerist.



**Landskeppni** við Færeyinga í skák verður haldin um helgina. Teflt verður á Húsavík og Akureyri. Keppnin fer fram í sautjánda sinn. Íslendingar hafa sigrað ellefu sinnum en Færeyingar unnu naumlega þegar teflt var á þeirra heimavelli fyrir tveimur árum.

;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar:** **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Brynja Dan Gunnarsdóttir** brynjadan@365.is 512-5465 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512 5457

BRÖNS
ALLA LAUGARDAGA OG SUNNUDAGA



Verð aðeins 1.895 með kaffi eða te

GEYSIR
Bistro

Aðalstræti 2 | 101 Reykjavík | Sími: 517 4300
www.geysirbistro.is

Fannar Geir Ólafsson eldar á Matbarnum sem opnar í Iðusölum innan skamms.



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Nú er best að elda íslenskt

Fannar Geir Ólafsson, matreiðslumaður í Iðusölum, leggur sig fram um að nota íslenskt hráefni. Hann segir sumarið besta tímann til þess enda nóg af íslensku grænmeti og öðru góðgæti á boðstólum. Ferskleiki og gott hráefni er honum efst í huga.

Mikið stendur til í Iðusölum en veitingastaðurinn Matbarinn opnar þar á næstu dögum. Hann bætist við ört vaxandi flóru matsölustaða í miðbænum en Iðusalir eru til húsa í Iðuhúsinu að Lækjargötu 2a. „Við munum leggja mesta áherslu á smárétti og sushi og að fólk geti komið beint inn af götunni,“ segir Fannar. Staðurinn er á þriðju hæð en á þeirri fjórðu er veislusalur. Fannar segir stórar svalir liggja út að stóru porti fyrir aftan. „Það verða borð úti á svölum og við eigum von á góðri stemningu.“

Undanfarið hafa staðið yfir tilraunir með ýmsa rétti og féllst Fannar á að gefa lesendum forsmekk að því sem í boði verður. Þar er íslenskt hráefni í forgrunni eins og verður á staðnum. Um er að ræða laxarúllu með steinseljurót, gúrku, rúgbrauði, sölum og hvítvíns-sabayon. Hér er á ferðinni gamalkunnugt íslenskt hráefni í nýstárlegum búningi.

vera@frettabladid.is

## VOLGUR LAXARÉTTUR

með rúgbrauðskurli og harðfiskpúðri FYRIR 4

**Steinseljurótarbitar og mauk**
3 steinseljurætur
ólífuolía
mjólk

*Bitar: Skrælið steinseljurótina og skerið í tvennt eftir endilöngu og svo aftur í tvennt. Skerið í u.þ.b. 6 sentímetra bita. Steikið á pönnu og klárið í ofni í 5-10 mínútur við 100°C.*

*Mauk: Skrælið steinseljurótina og skerið í bita. Svitið í potti í 2-3 mínútur. Hellið mjólk yfir og sjóðið þar til steinseljurótin er fulleldað. Setjið í matvinnsluvél og maukið slétt. Bragðið til með salti og sítrónu.*

**Gúrkubitar**
1 gúrka
ólífuolía
eplaedik

*Skrælið gúrkuna og skerið eftir endilöngu. Kjarnhreinsið og skerið í bita. Setjið bitana í skál með olíu, salti og ediki og látið liggja í tíu mínútur.*

**Rúgbrauðskurl og harðfiskpúður**
1/2 rúgbrauð
1 pk. hraðfiskur
1 pk. söl

*Setjið rúgbrauð í matvinnsluvél og vinnið smátt. Setjið í pott með ólífuolíu og salti og velgið upp Hitið harðfiskinn og sölin við 100° C í 40 mínútur. Látið kólna, setjið í matvinnsluvél og púðrið.*

**Lax**
1 laxaflak
50 g sykur
50 g salt
börkur af 1 sítrónu
2 gashylki

*Roð- og fituhreinsið laxinn. Leggið hann í sykur, salt og sítrónubörk í 40 mínútur. Skolið vel. Skerið flakið til helminga eftir endilöngu og skerið svo í gegnum miðjuna í tvennt. Leggið bitann á plastfilmu og rúllið upp með ólífuolíu. Herðið vel báðu megin. Setjið í pott og sjóðið í 14 mínútur við vægan hita (50-70°C) Fjarlægið plastið.*



FRAMHALD | 2

Við óskum Annie Mist til hamingju með framúrskarandi árangur

Annie Mist er afreksmaður í fremstu röð og vel að sér um næringu og heilsu.

Heimsmeistari í Crossfitt 2011.
silfurhafi á heimsleikum í Crossfitt 2010,
Evrópumeistari í Crossfitt 2009 og 2010
ásamt því að vera margfaldur
þrekmótsmeistari Íslands




Heilsu-réttir Nings
TRANS FITA
MSG

Heilsuréttirnir okkar eru sérstaklega hollir og góðir, fullir af fersku grænmeti, nær fitulausir og án salts og sykurs. Heilsuréttir Nings innihalda mikið af trefjum, hæfilegt magn próteina og góð kolvetni. Heilsuréttirnir eru kryddaðir með ferskum engifer, hvítlauk og chilli.

NINGS

Suðurlandsbraut 6 • Stórhöfða 17 • Hlíðasmára 12 • Sími 588 9899 • www.nings.is



**Blómstrandi hamingjudagar** verða á Hótel Náttúru á morgun. Dagskráin stendur frá 13 og fram á kvöld. Boðið verður upp á jóga, hugleiðslu, blómadropakynningu, mat og skemmtun. Allur ágóði rennur til fjölskyldna sem eiga í miklum fjárhagserfiðleikum. Upplýsingar um Hótel náttúru er að finna á www.hnlfi.is.

Meðal dagskrárliða á Hinsegin dögum, eru hinsegin sigling frá Ægisgarði í kvöld og Regnbogahátíð fjölskyldunnar í Viðey á sunnudag. Regnbogahátíðin var haldin í fyrsta skipti í fyrra og var ákveðið að hún yrði árviss viðburður.

www.gaypride.is





GÆÐAFISKUR

**Sölustaðir:**
10 -11, Inspired í Flugstöðinni, Samkaup, Nettó, Kaskó, Fjarðarkaup, Skeljungsbúðirnar, Olís, N1, Kaupfélag V- Húnvetninga, Kaupfélag Skagfirðinga, Verslunin Vísir, Bláa lónið, Hreyfing, Krambúðin, Fiskbúðin Freyja, Melabúðin.




Skólahúsið er frá 1896. Félagar í Ólafsdalsfélaginu vinna að endurbótum á því.



Leikhópurinn Lotta skemmtir börnum.

# Fjölskylduhátíð á fornu mennta- og menningarsetri í Ólafsdal

**Vigdís forseti flytur ávarp og Leikhópurinn Lotta sýnir barnaleikrit á Ólafsdalshátíð í Gilsfirði á sunnudaginn. Auk þess verður fræðsluganga, tónleikar með KK, markaður, veitingar, sögusýningar og sitthvað fleira á dagskránni. Svo er kaffihlaðborð á Skriðulandi í Saurbæ.**

„Hér verður margt til skemmtunar og við tókum þá ákvörðun að hafa aðganginn frían. En við seljum happdrættismiða og verðum með markað með fjölbreytt handverk, osta og krækling, ís frá Erpsstöðum og fleira sem hægt er að smakka. Meðal þess er grænmeti úr garðinum hér í Ólafsdal sem er ræktað á lífrænan hátt," segir Rögnvaldur Guðmundsson, framkvæmdastjóri og talsmaður Ólafsdalshátíðar sem nú er haldin í fjórða sinn.

Ólafsdalur er innst í Gilsfirði, um sex kílómetra frá veginum vestur á firði um Gilsfjarðarbrú. Þar var fyrsti búnaðarskóli landsins stofnaður árið 1880 af Torfa Bjarnasyni sem rak hann til 1907, meira og minna fyrir eigin reikning. „Á Landsbókasafninu liggja 11.000 bréf til Torfa," nefnir Rögnvaldur til fróðleiks. „Til samanburðar má nefna að á safni Jóns Sigurðssonar eru 6.000 bréf."

> „Með þessu viljum við vekja athygli á staðnum og því stóra hlutverki sem hann hafði að gegna á sínum tíma."

Skólahúsið í Ólafsdal er frá 1896 og félag sem stofnað var 2007 vinnur að endurreisn þess. Í því eru 230 félagsmenn og einn þeirra er Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti, sem ætlar að ávarpa hátíðina á sunnudag. Fleiri taka til máls, Kristján Kristjánsson, betur þekktur sem KK, sér um tónlistarflutning og Leikhópurinn Lotta sýnir leikritið Mjallhvít og dvergarnir sjö. Í skólahúsinu eru þrjár sýningar, ein um skólann, önnur um surtarbrandsnámur á Tindum á Skarðsströnd og sú þriðja um Daladrenginn Tómas R. Einarsson tónlistarmann. „Tómas gaf út frábæran DVD-disk nýlega til minningar um dóttur sína er dó af slysförum í fyrra. Diskurinn heitir Strengur og sýningin líka, þar eru textar og tónlist eftir Tómas ásamt kvikmynd," lýsir Rögnvaldur.

Skólahúsið í Ólafsdal er gestum til sýnis til 21. ágúst. Þar verður námskeiðahald á næstunni, það fyrsta er á morgun um grænmeti og góðmeti milli 13 og 16. Á sama tíma verður dagskrá fyrir börn sem nefnist Leikið, byggt, eldað og borðað. Nánari upplýsingar eru á www.olafsdalur.is. „Með þessu öllu viljum við vekja athygli á staðnum," segir Rögnvaldur, „og því stóra hlutverki sem hann hafði að gegna á sínum tíma."

*gun@frettabladid.is*



„Við tókum þá ákvörðun að hafa aðganginn frían, segir Rögnvaldur en tekur fram að margt verði til sölu og vissara sé að hafa lausafé með sér því netsamband sé stopult í Ólafsdal.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA






Framhald af forsíðu

**Hvítvíns-sabayon**
5 egg
90 g sykur
85 ml. Hvítvín
50 g léttþeyttur rjómi

*Eggin soðin á lágum hita í 15 mínútur. Látin kólna. Skiljið eggjarauðuna frá hvítunni, setjið í skál og blandið sykri við. Hellið hvítvíni í blönduna og setjið í rjómasprautu. (hægt er að blanda u.þ.b 50. gr af léttþeyttum rjóma við með sleikju til að fá þykkari og sléttari áferð.*



*Færið laxinn upp á disk. Dreifið gúrku, steinseljurót, mauki og sabayon í kring. Sáldrið rúgbrauði og harðfiskpúðri yfir. Skreytið með dilli.*




# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 5. ágúst 2011



## HAFDÍS INGA HINRIKSDÓTTIR

### Gaflari og tískufrík

- Hönnun fyrir UN Women
- Á rúmstokknum
- Buxnatískan

FRÁBÆRT FARTÖLVUTILBOÐ

Acer Aspire 5742-384G32MN


- 2.53GHz Intel Core i3-380M - Dual core
- 4GB DDR3 1066MHz minni
- 320GB SATA harðdiskur
- 15,6" WXGA LED CineCrystal skjár
- 128MB Intel HD Graphics skjákort
- Kortalesari og vefmyndavél
- DVD og CD-RW skrifari
- Windows 7 Home Premium - 64-BIT

TILBOÐ

Kr. 87.950

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

# núna

✻ daðrað við tískuna

**LITRÍK AUGU** Þessi augnskuggi er úr nýrri línu frá Mac sem nefnist Semi Precious. Augnskuggarnir eru ofnbakaðir, sem gerir þá lausa við öll aukaefni. glansandi áferðin kemur frá litlum brasilískum gimsteinum sem eru muldir ofan í. Einnig hægt að bleyta upp í og nota sem augnblýant.



## meðmælin

### Pop up á Selfossi

Pop up markaðurinn góði mun reka upp kollinn við Austurgötu 2A á Selfossi á morgun. Markaðurinn er haldinn í tengslum við sumarhátíðina Sumar á Selfossi og verður opinn á milli 12 og 17. Að þessu sinni munu Skugga Donna, Svava Halldórs, Beroma, IBA-The Indian in Me, Elva, Baby K, Húnihún, Eight of hearts og Helicopter taka þátt í markaðnum. Við hvetjum alla til að mæta, gera góð kaup og um leið styðja við bakið á íslenskri hönnun.



### Menning inni á klósetti

Myndlistar- og tónlistarmaðurinn Örn Tönsberg opnar sýninguna FuglOrðiðFólk í Galleríi Klósetti við Hverfisgötu 61 á morgun. Þar sýnir hann málverk og teikningar af fuglum og fólki sem hann hefur rekist á um ævina. Þetta er fyrsta sýning Arnar á Íslandi í langan tíma en hann hefur alið manninn í Danmörku undanfarin fjögur ár. Sýningin hefst klukkan 20.



UN Women selja flottar töskur til styrktar góðu málefni:

# HÖNNUN GEGN KYNBUNDNU OFBELDI

Samtökin UN Women á Íslandi standa að baki framleiðslu nýrra taupoka sem hannaðir eru af Unu Hlín Kristjánsdóttur, Kötlu Rós Völudóttur og Ragnari Má Nikulássyni. Framtakinu er ætlað að vekja athygli á samtökunum og stöðu kvenna í þróunarlöndum.

Samtökin UN Women hétu áður Unifem en nafnbreytingarnar urðu eftir að Unifem var sameinuð þremur stofnunum innan Sameinuðu þjóðanna. UN Women vinnur að málefnum kvenna um allan heim og að sögn Hönnu Eiríksdóttur, verkefnastýru UN Women á Íslandi, eru samtökin nú stærri og öflugri en áður.

„Hlutverk okkar er að vekja Íslendinga til umhugsunar um málefni kvenna og okkur datt í hug að fá Unu Hlín, Kötlu Rós og Ragnar til að hanna þessa poka og reyna þannig að ná til almennings á skemmtilegan hátt. Katla Rós og Ragnar teiknuðu tvær fallegar myndir fyrir okkur og Una Hlín hannaði sniðið á pokanum. Við erum mjög ánægð með útkomuna enda er pokinn bæði fallegur og svo má nota hann í allt, sama hvort það er í ræktina, undir tölvuna eða sem innkaupapoka," segir Hanna. Þess má geta að hönnuðirnir gáfu allir vinnu sína og mun ágóðinn renna óskiptur til UN Women.

Pokarnir verða aðeins framleiddir í fjögur hundruð eintökum og mælir Hanna með því að fólk drífi sig að fjárfesta í einum slíkum áður en það verður um seinan. „Ágóðinn rennur í sérstakan sjóð innan SÞ sem vinnur eingöngu að því að berjast gegn kynbundnu ofbeldi. Þetta er fjársveltasti sjóðurinn innan SÞ og jafnframt sá eftirsóttasti, mikill fjöldi grasrótarsamtaka sækir um aðstoð en aðeins er hægt að styrkja örfá."

Pokarnir verða fáanlegir í verslununum Aurum, GK, Kiosk, Mýrinni og Kisunni og á skrifstofum UN Women á Laugavegi 42. Sérstakt pokapartý verður haldið í Kiosk í tilefni verkefnisins og stendur það frá klukkan 17 til 19.

- sm



**Flott málefni** Hanna Eiríksdóttir, verkefnastýra UN Women, segir pokana fallega og nytsamlega. Ágóðinn rennur óskiptur til samtakanna sem vinna að málefnum kvenna um allan heim. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


ÚTSALAN ER HAFIN

50-70% afsl. af öllum fatnaði.

30% afsl. af skarti.

Næg bílastæði fyrir ofan hús.

SOHO MARKET

SOHO/MARKET Á FACEBOOK

Grensásvegur 16, sími 553 7300
Opið mán–fös 12–18 og laugd 12–17


Best klæddu einstaklingar ársins:

# Prinsessur og skemmtikraftar

Tímaritið Vanity Fair opinberaði nýverið lista sinn yfir best klæddu einstaklinga ársins. Listinn samanstendur af kóngafólki, þjóðarleiðtogum, tónlistarfólki og leikurum svo fátt eitt sé nefnt.

Leikkonurnar Tilda Swinton og Carey Mulligan voru á lista yfir best klæddu konur ársins auk forsetafrúar Bandaríkjanna, Michelle Obama, og bresku prinsessunnar Katrínar Middleton.

Á lista yfir best klæddu karlmenn ársins mátti sjá nöfn á borð við breska leikarann Colin Firth, tónlistarmanninn Justin Timberlake og gríska skipaerfingjann Stavros Niarchos.

Það er því fátt sem kemur á óvart við lista Vanity Fair þetta árið.

- sm



NORDICPHOTOS/GETTY

**Best klædd** Catherine Middleton þykir á meðal best klæddu kvenna heims árið 2011.

✻ augnablikið



**FAGURT FLJÓÐ** Fyrirsætan Miranda Kerr var glæsileg á sýningu ástralska hönnuðarins David Jones í Sydney á miðvikudaginn. NORDICPHOTOS/GETTY


föstudagur

**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf. **Umsjón** Sara McMahon **Forsíðumynd** Stefán Karlsson **Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@365.is og Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is* **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

# Við óskum Annie Mist til hamingju með framúrskarandi árangur á heimsleikunum í Crossfit

# Við erum stolt af þér

## þessi frábæri árangur gerir okkur öll glöð í hjarta

Annie Mist er afreksmaður í fremstu röð og vel að sér um næringu og heilsu.

*Heimsmeistari í Crossfit 2011*
*silfurhafi á heimsleikum í Crossfit 2010*
*Evrópumeistari í Crossfit 2009 og 2010*
*ásamt því að vera margfaldur*
*þrekmótsmeistari Íslands*

TRANS FITA
MSG

## Heilsu-réttir Nings

Heilsuréttirnir okkar eru sérstaklega hollir og góðir, fullir af fersku grænmeti, nær fitulausir og án salts og sykurs. Heilsuréttir Nings innihalda mikið af trefjum, hæfilegt magn próteina og góð kolvetni. Heilsuréttirnir eru kryddaðir með ferskum engifer, hvítlauk og chilli.




# NINGS

**Suðurlandsbraut 6 • Stórhöfða 17 • Hlíðasmára 12 • Sími 588 9899 • www.nings.is**

# UPPGÖTVUÐ AF VINKONU SINNI

**Hafdís Inga Hinriksdóttir er förðunarmeistari, fyrrum atvinnumaður í handbolta og tiltölulega nýkomin út úr skápnum. Hún er ein af þremur stjórnendum sjónvarpsþáttarins Nýs útlits sem hefur göngu sína á Skjáeinum í haust.**

*Viðtal:* **Sara McMahon**
*Ljósmynd:* **Stefán Karlsson**

Hafdís Inga er sannur Gaflari. Hún hefur alla tíð búið í Hafnarfirði og er FH-ingur í húð og hár. „Ég hef alltaf búið í Hafnarfirði ef frá eru talin nokkur ár þar sem ég bjó úti. Ég ólst upp með tveimur eldri bræðrum og er því eiginlega litla prinsessan í fjölskyldunni," segir hún brosandi.

Hafdís hefur að eigin sögn alltaf haft áhuga á að læra förðun og lét drauminn rætast árið 2006. „Ég vissi strax sem barn að þetta væri eitthvað sem ég vildi vinna við, það var eitthvað við förðun sem mér fannst mjög spennandi. Þegar ég var á unglingsaldri málaði ég allar vinkonur mínar fyrir böll og partý og ein besta vinkona mín heldur því fram að það hafi verið hún sem uppgötvaði mig."

Á ferli sínum hefur Hafdís komið víða við og tók meðal annars að sér verkefni fyrir sænska ríkissjónvarpið og Reykjavík Fashion Festival auk þess sem hún hefur séð um förðunina fyrir ýmsa sjónvarpsþætti og auglýsingar. Hún segir þó skemmtilegast að vinna við tískusýningar því þar fái listsköpunin mesta útrás.

Innt eftir því hvernig sjónvarpsstarfið sé til komið segir Hafdís það hafa verið óvænt tilboð frá framleiðanda þáttanna. „Hann hringdi í mig og bauð mér starfið. Ég varð mjög hissa og tók mér góðan umhugsunarfrest áður en ég ákvað að slá til. Ég hugsaði með mér að þetta er tilboð sem býðst aðeins einu sinni."

Þátturinn ber sama nafn og áður en verður þó með nýju sniði og öðrum áherslum. Þá verða þáttastjórnendurnir núna þrír talsins og markhópurinn yngri. Hafdís segist hlakka til að takast á við verkefnið þó hún kvíði því líka. „Ég er kannski ekki beint kvíðin en þetta er auðvitað fyrir utan minn þægindaramma og maður óttast auðvitað það að gera sig að fífli. En þetta eru vonandi bara óþarfa áhyggjur hjá mér."

## ATVINNUMENNSKA Í HANDBOLTA

Áður en Hafdís Inga gerðist förðunarfræðingur var hún atvinnumaður í handbolta í eitt ár og stundaði einnig nám í innanhúsarkitektúr í Mílanó. „Eftir atvinnumannsárið í Danmörku fékk ég nóg af handbolta og ákvað að snúa mér að öðru. Ég var búin að æfa íþróttina frá því ég var barn og fékk aldrei frí. Ef það var pása hjá félagsliðinu tóku við æfingar með landsliðinu og að lokum fékk ég bara nóg og ákvað að taka mér pásu. Undanfarin tvö ár hef ég spilað með meistaraliði Fram en ég hef verið að glíma við meiðsli og tel ólíklegt að ég haldi áfram úr þessu."




## MÓÐURHLUTVERKIÐ ÞAÐ ALLRA BESTA

Hafdís á eina dóttur sem fyllir sjö árin nú í ágúst og er hún að sögn hinnar stoltu móður bæði orkumikil og ófeimin. „Móðurhlutverkið er miklu, miklu skemmtilegra en ég hafði búist við. Ég held að fæstir geti gert sér í hugarlund hversu frábært þetta er fyrr en barnið er fætt. Fyrir mér er þetta besta hlutverk í heimi."

Hafdís var tuttugu og tveggja ára gömul er hún varð ófrísk og segir meðgönguna hafa gengið vel. „Þetta var mjög óvænt en ánægjulegt. Það tók mig kvöldstund að venjast tilhugsuninni en svo var ég bara spennt. Meðgangan gekk líka mjög vel, erfiðast fannst mér að geta ekki sofið lengur á maganum."

Þegar dóttirin var fjögurra ára gömul ákváðu Hafdís og barnsfaðir hennar að flytja búferlum til Mílanó þar sem hún stundaði nám í innanhúsarkitektúr. Fjölskyldan bjó í ár í borginni og viðurkennir Hafdís að fyrstu þrír mánuðirnir hafi verið erfiðir.

„Við töluðum ekki tungumálið og vorum án fjölskyldunetsins sem maður var vanur að heiman. Menningin er líka ólík okkar og mér fannst mjög erfitt að senda stelpuna í leikskólann því hún átti erfitt með að tjá sig í fyrstu en sem betur fer var hún fljót að aðlagast og eftir nokkrar vikur var hún farin að tala tungumálið betur en ég. Fyrstu mánuðina fannst mér ég vera hræðilega vond mamma að gera barninu þetta og ég mundi hugsa mig vel um ef ég ætlaði að flytja aftur út með hana."

## KOM ÚT ÚR SKÁPNUM

Hafdís kynntist Söndru Sigurðardóttur fyrir rúmum tveimur árum og hafa þær nú verið saman í eitt og hálft ár. Sambandið er enn nýtt af nálinni en Hafdís segir að hingað til hafi allt gengið vel fyrir sig. Aðspurð segist hún hafa kviðið því mikið að segja dóttur sinni og fjölskyldu frá sambandinu en að allir hafi tekið fréttunum vel.

„Þetta var líklega eitt það erfiðasta sem ég hef gert. Ég hafði miklar áhyggjur af því hvernig stelpan mundi taka þessu og reyndi að undirbúa mig vel, ég ræddi við félagsráðgjafa og ráðfærði mig líka við leikskólakennarana hennar en svo virðast áhyggjur mínar hafa verið til einskis því þegar ég sagði henni þetta sagði hún bara: „Allt í lagi. Eigum við að lita?" Henni finnst líka brjálæðislega flott að geta sagt fólki að hún eigi þrjár mömmur, mig og tvær stjúpmömmur," segir Hafdís hlæjandi.

Þegar hún er innt eftir því hvort að fréttirnar hafi komið hennar nánustu á óvart svarar hún neitandi.

„Ég held að þetta hafi komið fæstum á óvart. Áður en ég sagði fjölskyldunni frá hafði ég ímyndað mér allt hið versta en svo hafa allir bara verið dásamlegir. Barnsfaðir minn og fjölskylda hans hafa líka verið mjög skilningsrík og þess vegna hefur þetta verið frekar auðvelt ferli. Það tók sjálfa mig líka tíma að venjast tilhugsuninni og mér finnst ennþá stundum skrítið að hugsa til þess að ég eigi kærustu," segir hún og brosir.


**Nýtt andlit á skjáinn** Hafdís Inga Hinriksdóttir er ein af þremur stjórnendum Nýs útlits sem hef atvinnumaður í handbolta og nýkomin út úr skápnum.

## FINNUR LÍTIÐ FYRIR FORDÓMUM

Hafdís segist lítið hafa fundið fyrir fordómum gagnvart samkynhneigðum og segir sína reynslu aðeins jákvæða.

„Ég hafði mestar áhyggjur af stelpunni og hvort hún yrði fyrir stríðni en þetta fjölskyldumunstur er orðið það algengt í dag og börnin pæla ekkert í því hvort einhver eigi tvær mömmur eða tvo pabba. En ég hafði líka reynt að vinna mína heimavinnu og fengið kennarana til liðs við mig þannig þetta hefur aldrei verið vandamál. Ég man aðeins eftir einu skipti þar sem hún kom heim og sagði einhvern hafa notað orðið lesbía án þess að skilja meiningu orðsins en það var bara tæklað um leið og hefur ekki komið fyrir aftur."

Hinsegin dagar voru formlega settir í gær og ná hápunkti er hin árlega Gleðiganga verður farin um miðbæ Reykjavíkur á morgun. Hafdís mun að sjálfsögðu taka þátt í hátíðarhöldunum og viðurkennir að það sé öðruvísi tilfinning að taka þátt eftir að hún kom út úr skápnum.

„Það er auðvitað munur að taka þátt í Hinsegin dögum núna. Baráttan fyrir almennum mannréttindum hafur alltaf verið mér hugleikin en stendur mér jafnvel enn nær núna og ég táraðist næstum á opnunarhátíðinni í fyrra. Ég er



ur göngu sína í haust. Hún er einnig fyrrum

myndaalbúmið



Leikur hjá okkur FRAM-stúlkum á móti mínu uppeldisfélagi, FH, árið 2010.



Þarna erum við Sandra í fjölskylduboði ásamt Hafdísi Ingu, nöfnu minni, og dóttur minni.



Þarna er ég að sminka fyrir tísku-sýningu á vegum íslenskra hönnuða í Norræna húsinu árið 2009 minnir mig.



Líkur sækir líkan heim. Mynd tekin af stelpunni minni að mála sig í EMM School of Make Up þar sem ég var kennari.

reyndar enn ný í gay-samfélaginu og er alltaf að kynnast fleirum innan þess en mér finnst samfélagið fara stækkandi með árunum, fólk er ófeimnara við að stíga þetta skref og kemur því mun fyrr út úr skápnum núna.“

## BREYTTIR TÍMAR FRAM UNDAN

Þegar Hafdís er að lokum spurð út í framtíðaráform sín segir hún breytta tíma vera framundan.

„Ég er mjög spennt að takast á við vinnuna í kringum Nýtt útlit og sjá lokaútkomuna. Ég er að klára námið í félagsráðgjöf í vor og stefni á frekara nám, það er reyndar enn óákveðið hvort það verði tengt félagsráðgjöfinni eða eitthvað allt annað. Svo er ég líklega hætt í handboltanum og neyðist því til að finna mér nýtt áhugamál til að koma í staðinn,“ segir hún brosandi.


Hver er þinn uppáhaldslitur?

whitbread wilkinson

1001 GJAFAVARA FRÁ RÚMLEGA 100 HÖNNUÐUM

Harpa / Skeifan 6 / Leifsstöð / 5687733 / epal@epal.is / www.epal.is

epal





**Chanel** Útvíðar dragtarbuxur með uppábroti hjá Chanel. NORDICPHOTO/GETTY



**Stutt** Bláar, þröngar og útvíðar buxur frá Acne.



**Rústrautt** Þröngar buxur með útvíðum skálmum í fallega rauðum lit frá Burberry.



**Chloé** Hanna McGibbon skartaði þessum útvíðu gallabuxum eftir sýningu sína.



**Gallabuxur** Víðar og stuttar buxur við fallega gula skyrtu.



**Kjóll og buxur** Í millilínu Acne voru þröngir kjólar notaðir yfir víðar skálmar.

Buxnaskálmar víkka

# Leggings víkja fyrir víðum sniðum

Tískuhönnuðir heimsins boða breytingar. Eftir að níðþröngar leggings og gallabuxur hafa verið ríkjandi „trend” undanfarin ár eru útvíðar skálmar áttunda áratugarins nú í brennidepli.

Hönnuðir á borð við Alexander Wang, Chloé, Celine, Burberry og Acne eru meðal þeirra sem eru með útvíðar buxur í fatalínum sínum fyrir komandi haust og vetur. Allt frá þröngum buxum með útvíðum skálmum frá Burberry til víðra sniða með flaksandi skálmum frá Acne. *- áp*







## Á RÚMSTOKKNUM

*Sigga Dögg kynfræðingur*

## Vertu eins og þú ert

Nú standa yfir Hinsegin dagar þar sem við fögnum fólki og fjölbreytileika þess. Ungir sem aldnir, fjölskyldur og einstaklingar koma saman og segja „ég tek þér eins og þú ert“. Það er það sem fordómaleysi og skilningur snýst um. Kynhneigð viðkomandi segir þér ekki hvernig kynlíf hann stundar, hvaða bækur hann les eða hvernig hann elskar. Það segir þér heldur ekki hvort hann sé góður vinur, traustur maki eða skilningsríkur uppalandi. Kynhneigð er stór hluti af lífi hvers einstaklings en við eigum að meta fólk að eigin verðleikum en ekki hverjum það kýs að kúra hjá. Mér barst spurning í vikunni tengd kynhneigð og ég læt hana fylgja með. Vonandi opnar hún huga einhverra fyrir því að leyfa sér bara að „vera“ sú kynvera sem löngunin segir til um, óháð stimplum samfélagsins.



? Ég er stelpa og á kærasta sem er frábær en stundum þegar ég er ein þá hugsa ég um aðrar stelpur og verð gröð við það, samt elska ég kærasta minn. Ég veit að ég vil bara vera með strákum en af hverju hugsa ég um aðrar stelpur?

**Svar:** Það sem þú lýsir er mjög eðlilegt og ekkert til að hafa áhyggjur af. Kynhneigð er flókið fyrirbæri sem samanstendur af fleiri þáttum en bara fantasíum og snýst fyrst og fremst um það hvernig þú upplifir þína kynhneigð. Þessi hugsun gæti stafað af forvitni eða jafnvel löngun til að deila reynslu og læra. Það er fullkomlega eðlilegt og margar stelpur greina frá sambærilegum fantasíum og sumar prufa sig áfram með vinkonum sínum. Þá er einnig nokkuð um það að strákar deili kynferðislegri upplifun með hver öðrum, til dæmis með því að stunda sjálfsfróun saman. Þessir drengir líta samt á sig sem gagnkynhneigða og laðast að stelpum. Til að leika þér aðeins með þínar fantasíur gætir þú blandað þessu inn í kynlífið með kærasta þínum, ef þú hefur áhuga á því. Það algeng fantasía hjá strákum að ímynda sér tvær stelpur saman. Þú gætir þá sagt honum um hvað þú hugsar þegar þú ert að hugsa um aðrar stelpur og þið getið leikið ykkur með þá fantasíu. Það er því ekkert rangt við það að laðast kynferðislega að annarri stelpu en ef það þróast yfir í eitthvað tilfinningameira gætir þú þurft að endurskoða afstöðu þína til kærastans.

*Sendu Siggu Dögg póst með spurningum eða óskum um umfjöllunarefni.*
*Netfangið er kynlif@frettabladid.is*




TUBORG LÉTTÖL N1 Síminn pepsi MAX



# YFIRHEYRSLAN

**Gígja Ísis Guðjónsdóttir, fatahönnuður.**



**Háir hælar eða flatbotna skór:** Háir hælar!

**Ómissandi í snyrtibudduna:** Rauður varalitur.

**Uppáhaldslíturinn:** Í sumar er það appelsínugulur.





**Hver eru nýjustu kaupin?** Flugmiði og hótel í Kaupmannahöfn.

**Hvað dreymir þig um að eignast?** Annan farmiða til útlanda!

**Hvaða lag kemur þér í gott skap?** My Way & Everybody's Free to Wear Sunscreen með Baz Luhrman.

**Uppáhaldshönnuðurinn:** Þeir eru svo margir en Balenciaga, Alexander McQueen og Manish Aurora eru í sérstöku uppáhaldi.



**Uppáhaldsdrykkurinn:** Green Magic og nýi Blue Lagoon-drykkurinn á Boston!






Tíska, fegurð, hönnun, lífið, fólkið, menning og allt um helgina framundan

Auglýsendur vinsamlegast hafið samband:
Sigríður Hallgrímsdóttir í síma 512 5432 eða sigridurh@365.is

föstudagur
Fylgstu með

## Mótorhjól






Yamaha YZF450. Árg. '07. Vel með farið. Ásett verð 450 þús. Uppl. í síma 696 6768.

## Bátar






Shetland bátur til sölu, mikið yfirfarinn, 115 hp. Mercury. Verð 1650 þús. Uppl. s. 864 8081.

## Kerrur

**Ný Enduro kerra**
Ný Enduro kerra með 2 rennum 100þ. Kostar ný 190þ. Uppl. S. 899 2857.

## Bílaþjónusta




MOTHERS Bón & Bílhreinsivörurnar fást hjá WWW.MOTHERS.is og hjá Höfðabílum Fosshálsi 27 fyrir ofan Ölgerðina S.8982832 eða mothers@mothers.is

Tilboð Tilboð Tilboð
þvottur að innan með
þrif 9000 kr




## Tjaldvagnar

Til sölu HoliCamp árg. 1997. Nýskoðaður.. Verð 220 þús. Upplýsingar í s:8943239.

## Vinnuvélar




Til sölu Kays traktorsgrafa 4x4 árg.'84. Þarfnast lagfæringar önnur með í varahluti. Verð. 450 þ. Uppl. í s: 847 8182

## Aukahlutir í bíla

**Cadillac felgur**
Til sölu '07 Cadillac felgur. V. 150þ. Uppl. S. 899 2857.

## Varahlutir




**Bílapartasala**
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

**Varahlutavaktin 555666**
Erum að byrja rífa Peugeot '02, Caddy '00-'07, Golf '98-'05, WV Passat '98-'00, Pajero '97 bensín og disel. Kia carnival '01, Accent '98. Grand vitara LX7 '03. Kaupum bíla niðurrifs og uppgerðar. Opið 09-18 og lau. 10-14.

Partasalan SU-MI Smiðjuvegi 11. Sonata 97, Impreza 99 og Skoda felicia 99, Peugeot 306 99, 206 og 406 ST. Nissan Almera 97, Ford 250 99, Megane 01. Opel Vectra '98, Baleno '98. Kaupi bíla til niðurrifs. Sími 661 5270.




Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bílapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbær.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. '03 og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**Faglærðir Píparar**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar

**Vy-þrif ehf.**
öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. Sími 512-4010 www.vy.is

**A-Ö Þrif&Hreinlæti**
**S. 662 0662**
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

## Ræstingar

Erum tvær sem tökum að okkur þrif í heimahúsum. Erum vanar og vandvirkar. Uppl. S. 866 2748 eða 695 9080.

## Garðyrkja







Tökum að okkur allt sem viðkemur garðinum, auk allrar almennrar smíðavinnu - lögg. húsasmíðameistari. Vanir menn, snör handtök. Sælugarðar s. 824 1238.


FORSÍÐA | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN




NÚ ER UMRÆÐAN FJÖLBREYTTARI, SKEMMTILEGRI, FJÖRLEGRI, ÍTARLEGRI OG AÐGENGILEGRI Á VÍSI

m.visir.is
Fáðu Vísi í símann!

Má bjóða ykkur meiri Vísi?

Meira úrval afþreyingar, frétta og myndskeiða í topp–upplausn með greiðara og einfaldara aðgengi fyrir allar tölvur og farsíma. Horfðu, hlustaðu og fylgstu með öllu því sem gerist, hvar og hvenær sem er á Vísi.

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

Meiri Vísir.

vísir

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**LEIKKONAN MARILYN MONROE (1926-1962)** lést þennan dag.
*„Frami er frábær en maður hjúfrar sig ekki upp að honum á kvöldin.“*

## Merkisatburðir

1305 Englendingar taka skosku frelsishetjuna William Wallace höndum.
1675 Brynjólfur Sveinsson Skálholtsbiskup andast. Hann hefur verið sagður einn merkasti biskup í Skálholti í lúterskum sið.
1874 Þjóðhátíð hefst á Þingvöllum í tilefni af 1000 ára Íslandsbyggð og stendur í fjóra daga.
1949 Knattspyrnufélagið Þróttur stofnað í bragga við Ægisíðu.
1956 Hraundrangi í Öxnadal, sem fram að þessu hafði verið talinn ókleifur, er klifinn af tveimur Íslendingum og einum Bandaríkjamanni.
1960 Búrkína Fasó fær langþráð sjálfstæði frá Frökkum.
1967 Fyrsta breiðskífa Pink Floyd, The Piper at the Gates of Dawn, kemur út í Bretlandi.
1985 Kertum fleytt á Reykjavíkurtjörn til minningar um að 40 ár eru liðin frá því að kjarnorkusprengju var varpað á Hiroshima í Japan. Síðan hefur þetta verið gert árlega.
1992 Eiríkur Kristófersson, fyrrverandi skipherra á skipum Landhelgisgæslunnar, verður 100 ára.

REYKA VODKA: VAR VALINN BESTUR Í ALÞJÓÐLEGRI SAMKEPPNI

# Það verður örugglega skálað

Reyka vodka, sem fyrirtækið William Grant & Sons hefur látið framleiða hér á landi í samstarfi við Ölgerðina, varð hlutskarpastur í vodka-flokki í einni virtustu samkeppni vínframleiðenda, International Wine and Spirits Competition. Þar koma saman margir af þekktustu vínsmökkurum heimsins, yfir hundrað talsins, og vega og meta fjölda áfengistegunda í blindsmökkun. Meðal ummæla þeirra um Reyka Vodka eru: „Sérlega hreinn ilmur og næstum eins tært og hægt er. Ánægjulegur áfengisstingur í nefinu. Smekkleg og fersk áhrif á bragðskynið sem örva öll skilningarvit. Ber með sér örlítinn en dásamlegan keim af sítrusaldini, korni og hreinum blæbrigðum af suðrænum ávöxtum. Dásamlegur hiti færist yfir bragðlaukana með fínni áferðinni.“

Reyka vodka er eina sterka vínið sem alfarið er framleitt á Íslandi og er eimað í brugghúsi Reyka í Borgarnesi.

„Að hreppa efsta sætið í þessari keppni er eins og að verða heimsmeistari. Það verður örugglega skálað fyrir þessu,“ segir Kristmar Ólafsson, sem hefur verið bruggmeistari í Reyka verksmiðjunni frá upphafi framleiðslunnar árið 2005. „Mér kom ekki á óvart að varan okkar fengi þessi verðlaun og tel að hún standi fyllilega undir þeim en margir eru um hituna og þótt menn séu með gott lið í íþróttum er ekkert sjálfgefið að vinna titilinn.“

Nokkur atriði gera Reyka vodka einstakt að sögn Kristmars. Eitt þeirra er eimingaraðferðin. „Við notum tæki sem yfirleitt eru notuð til að eima spíra í gin. Þá náum við að velja besta partinn, miðjuna úr suðunni. Það er einn af göldrunum. Íslenska vatnið á sinn þátt og í þriðja lagi síum við Reyka í gegnum hraungrýti úr Grábrókarhrauni en ekki kol eins og gert er víðast annars staðar í heiminum. Svo vona ég að við starfsmennirnir sem stöndum við tækin eigum eitthvað í heiðrinum.



**BRUGGMEISTARARNIR** Kristmar og Þórður Sigurðsson hæstánægðir með velgengni Reyka.

Þar byggir allt á okkar tilfinningu því sú ákvörðun var tekin að þessi vara yrði unnin í litlum lotum og gerð eins handvirkt og hægt væri. Við vinnum því mörg handtök sem hægt væri að gera sjálfvirkt og í því felst ákveðið gæðaeftirlit.“

Kristmar segir Reyka vodka seljast vel hér á landi. Hvaða þýðingu verðlaunin hafi í framhaldinu segir hann eiga eftir að koma í ljós. „Þetta léttir sporin en við verðum að halda einbeitingunni áfram,“ segir hann. „Markaðssetning okkar snýr fyrst og fremst að Bandaríkjunum. Þar reynum við að ná til fólks sem aðhyllist vöru sem alúð er lögð við. Það fólk á örugglega eftir að horfa í þessi verðlaun.“ gun@frettabladid.is

---



✝

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Gunnar J. Friðriksson**
iðnrekandi,
Skúlagötu 10, Reykjavík,

andaðist á Landakotsspítala miðvikudaginn 3. ágúst. Sálumessa og útför hans fer fram 11. ágúst kl. 15.00 í Kristskirkju, Landakoti.

**Elín M. Kaaber**
**Friðrik Gunnar Gunnarsson** — **María Helgadóttir**
**Einar Lúðvík Gunnarsson** — **Kristín Sigurðsson**
**Ragnar Jóhannes Gunnarsson** — **María Ingibergsdóttir**
**Haukur Jón Gunnarsson**
**Oddný María Gunnarsdóttir**
**Gunnar Pétur Gunnarsson** — **Isabella Frank**
**Eiríkur Knútur Gunnarsson** — **Inger S. Steinsson**
**börn og barnabörn.**

---



✝

*Bestu þakkir til allra sem heiðruðu minningu móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Halldóru Sigríðar Þórarinsdóttur**
Lindasíðu 2, Akureyri, áður Vagnbrekku í Mývatnssveit,

og sýndu okkur samúð og vinarhug vegna andláts hennar.

**Kristín Arinbjarnardóttir** — **Sigurður R. Ragnarsson**
**Þórarinn Arinbjarnarson** — **Ingibjörg Antonsdóttir**
**Halldór Arinbjarnarson** — **Edda G. Aradóttir**
**Hjálmar Arinbjarnarson** — **Gizelle Balo**
**Ásdís H. Arinbjarnardóttir** — **Þórður Pálsson**
**ömmubörn og langömmubörn**

---



✝

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Samúel Kristinn Guðnason**
frá Súgandafirði, Sóleyjarima 21,

andaðist þriðjudaginn 2. ágúst á Hjúkrunarheimilinu Eir. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 11. ágúst kl. 13.00.

**Anna Sigurjónsdóttir**
**Hrönn Scheving** — **Björn Björnsson**
**Kristín V. Samúelsdóttir** — **Kjartan Viðarsson**
**Bára Samúelsdóttir** — **Kjartan Guðjónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

*Kær systir okkar,*

**Ásdís Magnúsdóttir**
Eiríksgötu 31, Reykjavík,

lést 1. ágúst á hjúkrunarheimili Droplaugarstaða. Útför fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík miðvikudaginn 10. ágúst kl. 15.

**Valgerður Magnúsdóttir**
**Guðrún Magnúsdóttir**
**Magnús Magnússon**
**Vigdís Magnúsdóttir**
**Guðmundur Magnússon**
**Hrefna Magnúsdóttir**
**Elliði Magnússon**

---



✝

*Eiginmaður minn, tengdafaðir og afi,*

**Guðjón Ágúst Jónsson**
Víðilundi 11, Garðabæ,

andaðist 1. ágúst. Útförin verður gerð frá Fella- og Hólakirkju mánudaginn 8. ágúst klukkan 15. Jarðsett verður frá Þingeyrarkirkju í Dýrafirði.

**Bergþóra Ragnarsdóttir**
**Davíð Aðalsteinsson**
**Steini Davíðsson**
**Vala Davíðsdóttir**
**Atli Davíðsson**

---



✝

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sigríður Jóhannesdóttir**

lést sunnudaginn 31. júlí á Landspítalanum Fossvogi. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju miðvikudaginn 10. ágúst kl. 15.00.

**Sigrún Óskarsdóttir**
**Sveinbjörn Hinriksson** — **Birna Loftsdóttir**
**Jóhannes Pálmi Hinriksson** — **Ásgerður Ingólfsdóttir**
**Hinrik A. Hansen** — **Ásta Jóna Skúladóttir**
**Gíslína G. Hinriksdóttir** — **Sigþór Jóhannesson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

*Móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Jóney Svava Þórólfsdóttir**

lést þriðjudaginn 19. júlí síðastliðinn. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Fyrir hönd annarra vandamanna,**

**Elín S. Grímsdóttir**
**Guðmundur S. Grímsson**
**Sævar Þ. Grímsson** — **Erla Pálmadóttir**
**Þórólfur S. Grímsson** — **Ásta Ísafold**




## Mikið úrval af skólavörum *á betra verði*







24 OPIÐ *í sumar*
ALLAN sólarhringinn
Akureyri & Eiðistorg

Gildir til 10. ágúst á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
*Ein ferð betra verð*

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** frásögn, **6.** í röð, **8.** ari, **9.** rúmábreiða, **11.** spil, **12.** fótmál, **14.** komumst, **16.** hvað, **17.** örn, **18.** skelfing, **20.** til, **21.** afli.

**LÓÐRÉTT**
**1.** loga, **3.** tveir eins, **4.** tré, **5.** þangað til, **7.** rægja, **10.** knæpa, **13.** jafnvel, **15.** sigta, **16.** samkvæmi, **19.** ónefndur.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** sögu, **6.** áb, **8.** örn, **9.** lak, **11.** ás, **12.** skref, **14.** náðum, **16.** ha, **17.** ari, **18.** ógn, **20.** að, **21.** fang.

**LÓÐRÉTT: 1.** báls, **3.** öö, **4.** gráfura, **5.** uns, **7.** baknaga, **10.** krá, **13.** eða, **15.** miða, **16.** hóf, **19.** nn.


Helgarblað
alla laugardaga



# Heldur martröð Torres áfram?

Fréttablaðið hitar upp fyrir átökin í ensku deildinni.

**Meðal annars efnis:**

**Það er allt í lagi að vera reiður**
Ljóðskáldið Kristín Svava Tómasdóttir og íþróttafréttamaðurinn Arnar Björnsson á rökstólum.

**Hýreyg og heillandi sprund**
Fréttablaðið kannar lystisemdir Dalvíkur og nágrennis.



Allt sem þú þarft


# Stoltið hýrt

BAKÞANKAR Brynhildar Björnsdóttur



Ég lærði orðið hommi í skólanum þegar ég var tíu ára. Eða reyndar Á skólanum. Einhvern morguninn blöstu orðin HOMMI+HÓRA=SÖN ÁST við á nokkrum útveggjum. Ég vissi ekkert hvaða fólk þetta var, enda lítið talað um þau inni í skólanum eða í sjónvarpinu, en datt helst í hug að þessir krakkar væru í tólf ára bekknum og þetta væri óður til kærleika þeirra. Í frímínútum komst ég svo auðvitað að því að þetta voru ekki sérnöfn, þetta voru tegundaheiti á mannlegri hegðun sem lögð var að jöfnu og þótti neikvæð. Og meira lærði ég ekki í mörg ár.

**ÞANNIG** að þegar ég kynntist fyrsta hommanum voru mín fyrstu viðbrögð að vorkenna honum og næst kom ein spurning: „Hvert ætlarðu að flytja?" Möguleikinn á því að vinur minn gæti unnið við það sem honum sýndist, búið þar sem hann langaði til, eignast börn og buru, farið í fjölskylduboð og í bæinn á Þorláksmessu, verandi sá sem hann var og elskandi þá sem hann vildi elska, var ekki fyrir hendi. Að minnsta kosti ekki á Íslandi. Ég sá fyrir mér líf í leynum eða ofsóknir, hrakninga og hjartasár það sem eftir lifði ævinnar.

**TUTTUGU** og eitthvað árum síðar stend ég á götuhorni á morgun og veifa vini mínum þegar hann fer framhjá í skrúðgöngu þar sem hann fagnar lífinu og því að vera hommi ásamt öllum hinum hommunum og lesbíunum sem ganga, hjóla, dansa, aka eða valhoppa í gleðigöngunni til að fagna lífinu, fjölbreytni, frelsi og kærleika.

**GLEÐIGANGAN** á Íslandi er sú merkilegasta í heimi. Hvergi nema hér er Gay Pride fjölskylduhátíð þar sem sérkynhneigðir og samkynhneigðir skemmta samborgurum sínum af öllum aldri og kynjum með dansi, söng, búningum og skreytingum, eins og einskær gleðin væri ekki nóg. Og tugþúsundir manna, kvenna og barna fagna og gleðjast með. Þennan dag eru Íslendingar fremstir þjóða í að viðurkenna að ástin spyr hvorki um stétt né stöðu og svo framarlega sem landslögum er fylgt hvað varðar aldur og upplýst samþykki þá velur hver fyrir sig hjá hverjum hann eða hún sefur og hvernig.

**ÉG ER** sjaldan eins stolt af því að vera íslensk og á Gay Pride. Nema kannski þegar ég sé fyrir mér samtal tveggja unglinga í dag sem er einhvern veginn svona „Hérna, ég er gay …" „Já, mig grunaði það. Kúl. Til hamingju með þig."

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





ÞRÓUN SEM
VARÐ AÐ BYLTINGU.
THE RISE OF THE PLANET OF THE APES
SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ BORGARBÍÓ LAUGARÁSBÍÓ EGILSHÖLL
KOMIN Í BÍÓ!
LG
SMS LEIKUR
BOÐSMIÐI
VILTU VINNA MIÐA?
SENDU SMS SKEYTIÐ
ESL APE Á NÚMERIÐ 1900
OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!
FULLT AF VINNINGUM:
BÍÓMIÐAR
TÖLVULEIKIR - DVD MYNDIR - GOS OG FLEIRA!
9. HVER VINNUR!
FJÖLDI AUKAVINNINGA
VINNINGAR AFHENTIR Í ELKO LINDUM. 149 KR/SKEYTIÐ. MEÐ ÞVÍ AÐ TAKA ÞÁTT ERTU KOMINN Í SMS KLÚBB.
WWW.SENA.IS/APES

# menning
menning@frettabladid.is

**! AFI MINN FÓR Á HONUM RAUÐ** nefnist dagskrá Listasafns Reykjavíkur í tengslum við sýninguna Jór! – Hestar í íslenskri myndlist á Kjarvalsstöðum. Dagskráin hefst kl. 14 á sunnudaginn með leiðsögn um sýninguna en síðan verður haldið í smiðjuna Litbrigði hestsins. Að lokum býðst þeim sem vilja að láta teyma undir sér á Klambratúni.

Bækur ★★★★

**Sjálfstæð þjóð. Trylltur skríll og landráðalýður**
Eiríkur Bergmann Einarsson

Veröld, Reykjavík, 2011 364 bls.

## Groundhog Day – fyrri hluti

Eiríkur Bergmann birtir í Sjálfstæð þjóð. Trylltur skríll og landráðalýður greiningu sína á áhrifum þjóðernishugmynda sem mótuðust á tímum sjálfstæðisbaráttunnar á orðræðu íslensku stjórnmálastéttarinnar á lýðræðistímanum.

Þetta gerir hann með því að skoða umræður um þau mál sem brunnið hafa á þjóðinni á lýðveldistímanum varðandi samskipti við umheiminn. „Í þjóðernisstefnunni sem mótaðist í sjálfstæðisbaráttunni á nítjándu öld má jafnvel finna sjálfan kjarnann í stjórnmálum landsins“ segir Eiríkur og leggur upp með þá kenningu að rótfastar og íhaldssamar hugmyndir sem þróuðust í sjálfstæðisbaráttunni um fullveldi þjóðarinnar „móti enn afstöðu Íslendinga til stjórnmálalegra álitamála, sérstaklega þegar kemur að tengslunum við útlönd“.




Eiríkur rekur goðsögnina til Jóns Jónssonar Aðils, sagnfræðings og alþýðufræðara, sem hér er settur á stall sem áhrifamesti stjórnmálaspekingur þessa lands síðustu hundrað ár.

Í endursögn Eiríks er arfleifð Aðils að finna í mýtu Íslendinga um sjálfa sig og sögu sína sem er einhvern veginn á þessa leið: Einu sinni var þjóð sem átti sér enga líka nema helst á gullöld Forn-Grikkja en glataði sjálfstæðinu og næstum því sjálfri sér þegar gerður var óráðssáttmáli við útlendan kóng. Eftir sex alda myrkur, lifnaði sjálfstæðisneistinn við, þjóðin rumskaði, hristi af sér erlenda ánauðarfjötra og reis úr öskustónni. Hún lofar nú sjálfri sér því að þola aldrei aftur niðurlægingu undir erlendri áþján. Það er heilög skylda þjóðhollra Íslendinga að standa sífellt vörð um fullveldið – ella glatast sjálfstæðið undir erlent yfirvald sem steypir í sömu glötun og gamli sáttmáli.

Og þarna er lykill að orðræðu íslenskrar stjórnmálastéttar í átakamálum um samskipti við umheiminn á lýðveldistímanum, segir Eiríkur. Eftir því sem líður á lesturinn hallast lesandinn að því að það sé óþægilega mikið til í þessu hjá honum. Umræðan um stóru málin í þjóðfélaginu sé einn allsherjar Groundhog Day þar sem í sífellu er lesið handrit eftir Jón Jónsson Aðils. Gildir þá einu hvort á dagskrá er NATO, EFTA, landhelgin, EES, ESB, AGS eða Icesave.

Eiríkur skrifar lipran texta enda er hann orðinn þjálfaður rithöfundur og hefur verið virkur þátttakandi í þjóðfélagsumræðunni um langa hríð. Verst er að þetta ævintýri Jóns Jónssonar Aðils stendur ekki fyllilega undir sífelldum endurflutningi – það verður leiðigjarnt aflestrar en það má vitaskuld hafa til marks um að kenningin gangi þokkalega upp.

Hvort sem lesandinn er staddur í umræðum um Atlantshafsbandalagið á fimmta áratug síðustu aldar eða um ESB á fyrsta áratug þessarar virðist hann fylgjast með sama menúettinum. Eftir því sem líður verða mælskubrögðin ýktari og yfirborðskenndari uns flatneskjan nær hámarki í umræðum um Icesave og ESB síðustu misserin.

**Pétur Gunnarsson**

**Niðurstaðan:** Niðurstaða af lestrinum er sú að sagan er ævintýri líkust en í bókarlok er hetjan enn í álögum, dæmd til að smjatta á sömu næringarlausu tuggunni. Hvort ævintýrið lýtur sömu lögmálum og önnur og hetjunni tekst áður en yfir lýkur að varpa af sér álögum Jóns Jónssonar Aðils kemur kannski í ljós í næsta þætti.



**MÚLASTOFA** Tileinkuð bræðrunum Jónasi og Jóni Múla Árnasonum.

# Miklir vinir en voru þó aldrei sammála um hlutina

**Einu sinni á ágústkvöldi er viðeigandi nafn á menningarhátíð tengdri bræðrasetrinu Múlastofu á Vopnafirði sem er tileinkuð Jóni Múla og Jónasi Árnasonum.**

„Fjölskylduskemmtunin annað kvöld verður í samkomuhúsinu Miklagarði,“ byrjar Magnús Már Þorvaldsson, talsmaður menningarhátíðarinnar Einu sinni á ágústkvöldi mál sitt. „Á skáldakvöldi sem Valgeir Skagfjörð stjórnar verður umfjöllun um þá bræður, Jónas og Jón Múla. Þeir voru, eins og margir vita, alveg sérstakir karakterar, vinstri menn fram í fingurgóma en dáðu samt ýmislegt amerískt, eins og Jón Múli djassinn. Svo voru þeir miklir vinir en ef þeir komu einhvers staðar saman fram í viðtölum þá voru þeir aldrei sammála um hlutina, heldur voru farnir að rífast áður en spyrlinum tókst að stoppa þá af. Í dagskránni verður þátttaka ungmenna veruleg og svo hljómsveitar sem nefnist Batteríið og er skipuð vopnfirskum körlum á besta aldri. Ungmenni sem hafa verið í listasmiðju hjá Valgeiri frá því á mánudag verða með leiksýningu sem lög og textar bræðranna falla inn í. Það er svo yndislegt hvað krakkar geta gert á fáum dögum.“

Í framhaldi af skáldakvöldinu verða tónleikar með sveit Eyþórs Gunnarssonar í Miklagarði en hann var uppeldissonur Jóns Múla. Auk Eyþórs skipa sveitina þau Ellen Kristjánsdóttir söngkona, Tómas R. Einarsson bassaleikari, Óskar Guðjónsson saxafónleikari og Scott MacLemore trommuleikari. „Þetta verður tónlistarveisla af bestu gerð þar sem sveitin mun flytja verk eftir þá bræðurna, líkt og hún gerði 31. mars í Salnum í Kópavogi, þann dag sem Jón Múli hefði orðið níræður,“ lýsir Magnús Már.

En fleiri atriði eru á hinni vopnfirsku menningarhátíð í ár en dagskrá tengd þeim bræðrum. Erluhátíð er til dæmis í Vopnafjarðarskóla milli klukkan 13 og 15 helguð hinni vopnfirsku Guðfinnu Þorsteinsdóttur sem tók upp skáldanafnið Erla. Það er Erlusjóður sem stendur að dagskránni sem Magnús Már fullyrðir að verði spennandi. „Margir koma þarna fram og á eftir eru kaffiveitingar í anda gamla sveitastílsins. Svo vettvangsferð um Hofsdalinn,“ segir hann.

Léttmessur hafa verið hluti af hátíðinni undanfarin ár og svo verður einnig nú. Hún verður á morgun klukkan 14. „Nú er komið að Edgari Smára Atlasyni og Óskari Einarssyni að sjá um söng og séra Brynhildi, sem er prestur Langanesbyggðar, að leiða stundina,“ segir Magnús Már og heldur áfram. „Þetta eru ávallt skemmtilegar messur þar sem fólk syngur með og sagðar eru skemmtilegar sögur sem að öllum jafnaði eru ekki í kirkjulegum athöfnum. Þess vegna er léttmessuheitið ágætt.“

gun@frettabladid.is

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

### Föstudagur 05. ágúst 2011

**➜ Tónleikar**

**20.00** **Dagrún Ísabella Leifsdóttir** sópransöngkona og **Gisele Grima**, frægur píanisti frá Möltu, halda tónleikana Music Women og vekja athygli á tónlistarkonum sem hafa gleymst. Tónleikarnir eru í Miðgarði í Skagafirði. Aðgangseyrir er 1.500 kr.

**22.00** **Friðrik Ómar** og **Jógvan** með tónleika á Fiskidögum á Dalvík í Dalvíkurkirkju. Miðaverð er 2.000 kr.

**22.00** Hópur norðlenskra tónlistarmanna flytur vinsælustu lög **Óðins Valdimarssonar** á Græna hattinum, Akureyri. Aðgangseyrir er 2.000 kr.

**22.00** **Skúli mennski** verður með tónleika ásamt Mugison í Tjöruhúsinu á Ísafirði. Aðgangseyrir er 1.000 kr.



**➜ Opnanir**

**17.00** Myndlistarmaðurinn og veggjakrotarinn **Rögnvaldur Skúli** opnar sýningu í Montana RVK galleríinu á Hverfisgötu 59. Allir velkomnir.

**17.00** Sýning á verkum **Karolinu Boguslawsku** verður opnuð í Borgarbókasafni Reykjavíkur, Tryggvagötu 15. Allir velkomnir.

**➜ Sýningar**

**13.00** Síðasta sýningarhelgi á sýningu **Jóhönnu Friðfinnsdóttur** og **Drafnar** heitinnar **Friðfinnsdóttur** í Ketilhúsinu á Akureyri. Allir velkomnir.

**➜ Opið Hús**

**17.00** Partí verður haldið í versluninni **Kiosk**, Laugavegi 65, til að fagna pokum sem hönnunarteymið Marandros hannaði til styrktar UN Women á Íslandi. Allir velkomnir.

**➜ Uppistand**

**22.00** **Prikið** mun blása til fyrstu **grínkeppninnar** á vegum Priksins. Landsfrægir grínistar sitja í dómnefnd og veglegir vinningar. Aðgangur er ókeypis.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.**






Styrmir Dýrfjörð hjá Eymundsson á Akureyri mælir með bók mánaðarins.

# Síðsumarsmellurinn í ár

**Bók mánaðarins er skáldsagan Einn dagur eftir David Nicholls**

„Dásamleg, dásamleg bók: Viturleg, skemmtileg, glögg, full af samúð og stundum svo ósegjanlega sorgleg."
– The Times

Tvær manneskjur, tuttugu ár. Emma og Dexter hittast þann 15. júlí 1988, kvöldið sem þau útskrifast. Daginn eftir skilur leiðir. Hvar verða þau sama dag að ári? Og árið þar á eftir?

Næstu tuttugu árin er gripið niður í líf þeirra þennan dag – 15. júlí – og fylgst með því hvernig þau lifa hvort sínu lífi, þótt þau geti aldrei almennilega hvort án annars verið.

ENNEMM / SÍA / NM47612

Eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872

# Fólk

folk@frettabladid.is



**13 TÓNLISTARMENN**, þar á meðal Bob Dylan og Jack White, koma fram á nýrri plötu með áður óútgefnum lögum eftir kántrígoðsögnina Hank Williams. Búin voru til lög úr þrettán lagahugmyndum og textum eftir Williams og kemur platan út 3. október.

## Ljúka tónleikaferð

**Félagarnir Friðrik Ómar og Jógvan ljúka tónleikaferðalagi sínu um landið með tvennum tónleikum í tilefni Fiskidagsins mikla á Dalvík, heimabæ Friðriks Ómars. Báðir tónleikarnir fara fram í Dalvíkurkirkju. Þeir fyrri verða eftir fiskisúpuna í kvöld kl. 22 og þeir síðari verða annað kvöld kl. 20. Miðasala er við innganginn. Flutt verða lög af plötunni Vinalög sem inniheldur íslensk og færeysk dægurlög. Eins og Fréttablaðið greindi frá á dögunum eru þeir með nýja barnaplötu í bígerð og kemur hún út fyrir jól.**



**KOMNIR TIL DALVÍKUR** Friðrik Ómar og Jógvan ætla að syngja lög af plötunni Vinalög á Dalvík. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Leonardo DiCaprio launahæstur

**Leonardo DiCaprio hefur tekið fram úr Johnny Depp sem launahæsti leikarinn í Hollywood. Samkvæmt tímaritinu Forbes hefur DiCaprio þénað 77 milljónir dala undanfarið ár, eða tæpa níu milljarða króna. Depp er í öðru sæti með fimmtíu milljónir dala og á eftir honum er gamanleikarinn Adam Sandler með fjörutíu milljónir. Í fjórða og fimmta sætinu eru Will Smith og Tom Hanks. Í síðasta mánuði var listi yfir launahæstu konurnar birtur. Þá voru Angelina Jolie og Sarah Jessica Parker efstar með 35 milljónir dala í tekjur.**



**Á FYRIR SALTI Í GRAUTINN** Leonardo DiCaprio á fyrir salti í grautinn og rúmlega það.

# Reif í rassinn á Gay Pride

**Óli Hjörtur Ólafsson heldur klúbbakvöldið Reif í rassinn á laugardagskvöldið í tengslum við Gay Pride. Nafnið er grípandi og tilvísun í Reif-safndiskana sem voru einu sinni vinsælir.**

„Þetta verður fyrir alla þá sem vilja hlusta á vandaða klúbbatónlist á Gay Pride," segir Óli Hjörtur Ólafsson, sem stendur fyrir klúbbakvöldinu Reif í rassinn á laugardaginn.

„Við vorum nokkur sem fengum þessa hugmynd vegna þess að okkur langaði að halda alvöru klúbbakvöld í Reykjavík og tengja það við Gay Pride," segir Óli Hjörtur en hann kveðst ekki vera mikill aðdáandi popptónlistarinnar sem er einkennandi í dag. „Ég er ekki mikið fyrir þá tónlistarstefnu og ekki vinir mínir heldur. Þessa vegna töldum við vanta kvöld eins og þetta á Gay Pride."

Óli Hjörtur ákvað að gefa kvöldinu hið grípandi nafn Reif í rassinn, og er það tilvísun í Reif-safndiskana sem voru allsráðandi fyrir nokkrum árum. Kvöldið verður haldið á skemmtistaðnum Faktóry eða „Fagtórý" eins og Óli Hjörtur hefur endurnefnt staðinn þetta eina kvöld.

Frítt er inn á klúbbakvöldið og hefst gleðin klukkan 22.



**KLÚBBAKVÖLD** Óli Hjörtur Ólafsson stendur fyrir klúbbakvöldi á Faktóry á laugardaginn í tengslum við Gay Pride. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Tvö dansgólf verða á staðnum, eitt bleikt þar sem boðið verður upp á hústónlist (e. house) og eitt svart herbergi þar sem mínimalískt teknó hljómar. „Allir eru velkomnir, óháð kynhneigð, og ég lofa alls konar skemmtilegheitum." **- áp**





Lesendur gefa sér góðan tíma í Fréttablaðið




Það skiptir máli hvaða blað fólk gefur sér tíma til að lesa. Ný Prentmiðlakönnun Capacent Gallup staðfestir að **lesendur á aldrinum 12-59 ára gefa sér lengri tíma til að lesa Fréttablaðið en Morgunblaðið.** Við hlökkum til að færa ykkur fleiri góðar stundir í framtíðinni.

*Prentmiðlakönnun Capacent Gallup. Mældur er tími sem fer í lestur hvers eintaks Morgunblaðsins og Fréttablaðsins hjá lesendum á aldrinum 12-59 ára á öllu landinu.




Allt sem þú þarft...

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN



ÞAÐ ERU ENGIN HÖFT Í VIÐSKIPTUM Á VÍSI

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

Meiri Vísir.

vísir


## Setur aðsóknarmet

Yfir hálf milljón manna hefur lagt leið sína í Metropolitan Museum of Art listasafnið í New York til að berja sýningu Alexanders McQueen augum. Sýningin er komin á toppinn yfir aðsóknarmestu tískusýningar listasafnsins og fer á topp 20 yfir aðsóknarmestu sýningar allra tíma hjá safninu.

Á sýningunni er farið yfir feril McQueens sem fatahönnuðar frá upphafi. Allt frá útskriftarlínu hans hjá skólanum Central Saint Martins í London árið 1992 til síðustu fatalínu McQueens, sem var sýnd á tískupöllunum rétt eftir dauða hans í febrúar árið 2010.

Síðustu forvöð eru að sjá sýninguna sem lýkur hinn 7. ágúst og ætlar safnið að mæta mikilli eftirspurn með því að hafa opið til miðnættis alla helgina.



**EFTIRSÓTTUR** Sýning á fatalínum Alexanders McQueen frá upphafi í Metropolitan Museum of Art hefur slegið aðsóknarmet. NORDICPHOTO/GETTY



**FAGURT HANDBRAGÐ** Mikið er um fallegar flíkur á sýningu McQueens eins og sjá má á þessum tveimur kjólum.

## Rihanna aftur með æskuástinni sinni

Slúðurmiðlar vestanhafs fóru á fullt þegar sást til söngkonunnar Rihönnu í heitum dansi við karlmann í heimalandi sínu, Barbados. Rihanna vakti athygli fáklædd uppi á pallbíl í skrúðgöngu.

Nú hefur herramaðurinn verið nafngreindur en hann ku vera æskuást Rihönnu, Lucky Negus Sealy. Parið virðist vera búið að finna ástina á ný en söngkonan vinsæla og Sealy voru saman áður en hún sló í gegn. Sealy og Rihanna hafa haldið vináttunni sín á milli og huggaði hann hana eftir sambandsslitin við Chris Brown.



**FANN ÁSTINA Á NÝ** Rihanna er byrjuð aftur með æskuástinni frá Barbados. NORDICPHOTOS/GETTY


REYKJAVÍK
AKRANES
Skemmtilegt á Skaganum!
Það verður frábært veður á Akranesi um helgina. Af hverju ekki að skella sér á Skagann, leika sér og njóta lífsins?
Sól og slökun á Aggapalli
Grillskálinn í Garðalundi
Minigolf og leikir í Garðalundi
Langisandur
Fjölskylduganga á Akrafjall
Sund og skemmtileg söfn
Fjölbreytt verslun og þjónusta
Frábært tjaldsvæði!
Akraneskaupstaður
AlltafGaman
Því lífið er leikur


SUMAR ÚTSALA
LOKASPRETTUR
ENN MEIRI VERÐLÆKKUN
OXFORD SÓLSTÓLL
SPARIÐ 3.000
VERÐ ÁÐUR: 9.995
6.995
OREGON GARÐBORÐ
SPARIÐ 7.000
VERÐ ÁÐUR: 16.995
9.995
ÖRYGGISNET ÁÐUR: 16.990
9.990
SPARIÐ 7.000
TRAMPOLÍN ÁÐUR: 26.990
19.990
ALLIR BLÓMAPOTTAR OG GARÐSKRAUT 50% AFSLÁTTUR
50% AFSLÁTTUR
CUBA PLASTSTÓLL
VERÐ ÁÐUR: 1.895
995
50% AFSLÁTTUR
SALERNO GARÐSTÓLL
VERÐ ÁÐUR: 2.995
1.495
AMELIA GARÐBORÐ
SPARIÐ 20.000
VERÐ ÁÐUR: 44.990
24.990
SPARIÐ 2.500
OREGON GARÐSTÓLL
VERÐ ÁÐUR: 7.495
4.995
ALLAR SESSUR 50% AFSLÁTTUR
RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is

sport
sport@frettabladid.is

**GRINDAVÍK** hefur ákveðið að draga lið sitt úr keppni í Iceland Express-deild kvenna og Lengjubikarkeppni kvenna. Í stað þess hefur liðið verið skráð til þátttöku í 1. deildinni. Fjölnir, sem féll úr úrvalsdeildinni í vor, tekur sæti Grindavíkur í deildinni og verða því átta lið í henni sem fyrr. Grindvíkingar stefna á að byggja upp nýtt lið á næstu árum.



**LOGI** Hér í leik með FH á síðasta keppnistímabili. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Logi Geirsson hættur:

## Hættur vegna meiðslanna

**HANDBOLTI** Landsliðsmaðurinn Logi Geirsson hefur ákveðið að leggja skóna á hilluna vegna þrálátra axlarmeiðsla. Þetta tilkynnti hann í gær.

„Síðastliðin tvö ár hef ég verið að glíma við meiðsli í hægri öxl sem hafa gert mér erfitt fyrir að spila handbolta af fyrri krafti, þá íþrótt sem ég hef elskað frá barnsaldri,“ skrifaði Logi, sem segir að ferill sinn hafi farið fram úr hans björtustu vonum. Tvívegis varð hann EHF-bikarmeistari með Lemgo auk þess sem hann vann tvívegis til verðlauna á stórmótum með íslenska landsliðinu.

Nú síðast varð hann Íslandsmeistari með FH en Logi er einungis 28 ára gamall. - esá

Evrópudeild UEFA:

## KR tapaði í Georgíu

**FÓTBOLTI KR er úr leik í Evrópudeild UEFA eftir að hafa tapað fyrir Dinamo Tbilisi frá Georgíu, 6-1 samanlagt, í þriðju umferð forkeppninnar. Liðin mættust ytra í gær og unnu Georgíumenn 2-0 sigur.**

**Eftir 4-1 tap í fyrri viðureigninni var ljóst að möguleikar KR yrðu ekki miklir og ákvað Rúnar Kristinsson, þjálfari KR, að gefa leikmönnum tækifæri í gær sem lítið hafa spilað með liðinu í sumar.**

**Alberto Yague og Giorgi Kakhelishvili skoruðu mörk Dinamo í upphafi síðari hálfleiks og Jambul Jigauri fékk að líta rauða spjaldið undir lok leiksins.** - esá

# Kvaddi liðið með dýrmætu marki

**Helga Franklínsdóttir var hetjan í síðasta leiknum sínum með Stjörnunni í ár. Hún kom inn á í toppslag Pepsi-deildar kvenna í gær, fiskaði víti og skoraði síðan sigurmarkið í uppbótartíma sem tryggði liðinu 2-1 sigur á Val. Stjarnan er því með fimm stiga forskot á toppnum og komið með aðra hönd á Íslandsbikarinn.**

**FÓTBOLTI** Stjarnan er komin með aðra höndina á Íslandsmeistaratitilinn í knattspyrnu kvenna eftir dramatískan 2-1 sigur á Val í Garðabænum í gærkvöldi. Valskonur voru með yfirburði á vellinum fyrstu 60 mínútur leiksins en rautt spjald Caitlin Miskel gaf Stjörnustelpum líflínu sem þær nýttu til fullnustu.

Valskonur komu mun ákveðnari til leiks í Garðabænum í gærkvöldi. Þær höfðu yfirburði á öllum sviðum í fyrri hálfleik sem fór að mestu fram á vallarhelmingi heimaliðsins. Íslandsmeistararnir voru grimmir, brutu á andstæðingnum þegar þess þurfti og unnu alla seinni bolta. Einkenni liðs sem ætlar sér sigur. Stjörnustúlkur voru í hlutverki áhorfenda og til marks um baráttuleysi brutu þær aðeins einu sinni af sér í hálfleiknum.

Valur fékk fjölmörg færi í hálfleiknum en náði aðeins einu sinni að skora. Eftir hornspyrnu barst boltinn út í teig á aldursforsetann Laufeyju Ólafsdóttur. Laufey tók boltann á lofti og sendi í fjærhornið. Markið kom á 23. mínútu og óhætt að segja að það hafi legið í loftinu.

Valskonur voru 1-0 yfir í hálfleik og Stjörnukonur heppnar að vera enn inni í leiknum. „Valsliðið spilaði gríðarlega vel í fyrri hálfleik og við vorum óöruggar og hræddar. Svo eins og vanalega kemur liðið sterkara til liðs í seinni hálfleik,“ sagði Þorlákur Árnason þjálfari Stjörnunnar.

Upphafsmínútur síðari hálfleiksins voru rökrétt framhald þess fyrri. Gunnhildur Yrsa átti reyndar skot af 30 metra færi sem small í slánni snemma í hálfleiknum en annars sóttu Valskonur stíft en voru klaufar í vítateig Stjörnunnar. Það átti eftir að reynast dýrkeypt. Á 62. mínútu lágu Caitlin Miskel og Ásgerður Stefanía Baldursdóttir út við hliðarlínu eftir baráttu. Miskel virtist sparka í Ásgerði þegar boltinn var víðs fjarri og sú bandaríska var rekin út af.

„Hún sparkaði í mjöðmina á mér eftir að boltinn var farinn. Það er púra rautt,“ sagði Ásgerður. Atvikið kom upp úr engu og í raun óskiljanlegt hvers vegna Miskel gerði sig seka um þvílíkt dómgreindarleysi. Ástæða er til að ætla að Miskel hafi átt óuppgerðar sakir við Ásgerði.

„Nei, það var ekkert okkar á milli. Það er barningur á milli Stjörnunnar og Vals en ekkert persónulegt á milli okkar,“ sagði Ásgerður.

Áhorfendur voru vart búnir að tylla sér í síðari hálfleik þegar brotið var á varamanninum Helgu Franklínsdóttur innan teigs og vítaspyrna dæmd. Ásgerður tók vítið og skoraði af öryggi.

Það sem eftir lifði leiks var nokkurt jafnræði með liðunum. Í rauninni það jafnræði sem maður hefði reiknað með fyrirfram í toppslag deildarinnar. Stjörnustelpurnar hirtu hins vegar stigin þrjú í viðbótartíma þegar Helga var grimmust á fjærstöng og skallaði knöttinn í netið.

„Þetta var rosalegur rússíbani. Bæði lið voru farin að sættast á jafntefli. Við eftir slakan fyrri hálfleik og Valsararnir einum færri. Það var ekkert í spilunum. Svo er það þessi snilld hjá Írunni [Þorbjörgu Aradóttur] hvernig hún lagði upp markið. Var mjög róleg, plataði mann og Helga Franklín kórónaði frábæran dag,“ sagði Þorlákur.

Gunnar Borgþórsson, þjálfari Valsstelpna, var ekki á því að Valskonur hefðu verið orðnar sáttar með stigið.

„Nei, við ætluðum allan tímann að vinna og ég held að það hafi sést. Tíu Valsstúlkur litu út fyrir að vera tólf. Við pressuðum, hlupum og hlupum og ætluðum okkur sigur,“ sagði Gunnar sem taldi sitt lið hafa átt sigurinn skilinn í Garðabænum.

„Ég held að allir 850 sem voru að horfa hafi séð að af tveimur fótboltaliðum á vellinum er Valsliðið með yfirburðafótboltalið og þess vegna er svona súrt að fara heim tómhentur,“ sagði Gunnar.

Valur hefur orðið Íslandsmeistari undanfarin fimm ár og haft yfirburði í kvennaboltanum.

„Við erum náttúrulega að spila við stórveldi í íslenskum kvennabolta. Það er rosalega erfitt að brjóta niður hefðir en við erum að reyna,“ sagði Þorlákur og viðurkenndi að taflan lygi ekki. Titillinn væri að hverfa Garðbæingum úr sjónmáli. kolbeinntd@365.is



**BÁÐAR Á SKOTSKÓNUM Í GÆR** Laufey Ólafsdóttir úr Val í baráttunni við Ásgerði Baldursdóttur úr Stjörnunni. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

## ÚRSLIT

*Pepsi-deild kvenna*

**Stjarnan - Valur 2-1**
0-1 Laufey Ólafsdóttir (23.), Ásgerður Baldursdóttir, víti (67.), 2-1 Helga Franklínsdóttir (90.+1)

**ÍBV - Breiðablik 2-2**
0-1 sjálfsmark (38.), 1-1 Danka Podovac (50.), 1-2 Petra Rut Ingvadóttir (65.), 2-2 Danka Podovac, víti, (84.)

**Fylkir - Þór/KA 3-1**
1-0 Heiða Dröfn Antonsdóttir (10.), 1-1 Manya Makoski (25.), 2-1 Fjolla Shala (30.), 3-1 Fjolla Shala (35.)

**Grindavík - Afturelding 2-1**
1-0 Shanika Gordon (25.), 1-1 Sjálfsmark (26.), 2-1 Shanika Gordon (87.)

**KR - Þróttur 3-0**
(1-0 Katrín Ásbjörnsdóttir (7.), 2-0 Keli M Mclaughlin (24.), 3-0 Sigrún Inga Ólafsdóttir (57.)

*Upplýsingar að hluta frá Fótbolti.net*

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Stjarnan** | **12** | **11** | **0** | **1** | **35-10** | **33** |
| Valur | 12 | 9 | 1 | 2 | 34-10 | 28 |
| **Þór/KA** | **12** | **7** | **1** | **4** | **24-24** | **22** |
| ÍBV | 12 | 6 | 3 | 3 | 21-9 | 21 |
| **Fylkir** | **12** | **6** | **1** | **5** | **18-21** | **19** |
| Breiðablik | 12 | 5 | 2 | 5 | 21-22 | 17 |
| **Afturelding** | **12** | **3** | **2** | **7** | **13- 26** | **11** |
| KR | 12 | 2 | 4 | 6 | 12-17 | 10 |
| **Þróttur R.** | **12** | **1** | **3** | **8** | **13-28** | **6** |
| Grindavík | 12 | 1 | 1 | 10 | 10-33 | 4 |

*1. deild karla*

**Selfoss - Leiknir 1-0**
1-0 Ibrahima Ndiaye (63.)

Landsliðsmaðurinn Ingimundur Ingimundarson hefur skrifað undir eins árs samning við Fram:

# Þarf bara að smyrja ryðgaða sleggjuna

**HANDBOLTI** Íslenski landsliðsmaðurinn Ingimundur Ingimundarson gekk í gær til liðs við Fram. Ingimundur skrifaði undir eins árs samning en hann mun einnig koma að þjálfun hjá yngri flokkum félagsins.

„Framararnir höfðu samband við mig og ég ákvað að setjast niður með þeim um helgina. Síðan gerðist þetta fljótt og ég er mjög ánægður með þetta,“ sagði Breiðhyltingurinn.

Ingimundur hefur leikið erlendis frá árinu 2005 og komið víða við. Hann hefur leikið í Sviss, Danmörku, Noregi og Þýskalandi. Hann var síðast á mála hjá AaB í Álaborg.

„Í byrjun var stefnan að vera áfram úti. Ég gerði ákveðnar kröfur þarna úti en var ekki að detta í neitt nógu spennandi. Mér fannst fín tímasetning að koma heim. Ég er mjög ánægður með að vera búinn að ljúka þessu.“

Ingimundur hefur verið sterklega orðaður við lið Akureyrar í sumar og gerðu norðanmenn sér góðar vonir um að fá Ingimund.

„Ég sé enga ástæðu til þess að ræða það eitthvað. Ég var vissulega búinn að ræða við þá en er búinn að ganga frá eins árs samningi við Fram núna. Hef ekkert meira um það að segja,“ sagði Ingimundur.

Ásamt því að spila fyrir meistaraflokk félagsins mun Ingimundur þjálfa 3. flokk karla. Þá verður hann öðrum þjálfurum félagsins innan handar varðandi varnarleik.

Ingimundur hefur leikið 94 landsleiki fyrir Ísland og verið lykilmaður í varnarleik liðsins undanfarin ár. Landslið Íslands hefur nær eingöngu verið byggt upp af atvinnumönnum erlendis undanfarin ár. Ingimundur hefur ekki áhyggjur af sæti sínu í landsliðinu.

„Í rauninni ekki. Það er undir sjálfum mér komið að halda mér í góðu formi. Æfingakúltúrinn á Íslandi er mjög góður og betri en á mörgum stöðum erlendis. Það verður að koma í ljós hvort ég verð áfram í landsliðinu eða ekki. Stefnan er að sjálfsögðu að halda mér þar inni,“ segir Ingimundur, sem var í silfurliðinu í Peking 2008.



**FLOTTUR Í BLÁU OG HVÍTU** Ingimundur kann vel við sig í bláu og hvítu. Uppeldisfélag hans, ÍR, spilar í sömu litum og sömuleiðis íslenska landsliðið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hann segir eina af ástæðunum fyrir því að hann valdi Fram að þar fái hann tækifæri til þess að æfa og halda sér í toppstandi.

Ingimundur spilaði vinstri skyttu á sínum tíma en hefur undanfarin ár fyrst og fremst getið sér gott orð fyrir góðan varnarleik. Hann segist ekki vita hvaða hlutverk hann muni spila í sóknarleiknum með Fram.

„Það verður að koma í ljós. Ég er búinn að standa á teig í þrjú ár og spila vörn og hef þannig séð varla fengið að kasta bolta á æfingu. Ég hef engar áhyggjur af þessu. Þetta kemur með tímanum,“ sagði Ingimundur, sem segir sleggjuna enn vera til staðar. „Já, já, hún er kannski smá ryðguð en það þarf bara að smyrja hana.“ - ktd



BT
opið til 22 alla daga í Skeifunni
...gerir skólann skemmtilegri !!
Enginn sendingarkostnaður á fartölvum út á land... www.bt.is
VAXTALAUST 12
vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 12 mánaða
169.999
Fast Start á 4 sekúndum
SAMSUNG
Samsung RV711-S03
Skjár: 17,3" LED HD+
Örgjafi: Intel Core i5 480M - 2,66GHz - 3MB
Skjákort: NVIDIA GeForce 315M 1GB
Harður diskur: 500GB SATA 5400rpm
Vinnsluminni: 4GB DDR3 1066MHz
SAMSUNG
89.999
Samsung RV515-S01
Skjár: 15,6" LED HD
Örgjafi: AMD Dual-Core E-350 1.6 GHz
Skjákort: AMD Radeon HD 6470 1Gb
Harður diskur: 500GB SATA 5400rpm
Vinnsluminni: 4GB DDR3 1066MHz
ótrúlegt verð !!
SAMSUNG
119.999
VAXTALAUST 12
vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 12 mánaða
Samsung RV520-S03
Skjár: 15,6" HD LED (1366x768)
Örgjafi: Intel Core i5 2,3GHz 3MB
Skjákort: Nvidia GeForce GT520M 512MB
Harður diskur: 640GB SATA 5400rpm
Vinnsluminni: 4GB DDR3 1066MHz
SAMSUNG
129.999
Samsung RV720-S03
Skjár: 17,3" HD+ (1600x900)
Örgjafi: Intel Core i3-2310M 2,1GHz
Skjákort: Nvidia GeForce GT520M 1Gb
Harður diskur: 640GB SATA 5400rpm
Vinnsluminni: 4GB DDR3 1066MHz
VAXTALAUST 12
vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 12 mánaða
139.999
SAMSUNG
Samsung RV511-S01
Skjár: 15,6" LED HD
Örgjafi: Intel Core i3 380M - 2,53GHz - 3MB
Skjákort: NVIDIA GeForce 315M 1GB
Harður diskur: 500GB SATA 5400rpm
Vinnsluminni: 4GB DDR3 1066MHz
hp Pavilion g7
169.999
HP Pavilion g7
Skjár: 17,3" LED HD
Örgjörvi: Intel Core i5-480M - 2.66GHz - 3MB
Skjákort: AMD Radeon HD6470 1GB
Vinnsluminni: 4 GB DDR3 1066MHz
Harður diskur: 750GB 5400rpm Sata
28.999
BenQ
VAXTALAUST 12
vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 12 mánaða
Benq tölvuskjár 2220
Stærð: 22"
Tegund: LCD
Upplausn: 1920 x 1080 - FullHD
Skerpa: 40.000:1 - Dýnamísk
Svartími: 5ms
29.999
BenQ
Benq tölvuskjár 2320
Stærð: 23" 16:9
Tegund: LCD
Upplausn: 1920x1080 Pixla
Dýnamísk skerpa: 40.000:1
Birta: 300cd/m2
Tryggðu tölvuna þína það margborgar sig...
TM
Kynntu þér tækjatryggingu TM í verslunum BT
2.999
Gigabyte M7580
3.499
Gigabyte M7650
Tölvumýs frá 1.699 kr.
4.999
Verbatim þráðlaus mús
7.999
Verbatim Rapier V1
3.999
Logitech Ultrax Premium
3.999
Gigabyte KM7580 þráðlaust lyklaborð + mús
2.999
Gigabyte KM6150 lyklaborð + mús
Deskjet 1000
9.999
12.999
Deskjet 2050 All-in-One
18.999
SAMSUNG ML-1860 laser
Verbatim 500GB
16.999
minnislyklar frá 1.999 kr.
13.999
Verbatim 320GB
BT Skeifan - BT Glerártorg - S: 550-4444 - Vefverslun BT opið allan sólarhringinn - www.bt.is

## > Helen Hunt

„Ég les yfirleitt ekki það sem er skrifað um mig og alls ekki það sem er óviðeigandi.“

***Helen Hunt leikur í kvikmyndinni As Good as It Gets, sem segir frá manni sem forðast náin samskipti við annað fólk en með tímanum tengist hann gengilbeinu á veitingastað og homma í næstu íbúð sterkum böndum. Bæði Helen Hunt og Jack Nicholson hlutu Óskarsverðlaun fyrir leik sinn og er myndin sýnd á Stöð 2 kl. 22.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ NÍELS RÚNAR LEIÐIST STUNDUM ÚT Í GUÐSORÐIÐ

# *Á allt má nú horfa*

Maður sem er ekki áskrifandi að afruglara, á ekki gervihnattadisk eða annað slíkt hefur um fátt eitt að velja í sjónvarpi sem tekur aðeins við gamaldags sjónvarpsbylgjum. Þegar dagskrá ríkissjónvarpsins tekur upp á því að vera óbærileg, en slökkvitakkinn á fjarstýringunni er heldur ekki álitlegur kostur þá undirgengst áhorfandinn stundum útbreiðslu Biblíunnar orðs á Omega.



Margir þættir á þeirri stöð eru galnir, en ekki endilega svo galnir ef maður nálgast þá með réttu hugarfari. Til dæmis er hægt að ímynda sér að nemendur Listaháskólans séu þar með gjörning, maður getur sett sig í hneykslunarstellingar og út af fyrir sig er áhugavert að fá innsýn inn í menningu Biblíubeltisins svokallaða í BNA.

Gamlar upptökur af þýskum nunnum í hvítum kirtlum sem dansa í hringi og kyrja á ensku er kostuleg sýn. Þær eru afskaplega sætar og minna mann á móður Teresu.

Ísrael í dag er þáttur sem gengur þvert á viðteknar línur fjölmiðla í dag. Aðdáun á hinni guðs útvöldu þjóð og eftirsjá að hafa ekki fæðst gyðingur svífur þar yfir vötnum. Í þættinum má heyra setningar í líkingu við: „Sjáiði hvað grasið er grænt þarna! Áður en Ísraelar komu óx þarna enginn gróður,“ og: „Sjáiði, þarna er nýbúið að reisa verslunarmiðstöð á Gasa og allt fullt af ferskum ávöxtum!“

Í einum þættinum má sjá lágvaxinn sætan kall sem rekur guðlega símaþjónustu. Hann er alltaf að hjálpa fólki í gegnum Guð og reglulega klökknar hann yfir fegurð heimsins og öllum þeim kraftaverkum sem gerast stanslaust.

Uppáhaldsþátturinn minn er hins vegar maður sem dansar fyrir framan ómálaða Ikea-hillu með míkrófón í hendi og hreyfir varirnar við dramatíska ástarsöngva til Guðs. Hann mætti samt undirbúa sig betur því hann er ekki alveg með á nótunum.

### RÚV

**15.50 Leiðarljós** (e)
**16.35 Leiðarljós** (e)
**17.20 Mörk vikunnar**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Litlu snillingarnir** (6:12)
**18.23 Pálína** (26:28)
**18.30 Galdrakrakkar** (30:47)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.40 Andri á flandri** (4:6) (Vestfirðir) Útvarpsmaðurinn Andri Freyr Viðarsson fór á flakk um Ísland í sumar ásamt bolabítnum Tómasi á forláta húsbíl, Litla kút að nafni.
**20.15 Í mat hjá mömmu** (5:6) (Friday Night Dinner) Gamanþáttaröð um tvo bræður sem fara alltaf í mat til foreldra sinna á föstudagskvöldum.
**20.45 Háskólaferð** (College Road Trip) Metnaðarfull skólastúlka leggur land undir fót til þess að velja sér góðan háskóla að fara í og pabbi hennar fer með henni til þess að halda henni á beinu brautinni. Leikstjóri er Roger Kumble.
**22.10 Heimsmeistaramót íslenska hestsins** (4:5) Stutt samantekt frá keppni dagsins í Graz í Austurríki.
**22.30 Vera – Litli Lasarus** (Vera) Bresk sakamálamynd byggð á sögu eftir Ann Cleeves um Veru Stanhope rannsóknarlögreglumann á Norðymbralandi.
**00.05 Eichmann** (Eichmann) (e)
**01.40 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

### BÍÓ

**08.00 The Big Bounce**
**10.00 A Fish Called Wanda**
**12.00 TMNT: Teenage Mutant Ninja Turtles**
**14.00 The Big Bounce**
**16.00 A Fish Called Wanda**
**18.00 TMNT: Teenage Mutant Ninja Turtles**
**20.00 The Last Song**
**22.00 Body of Lies**
**00.05 The Rookie**
**02.05 Miss Congeniality 2: Armed and Fabulous**
**04.00 Body of Lies**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (4:175)
**10.15 60 mínútur**
**11.00 Life on Mars** (13:17)
**11.50 Making Over America With Trinny & Susannah** (5:7)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Friends** (19:24)
**15.00 Auddi og Sveppi**
**16.15 Ofuröndin**
**16.40 Ævintýri Tinna**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons** (7:21)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 The Simpsons** (11:23)
**19.45 So You Think You Can Dance** (14:23) Úrslitaslagurinn heldur áfram og aðeins 12 bestu dansararnir eru eftir í keppninni. Tónlistarmaðurinn Ólafur Arnalds kemur við sögu í þættinum en lag hans Brotsjór var valið við eitt dansatriðið.
**21.15 So You think You Can Dance** (15:23) Tíu dansarar eru eftir og nú kemur í ljós hvaða keppendur halda áfram og eiga áfram von um að vinna þessa stærstu danskeppni Bandaríkjanna.
**22.00 As Good as It Gets** Jack Nicholson og Helen Hunt fengu Óskarsverðlaun fyrir leik sinn í þessari frábæru gamanmynd. Aðalpersónan er kuldalegur og með eindæmum sérvitur náungi sem forðast náin samskipti við annað fólk. Örlögin haga því hins vegar þannig að hann tengist smám saman gengilbeinu á veitingahúsi og homma í næstu íbúð sterkum böndum.
**00.15 Redbelt**
**01.55 The X-Files: I Want to Believe**
**03.35 Mummy: Tomb of the Dragon Emperor**
**05.25 Fréttir og Ísland í dag**

### SPORT *besta sætið*

**18.00 Pepsi mörkin**
**19.10 Without Bias** Einstök heimildarmynd um körfuboltamanninn Len Bias sem lést langt fyrir aldur fram. Hann var stjarna í háskólakörfuboltanum og spáð frægð og frama í NBA. Hann þótti standa jafnfætis Michael Jordan í hæfileikum og það kom engum á óvart þegar meistaralið Boston Celtics valdi Bias í nýliðavalinu sumarið 1986. En aðeins tveimur dögum síðar lést Bias eftir ofneyslu á kókaíni.
**20.05 Community Shield 2011 - Preview Show** Hitað upp fyrir hinn árlega leik um Samfélagsskjöldinn þar sem meistarar meistaranna í enska boltanum eru krýndir. Það eru Englandsmeistarar Manchester United og bikarmeistarar Manchester City sem mætast á Wembley.
**20.35 Muhammad and Larry** Einstök heimildamynd um frægan boxbardaga í október 1980 þar sem Muhammad Ali og Larry Holmes börðust og áhrifin sem bardaginn hafði á þá báða.
**21.30 Box: Wladimir Klitschko - David Haye**
**23.05 Miami - Dallas**

### SPORT 2 *enski boltinn*

**17.50 Community Shield 2011 - Preview Show**
**18.20 Michael Owen** Skemmtileg þáttaröð um bestu knattspyrnumenn allra tíma. Að þessu sinni verður fjallað um Michael Owen sem sló kornungur í gegn með Liverpool og var valinn Knattspyrnumaður Evrópu árið 2001.
**18.45 Chelsea - Man. Utd.** Útsending frá leik Chelsea og Man. Utd í baráttunni um Samfélagsskjöldinn 2010.
**20.30 Football League Show** Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.
**21.00 Premier League World** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegu hliðum.
**21.30 PL Classic Matches: Liverpool - Arsenal, 1997**
**22.00 Community Shield 2011 - Preview Show** Hitað upp fyrir hinn árlega leik um Samfélagsskjöldinn þar sem meistarar meistaranna í enska boltanum eru krýndir.
**22.30 Valerenga - Liverpool**

### SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Dynasty** (16:28) (e)
**09.30 Pepsi MAX tónlist**
**16.35 Running Wilde** (9:13) (e)
**17.00 Happy Endings** (9:13) (e)
**17.25 Rachael Ray**
**18.10 Life Unexpected** (12:13) (e)
**18.55 Real Hustle** (5:10) (e)
**19.20 America's Funniest Home Videos** (27:50)
**19.45 Will & Grace** (20:27)
**20.10 The Biggest Loser** (23:26)
**21.00 The Biggest Loser** (24:26) Bandarísk raunveruleikasería um baráttu ólíkra einstaklinga við mittismálið.
**21.45 Away We Go** (e) Rómantísk gamanmynd frá 2009 með John Krasinski og Maya Rudolph í aðalhlutverkum.
**23.25 Parks & Recreation** (13:22) (e)
**23.50 Law & Order: Los Angeles** (20:22) (e)
**00.35 The Bridge** (5:13) (e)
**01.20 Smash Cuts** (19:52)
**01.45 Last Comic Standing** (9:12) (e)
**02.45 Whose Line is it Anyway?** (29:39) (e)
**03.10 Real Housewives of Orange County** (7:15) (e)
**03.55 Million Dollar Listing** (6:9) (e)
**04.40 Will & Grace** (20:27) (e)
**05.00 Pepsi MAX tónlist**

### SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**07.10 World Golf Championship 2011** (1:4)
**11.10 Golfing World**
**12.00 Golfing World**
**12.50 World Golf Championship 2011** (1:4)
**16.45 Inside the PGA Tour** (31:42)
**17.10 Golfing World**
**18.00 World Golf Championship 2011** (2:4)
**22.00 Golfing World**
**22.50 PGA Tour - Highlights** (28:45)
**23.45 ESPN America**

### EXTRA

**19.25 The Doctors** (164:175) Frábær spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir framúrskarandi læknar – sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum – veita afar aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.
**20.10 The Amazing Race** (12:12)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 The Amazing Race** (12:12) Fjórtánda þáttaröðin af kapphlaupinu mikla þar sem keppendur þeysast yfir heiminn þveran og endilangan með það að markmiði að koma fyrstir í mark og fá að launum eina milljón dala. Eins og áður eru keppendur afar ólíkir en allir með það sameiginlegt að vilja sigra.
**22.35 The Closer** (2:15) Sjötta serían af þessum hörkuspennandi þætti sem er einn af allra vinsælustu þáttunum á kapalstöðvunum í Bandaríkjunum. Kyra Sedgwick hefur verið tilnefnd til Golden Globe verðlauna 6 ár í röð fyrir túlkun sína á yfirlögreglukonunni Brendu Leigh Johnson sem stöðugt þarf að glíma við íhaldssemi og fríki karlanna í lögreglunni.
**23.20 The Good Guys** (2:20) Nýir þættir sem bæði eru hlaðnir spennu og gríni um löggu af gamla skólanum, Jack, og nútímalega lögreglumanninn, Dan.
**00.05 Sons of Anarchy** (2:13)
**00.50 The Doctors** (164:175)
**01.30 Fréttir Stöðvar 2**
**02.20 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

### N4

**18.15 Föstudagsþátturinn** Spjallþáttur um allt milli himins og jarðar.

### ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Heimastjórnin.
**21.00 Motoring** Stígur keppnis á torfæru fyrir austan.
**21.30 Kjúklingakræsingar** Matreiðsla á kjúklingum í eldhúsinu hjá Reykjagarði.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |





VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR 2 SPORT 2 SPORT+ 2 SPORT 3 2 SPORT 4 2 SPORT 5

## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 21.15**

**So You Think You Can Dance**

Fjörið heldur áfram í So You Think You Can Dance og núna eru tíu dansarar eftir. Þeir verða að standa sig í stykkinu eða eiga á hættu að vera sendir heim.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunfrúin **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Óskastundin **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Sagnaslóð **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Foreldrahlutverkið **14.00** Fréttir **14.03** Girni, grúsk og gloríur **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Og sólin rennur upp **15.25** Skrafað um meistara Þórberg **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Fimm fjórðu **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Í lok dags **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Töfrateppið **20.00** Leynifélagið **20.30** Góðan daginn, Grindvíkingur **21.30** Kvöldsagan: Ofvitinn **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.13** Litla flugan **23.00** Kvöldgestir **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

### BBC entertainment

**12.05** Keeping Up Appearances **12.35** Jane Eyre **13.25** Jonathan Creek **14.15** Deal or No Deal **14.50** Deal or No Deal **15.25** Deal or No Deal **16.00** Keeping Up Appearances **16.30** ,Allo ,Allo! **16.55** ,Allo ,Allo! **17.25** Fawlty Towers **18.00** Live at the Apollo **18.45** Live at the Apollo **19.30** Skavlan **20.20** Skavlan **21.10** Michael McIntyre's Comedy Roadshow **22.00** Live at the Apollo **22.45** Live at the Apollo **23.30** Skavlan **00.20** Skavlan **01.10** Michael McIntyre's Comedy Roadshow **01.55** Live at the Apollo

### DR 1

**13.15** Aftenshowet Sommer **14.00** Thomas og hans venner **14.15** Carsten og Gittes Vennevilla **14.30** Ernst i svømmehallen **14.35** Dyk Olli dyk **14.50** Mægtige maskiner **15.00** Kærlighed i ukendt land **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** På optagelse med Livets planet **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Hit med Sangen **19.00** TV Avisen **19.25** Sommervejret **19.35** Post Danmark Rundt 2010 **20.00** Den skjulte sandhed **21.50** The Devil's Own - En fjende iblandt os **23.35** Medicinmanden

### NRK 1

**09.15** Kjærlighetshagen **09.45** Kokkekamp **10.15** Berlin, Berlin **10.40** Berlin, Berlin **11.05** Niklas' mat **11.30** Lisa goes to Hollywood **12.00** Hvilket liv! **12.30** I Zlatans fotspor **13.00** Derrick **14.00** Sommeråpent **14.45** Ut i nærturen **15.00** Krøniken **16.00** Oddasat - nyheter på samisk **16.05** Nyheter på tegnspråk **16.10** Tilbake til 80-tallet **16.40** Distriktsnyheter **17.30** Riksarkivet **18.00** Friidrett **20.00** Landsskytterstevnet **21.00** Kveldsnytt **21.15** Kalde spor **22.55** Canal Road **23.40** Country jukeboks u/chat

### svt1

**12.30** När jag visste att jag var gay **13.10** Gomorron Sverige **14.00** Rapport **14.05** Undercover Boss **14.50** K-märkta ord **14.55** Från Lark Rise till Candleford **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Den verklige Karl-Oskar **16.45** Räddad av konstiga höns **17.10** Kulturnyheterna **17.20** Sverige i dag sommar **17.30** Rapport **17.52** Regionala nyheter **18.00** Friidrott **20.00** Nilecity 105,6 **20.35** Tootsie **22.30** Cecilie **00.05** Rapport **00.10** Återfödelsen **00.40** Försvunna **01.10** Rapport

Útsölulok

GÖTU-
MARKAÐUR

AÐEINS
3 DAGAR
EFTIR

DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

ER TITILLINN KOMINN Í ÁSKRIFT Á OLD TRAFFORD?
ENSKI BOLTINN
STÆRRI EN ALLT
TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT FYRIR 13. ÁGÚST

SPORT 2
enski boltinn

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



*„Í augnablikinu hringlar lagið The Edge of Glory með Lady Gaga í hausnum á mér."*

Georg Erlingsson Merrit, skipuleggjandi Draggkeppni Íslands.

# Moses Hightower syrgir Moses Hightower

„Þetta er töluvert áfall fyrir okkur," segir Andri Ólafsson, bassaleikari og annar söngvara hljómsveitarinnar Moses Hightower.

Bandaríski leikarinn Charles Aaron „Bubba" Smith lést á miðvikudag, 66 ára að aldri. Hann var þekktastur fyrir hlutverk sitt sem ljúfi risinn Moses Hightower í Police Academy-myndunum sem voru vinsælar á níunda áratug síðustu aldar. Andri og félagar nefndu hljómsveitina eftir persónu Smiths og voru slegnir að heyra um andlát leikarans.

Ætlar hljómsveitin að minnast Bubba Smith á einhvern hátt?

„Þetta bar mjög brátt að, þannig að við höfum ekki beinlínis haft mikinn tíma til undirbúnings. En við munum að minnsta kosti minnast hans með örfáum orðum á tónleikum í kvöld. Meira hefur ekki verið ákveðið," segir Andri, en Moses Hightower kom fram á tónleikum í Norðurpólnum á Seltjarnarnesi í gær.

Andri játar að meðlimir Moses Hightower séu aðdáendur Lögregluskólamyndanna, eða allavega upp að því marki sem það er hægt sem fullorðnir einstaklingar. „Ætli það sé ekki líklegt að hljómsveitin haldi Lögregluskólavöku," segir Andri og bætir við að hljómsveitin heiðri minningu leikarans með því að halda áfram að heita Moses Hightower. „Og halda áfram að gefa út plötur." - afb





**SORG** Hljómsveitin Moses Hightower syrgir nú leikarann Bubba Smith, sem lést á dögunum. Hann lék ljúfa risann Moses Hightower í Lögregluskólamyndunum á níunda áratugnum. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

# Berlínarsnúður á leið til Íslands

„Við höfum verið í sambandi við hann í fjögur ár. Hann er gríðarlega mikils metinn í Þýskalandi," segir Helgi Már Bjarnason úr útvarpsþættinum Party Zone á Rás 2.

Þýski plötusnúðurinn Henrik Schwarz spilar á stóru Party Zone-kvöldi sem verður haldið á Nasa 3. september. DJ Margeir hitar upp. Schwarz hefur verið verið einn áhrifamesti plötusnúður Berlínarborgar síðasta áratuginn og notið mikillar virðingar. Hann spilaði nýlega á Sonar-hátíðinni í Barcelona og hefur komið fram á djasshátíðum og í tónlistarhöllum á borð við Royal Festival Hall.

„Gengið er ekki hagstætt. Án samstillts átaks og góðra styrktaraðila værum við ekki að flytja inn þessa aðila. Það þarf að hugsa og pæla í öllum hliðum málsins til að svona gangi upp," segir Helgi Már um komu Schwarz til landsins.

Party Zone hefur áður flutt til landsins þýsku stuðboltana Timo Maas, Tiefschwarz, Stephan Bodzin, Marc Romboy og Booka Shade. Sá síðastnefndi spilaði í Laugardalshöll á síðasta ári á Eventhátíð CCP fyrir framan 3.500 manns.

Forsala miða á tónleikana á Nasa hefst eftir helgi á Midi.is og í verslunum Brims. - fb



**MIKILS METINN** Henrik Schwarz spilar á Party Zone-kvöldi á Nasa 3. september. NORDICPHOTOS/GETTY

Ástjarnarkirkja

**LEIKJANÁMSKEIÐ 8.–19. ÁGÚST.**

Tveggja vikna leikjanámskeið fyrir börn 6-9 ára verður haldið í Ástjarnarkirkju í Hafnarfirði 8.-19. ágúst. Þátttaka er ókeypis. Skráning og nánari upplýsingar eru á www.astjarnarkirkja.is

**krakkasíðan**

*krakkar@frettabladid.is*



**Ragnheiður Ingunn Jóhannsdóttir hefur leikið í atvinnuleikhúsi og talað inn á teiknimyndir frá unga aldri, í haust leikur hún í Galdrakarlinum í Oz.**

**Draumur að verða leikkona**

**Krakkasíðan er í helgarblaði Fréttablaðsins**



**Í FÍNU FORMI** Björgvin Gíslason spilar á sítarinn sinn. Endurútgáfa og tvennir tónleikar eru fram undan í tilefni sextugsafmælis hans. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**BJÖRGVIN GÍSLASON:** Í FÍNU ANDLEGU OG LÍKAMLEGU FORMI

# Sextug gítarhetja með endurútgáfu og tónleika

„Ég er í afskaplega fínu formi bæði andlega og líkamlega," segir gítarleikarinn snjalli Björgvin Gíslason.

Hann heldur upp á sextugsafmælið sitt 4. september með því að endurútgefa þrjár sólóplötur sínar í viðhafnarútgáfu og halda tónleika í Austurbæ og á Græna hattinum á Akureyri. „Ég hef aldrei haldið upp á afmælið mitt. Ég hef verið úti í Perú eða einhvers staðar. Mér fannst ágætt að gera þetta svona," segir Björgvin um tónleikana.

Hann hefur lengi verið talinn einn besti gítarleikari landsins og hefur spilað með þekktum sveitum á borð við Náttúru, Paradís, Pelican, Das Kapital og KK Band. Síðast vakti hann athygli fyrir gítarleik sinn á plötu Mugison, Mugiboogie.

Þrjú ár eru liðin síðan Björgvin keypti af Senu útgáfuréttinn að sólóplötum sínum þremur: Öræfarokk, Glettur og Örugglega, frá árunum 1977 til 1983. Þær tvær fyrstu komu aðeins út á vínyl og hafa verið ófáanlegar í mörg ár. Allar plöturnar hafa nú verið endurhljómjafnaðar (e. master) af Gunnari Smára Helgasyni, auk þess sem sonur Björgvins, Óðinn Bolli hjá Odinn Design, hannaði veglegan pakka utan um góðgætið og nefnist hann Björgvin Gíslason 3X. „Það var aldeilis kominn tími á að gefa þetta út. Ég hef ekki fengið spilun á þetta í útvarpi enda nennir enginn að setja rispaðan vínyl á fóninn," segir Björgvin. Hann hefur lítið spilað á tónleikum undanfarin ár en hefur haldið sér við með gítarkennslu á heimili sínu. Er alltaf nóg að gera? „Maður skrimtir. Maður hefur náð endum saman. Það er nóg fyrir gamlan hippa sem er ekki kröfuharður," segir hann í léttum dúr.

Með Björgvin á afmælistónleikunum verða þeir Ásgeir Óskarsson, Haraldur Þorsteinsson, Stefán Már Magnússon, Jón Ólafsson og Björn Jörundur Friðbjörnsson sem syngur. Miðasala hefst í dag á Midi.is. freyr@frettabladid.is

# Tveir í tjaldi á leynieyju

„Þetta er í fyrsta sinn sem ég er spurður hvort ég hafi reynslu af pólitísku starfi þegar ég er beðinn um að spila," segir plötusnúðurinn Margeir Ingólfsson.

Hann er á leiðinni til Svíþjóðar í nótt þar sem hann tekur þátt í tónlistarhátíðinni Secret Island Nation, ásamt Jóni Atla Helgasyni. Áfangastaðurinn er leyndarmál en Margeir veit þó að hann er einhvers staðar á vesturströnd Svíþjóðar.

„Þessi tónlistarhátíð er haldin á hverju ári en þetta er í fyrsta sinn sem við erum með," segir Margeir en hátíðin gengur út á að búa til lítið samfélag og hlusta á góða teknótónlist saman.

„Fólki er safnað saman frá Norðurlöndunum og Þýskalandi á eyjuna. Fyrsti dagurinn fer í það að stofna nýtt lýðveldi og skrifa stjórnarskrá. Þess vegna var ég spurður um pólitíska fortíð mína," segir Margeir en það á að stuðla að því að gestir lifi í sátt og samlyndi þessa fjóra daga sem hátíðin varir. „Ég hef komið víða við á lífsleiðinni og get eflaust hjálpað til við að skrifa hressandi stjórnarskrá. Svo leysist þetta upp í eitt stórt dansiball með tónlistaratriðum þar sem við spilum."

Margeiri var boðið að taka þátt í hátíðinni af bókaranum sínum í Þýskalandi og dró Jón Atla með sér. „Þetta er örlítið öðruvísi en að fara að spila á klúbbi úti í heimi. Ég er að pakka ofan í göngubakpokann og svo verðum við Jón Atli saman í tjaldi. Tveir í tjaldi á leynieyju," segir Margeir og hlær. -áp





**HÁTÍÐ Á LEYNIEYJU** Margeir Ingólfsson og Jón Atli Helgason ætla að spila á tónlistarhátíðinni Secret Island Nation sem er öðruvísi en gengur og gerist.

# ÓTRÚLEGI ÚTSÖLUMARKAÐURINN

## TIL 14. ÁGÚST Í LAUGARDALSHÖLL



# TÓNLIST LEIKFÖNG OG DVD

VERÐ FRÁ 99 KR.

KÍKTU UM HELGINA OG GERÐU GÓÐ KAUP

# 9 DAGAR EFTIR

RÚMLEGA 45.000 VÖRUR · NÝ TILBOÐ DAGLEGA

OPIÐ 11 - 19 ALLA DAGA

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póstdreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Ísland vinsælt í Hollywood

Sýningar á sjónvarpsþáttunum Game of Thrones hefjast brátt á Íslandi, en fyrsta þáttaröðin hefur slegið í gegn í Bandaríkjunum. Þættirnir eru gerðir eftir bókaflokki George R. R. Martin og er lýst sem blöndu af The Sopranos og Hringadróttinssögu. Gerð annarrar þáttaraðar er þegar hafin og hafa leikarar þáttanna nú staðfest að Ísland verði á meðal tökustaða eins og orðrómur hefur verið á kreiki um. Hvort skærasta stjarna þáttanna, **Sean Bean**, komi til Íslands er hins vegar óvíst þar sem einungis einn þriggja ólíkra söguþráða í þáttunum verður tekinn upp hér á landi.



### Amiina og Kenny Powers

Lagið Seoul með hljómsveitinni **Amiinu** hljómar í annarri syrpu þáttanna Eastbound & Down, sem fjalla um hinn óborganlega Kenny Powers. Þessir bandarísku gamanþættir hafa verið sýndir við töluverðar vinsældir upp á síðkastið og er því um góða kynningu að ræða fyrir Amiinu. Á meðal annarra tónlistarmanna sem eiga lög í þáttaröðinni eru rapparinn DMX, Bo Diddley og hinn sálugi Lee Hazlewood. Síðasta lagið sem Hazlewood tók upp áður en hann lést var einmitt Hilli (At the Top of the World) með Amiinu. **- mþl, fb**



### Mest lesið — vísir

1. Jón Stóri reyndi að svindla sér heim með Herjólfi
2. Endurheimti bíl úr óskilum frá Eyjum
3. Banaslys í Landssveit
4. Verulega grunsamlegur ökumaður stöðvaður
5. Ríkið greiddi fyrir flutning Sævars Ciesielski til Íslands
6. Jörðin hafði tvö fylgitungl


FORSÍÐA VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN



ÞAÐ ERU ENGIN HÖFT Í VIÐSKIPTUM Á VÍSI

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

Meiri Vísir. vísir





100 Mb/s ljósleiðari* á aðeins 1.995 kr.

Góði – 20 GB niðurhal – 100 Mb/s hraði

**20 GB erlent niðurhal**
**Verð 1.995 kr.**

Mildi – 50 GB niðurhal – 100 Mb/s hraði

**50 GB erlent niðurhal**
**Verð 2.995 kr.**

Stóri – 150 GB niðurhal – 100 Mb/s hraði

**150 GB erlent niðurhal**
**Verð 4.495 kr.**
0 kr. í 48 lönd í heimasíma
0 kr. í 10 lönd í farsíma

**Gagnvirkt sjónvarp yfir ljósleiðarann**

HD

Yfir 70 stöðvar og leiguviðmót þar sem þú getur horft á þitt sjónvarpsefni þegar þér hentar.
**Verð frá 549 kr.**

**Heimasími yfir ljósleiðarann**

0 kr. í alla heimasíma
14,9 kr. í alla farsíma
Engin upphafsgjöld
2,9 kr. í 48 lönd
**Verð 495 kr.**

Þjónustuver er opið alla virka daga frá 10-22 og um helgar frá 10-18 í síma 537 7000

www.hringdu.is

LJÓSLEIÐARINN

* Heimili greiða 2.410 kr. á mánuði fyrir aðgang að Ljósleiðaranum til Gagnaveitu Reykjavíkur

Hringdu
- Það er ódýrara